

skoðun 12




3 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Markaðurinn
Fólk
Heitir Pottar





# FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur
25. apríl 2012
96. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup júlí - september 2011




## Á réttri leið með jóga

*Estrid Þorvaldsdóttir og Þórgunnur Ársælsdóttir hljóta viðurkenningu Landspítalans.*

**tímamót 16**

## Ný plata frá Bubba

*Bubbi Morthens sendi frá sér plötu í gær og hyggst setjast aftur í dómarasætið í maí.*

**popp 30**



## Kraftaverkamaðurinn

*Roberto Di Matteo kom Chelsea í úrslitaleik Meistaradeildar Evrópu.*

**sport 26**

## veðrið í dag




**HÆGLÆTISVEÐUR** Í dag má búast við hægum vindi víðast hvar en aðeins hvassara verður við SA-ströndina. Víða verður skýjað með köflum en léttir heldur til norðvestanlands er líður á daginn.

**VEÐUR 4**

# Þingmál ná ekki í nefndir

**Engin sátt er um hvernig dagskrá Alþingis verður fram á vor. Alls liggja 93 stjórnarfrumvörp fyrir þingi og 29 stjórnartillögur. Aðeins tvö mál hafa verið samþykkt til nefndar eftir páska. Ásakanir um málþóf.**

**ALÞINGI** Algjör óvissa ríkir um hvernig starfi Alþingis verður háttað fram á vor. Alls liggja 93 stjórnarfrumvörp fyrir Alþingi og 29 stjórnartillögur. Ljóst er að ekki tekst að ljúka þeim málum fyrir sumarleyfi, en þingi á samkvæmt dagskrá að ljúka 31. maí.

Frá því að þing tók aftur til starfa eftir páskafrí hafa aðeins tvö mál verið samþykkt til þingnefndar, tillaga um breytingu á stjórnarráði og Rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúrusvæða.

Björn Valur Gíslason, formaður þingflokks Vinstri grænna, sakar stjórnarandstöðuna um að ástunda nýja tegund af málþófi sem felist í því að málum sé ekki hleypt til nefnda. „Þau eru búin að hertaka löggjafasamkunduna.“

Stjórnarandstæðingar sem Fréttablaðið ræddi við sökuðu stjórnina hins vegar um að forgangsraða ekki þeim málum sem ljúka ætti á yfirstandandi þingi. Sigurður Ingi Jóhannsson, varaformaður þingflokks Framsóknarflokksins, segir stjórnina hafa komið fram með mál sem gríðarlegur ágreiningur sé um í stjórnarflokkunum sjálfum. Alla forgangsröðun vanti.

„Það hefur komið til tals á þingflokksformannafundum og forsætisnefndarfundum að það sé nauðsynlegt að fá fram forgangsröðun ríkisstjórnarinnar á þeim málum sem hún vilji klára, því augljóst sé að öll mál verði ekki kláruð.“

Sigurður segir að því lengur sem það dragist því færri mál muni klárast.

Björn Valur segir hins vegar að ljóst sé á hvaða mál stjórnin leggi áherslu: kvótann, Rammaáætlun og breytingar á stjórnarráði. Þessi mál hafi komið fram fyrir tilskilinn frest og stefna stjórnarinnar varðandi þau sé ljós og því verði ekki samið um þau.

„Það er hins vegar óheilbrigt að ekki skuli vera hægt að taka þetta til umfjöllunar í nefndum, þar sem þingmenn og aðrir í samfélaginu sem hafa áhuga á málinu geta komið að þeim og haft áhrif á þau.“

Magnús Orri Schram, formaður þingflokks Samfylkingarinnar, segir mikilvægt að koma málum eins og Rammaáætlun sem fyrst til nefndar. Í annarri umræðu sé hægt að fjalla efnislega um umsagnir og faglega vinnu nefndarinnar.

„Svo virðist hins vegar að það sé stefna stjórnarandstöðunnar að hægja verulega á öllum málum.“

Heimildir Fréttablaðsins herma að andrúmsloft á Alþingi sé við frostmark. Dómur Landsdóms hafi ekki bætt þar á. Á meðan ekki er samið um þingstörf bíður fjöldi mála umfjöllunar.

Af öðrum málum sem gætu orðið tímafrek má nefna breytingar á stjórnarskránni, en tæpur mánuður er síðan þær voru ræddar. **- kóp**

### 93 stjórnarfrumvörp bíða enn afgreiðslu á Alþingi

| | |
|---|---|
| Framlögð á þessu þingi | 126 |
| Samþykkt | 33 |
| Bíða 1. umræðu | 51 |
| Í nefnd á milli 1. og 2. umr. | 28 |
| Bíða 2. umræðu | 10 |
| Í nefnd á milli 2. og 3. umr. | 2 |
| Bíða 3. umræðu | 2 |



**BLÓMARÓSIR** Ráðhús Reykjavíkur iðaði af lífi í gær þegar á annað hundrað kvenna á öllum aldri komu saman til að sauma og sníða Mæðrablóm í hundraðavís. Blómin verða boðin til sölu til að byggja upp menntunarsjóð á vegum Mæðrastyrksnefndar. Sjóðurinn mun styrkja tekjulágar konur til að bæta við sig menntun og veita þeim þannig ný tækifæri. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Með tvær plötur tilbúnar:

## Plata frá Sigur Rós á næsta ári

**TÓNLIST Hljómsveitin Sigur Rós er með aðra plötu í undirbúningi sem mun fylgja eftir plötunni Valtara sem kemur út 28. maí. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er þessi óvænta plata þegar tilbúin og verður gefin út á næsta ári. Hún mun vera gjörólík hinni rólegu og innhverfu Valtara.**



JÓN ÞÓR BIRGISSON

**Hljómsveitin er þessa dagana stödd í Bretlandi þar sem hún kynnir Valtara fyrir þarlendum fjölmiðlum. Sveitin spilar á fjölda tónlistarhátíða víða um heim í sumar. Þar að auki spilar hún ein á báti á níu tónleikum og er uppselt á alla nema eina.**

**- fb /** **sjá síðu 30**

Kröfum á Bakkavör Group mun verða breytt í hlutafé á næstunni:

# Bræðurnir munu tapa Bakkavör

**VIÐSKIPTI** Bakkavör Group, móðurfélag rekstrarfélagsins Bakkavarar, mun breyta kröfum sínum á félagið í nýtt hlutafé á næstu dögum. Umbreytingin á sér stað rúmum tveimur árum fyrr en upphaflega var áætlað. Bræðurnir Lýður og Ágúst Guðmundssynir áttu að geta eignast allt að 25 prósent í félaginu sem þeir stofnuðu, ef tækist að greiða kröfuhöfum fyrir mitt ár 2014. Nú er ljóst að þeir munu tapa allri eign sinni í Bakkavör Group.

Stærstu eigendur félagsins eru Arion banki, skilanefnd Glitnis, Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, Gildi lífeyrissjóður og Lífeyrissjóður verzlunarmanna. Heildarfjárhæð skulda Bakkavar Group nam um 64 milljörðum króna við gerð nauðasamnings félagsins fyrir um tveimur árum.

Bakkavör Group endurfjármagnaði lán dótturfélaga sinna í byrjun síðasta árs með því að gefa út 350 milljónir punda, 71,5 milljarða króna, skuldabréfaflokk og fá sambankalán upp á 380 milljónir punda, 77,7 milljarða króna. Skuldabréfaflokkurinn er á gjalddaga í febrúar 2018 en sambankalánið um mitt ár 2014.

**- þsj /** **sjá Markaðinn**









## SPURNING DAGSINS



*Rökkvi, hlógu Þjóðverjarnir bara að þér?*

*„Já, allir – nema þessi 99,9 prósent þjóðarinnar sem hafa ekki húmor.“*

Uppistandarinn Rökkvi Vésteinsson reyndi nýlega fyrir sér sem uppistandari í Berlín. Grínaðist Rökkvi á þýsku og fékk misjafnar undirtektir eftir áhorfendum.

Biskupsefnin tvö eru róleg í tíðinni og æðrulaus yfir úrslitum dagsins:

# Nýr biskup verður valinn í dag

**ÞJÓÐKIRKJAN** Nýr biskup þjóðkirkju Íslands verður valinn í dag. Talningu í seinni umferð atkvæðagreiðslu um biskupskjörið lýkur seinni partinn, en hún hefst klukkan tíu. Talningin fer fram á háalofti Dómkirkjunnar, líkt og hefur tíðkast áður.

Eftir fyrri kosninguna, standa þau Agnes M. Sigurðardóttir, sóknarprestur í Bolungarvík, og Sigurður Árni Þórðarson, prestur í Neskirkju, eftir sem möguleg biskupsefni. Agnes fékk 131 atkvæði, eða 27,5 prósent. Sigurður Árni fékk 120 atkvæði, eða 25,2 prósent.

Agnes segist afar róleg yfir úrslitum dagsins. „Ég er ekkert spennt og tek þessu með ró,“ segir hún. „En ég er nokkuð bjartsýn.“

Sigurður Árni tekur í sama streng: „Ég er fullkomlega æðrulaus yfir þessu og hef gaman af,“ segir hann. „Þetta er bara eins og í fótboltanum, það er annað liðið sem vinnur.“

Alls voru 502 seðlar sendir út og var þátttaka góð samkvæmt upplýsingum frá Biskupsstofu. - sv



**AGNES** Agnes starfar sem sóknarprestur í Bolungarvík og fékk flest atkvæði í fyrri umferð biskupskosningarinnnar.



**SIGURÐUR ÁRNI** Sigurður Árni er prestur í Neskirkju og hlaut næstflest atkvæði í fyrri umferðinni.

Fjölskylduhjálp Íslands:

## Sumarklipping stendur til boða

**SAMFÉLAGSMÁL** Fjölskylduhjálp Íslands mun í dag bjóða skjólstæðingum sínum upp á sumarklippingu.

Fjölskylduhjálpin hefur boðið nokkrum sinnum upp á slíka þjónustu síðustu misseri, en í dag verður opið í klippingu á milli 10 og 16 í dag, í húsnæði fjölskylduhjálparinnar við Eskihlíð.

Fjölskylduhjálpin vill taka fram að mikilvægt er að fólki mæti með nýþvegið hárið. Þá verður einnig matarúthlutun í dag. - þj

Tvær teknar með eiturlyf:

## Með sveppate og hassköku

**LÖGREGLUMÁL** Íslensk kona á þrítugsaldri var handtekin á Keflavíkurvelli um helgina vegna gruns um að hafa komið með fíkniefni til landsins. Við rannsókn kom í ljós að konan var með fimm skammta af sveppatei, bakaða hassköku og fjórar e-töflur í fórum sínum. Lögreglunni á Suðurnesjum barst tilkynning um málið frá tollgæslunni í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Þá tilkynnti tollgæslan um aðra konu sem grunuð var um að hafa fíkniefni í farteskinu. Í ljós kom að hún var með eina e-töflu í farangri sínum. - sv

Dæmdur í ársfangelsi:

## Á sakaferil allt frá árinu 1999

**DÓMSTÓLAR** **Maður á þrítugsaldri var í gær dæmdur í ársfangelsi fyrir ítrekaðan akstur undir áhrifum fíkniefna, önnur umferðarlagabrot, fíkniefnabrot og vopnalagabrot. Þá var hann sviptur ökurétti ævilangt.**

**Brotin voru framin á árunum 2010 og 2011, en maðurinn, sem er fæddur í júlí 1984, á sér óslitinn sakaferil frá 1999.**

**Tekið var af manninum 3,41 gramm af amfetamíni og CS-gasvopn. Þá var manninum gert að borga tæpar 176 þúsund krónur í málsvarnarlaun og tæpar 912 þúsund annan sakarkostnað.** - óká

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Með kannabis í nærbuxum

Lögreglan á Suðurnesjum fann fjóra poka af hvítu efni fyrir utan eldhúsglugga við húsleit um helgina. Ung kona sem stödd var í íbúðinni viðurkenndi að eiga efnið. Síðar kom einnig í ljós að hún hafði falið poka af kannabisefni í nærbuxum sínum. Að sögn lögreglu veitti konan mikla mótspyrnu við handtöku.

# Leiðin frá hugmynd að frumgerð oft löng

**Verkfræðinemar hanna og smíða margvísleg tæki. Prófessor segir um að ræða mikilvæga reynslu fyrir nemendur. Leiðin frá hugmynd að fullbúinni frumgerð taki tíma. Ungur hönnuður segir þróunarferlið bæta miklu í reynslubankann.**



**LETINGJAGRÆJA** Hönnuðir boltakastarans segja tækið hannað fyrir lata hundaeigendur til þess að hundar geti sjálfir skotið boltum til að sækja. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**TÆKNI** Sjálfvirkur pitsuskeri, boltakastari fyrir lata hundaeigendur og golfkerra framtíðarinnar voru meðal nýstárlegra tækja sem gaf að líta á sýningu verkfræðinema Háskóla Íslands í gær.

Um var að ræða prófverkefni í námskeiðinu Tölvustýrður vélbúnaður, en þar fá nemendur að þróa hugmynd og fylgja henni allt fram að fullgerðu tæki.

„Þetta er árlegur viðburður hjá okkur og það hafa komið mjög skemmtilegar og fjölbreyttar hugmyndir í gegnum árin,“ segir Magnús Þór Jónsson prófessor í samtali við Fréttablaðið.

Hann segir námskeiðið gefa nemendum skýra innsýn í ferlið sem liggur á bak við þróun og gerð véla.

„Þetta sýnir þeim hversu langur vegur er milli hugmyndar og frumgerðar. Sú leið er oft erfið og krefst þolinmæði, en þau læra mikið af þessari vinnu og ekki síst mistökunum.“

Magnús segir námskeiðið oft hafa reynst góður stökkpallur fyrir nemendur yfir á vinnumarkaðinn. Marel og Össur hafa meðal annars komið að námskeiðinu og margir nemendur jafnvel hafið störf hjá þeim og öðrum nýsköpunarfyrirtækjum eftir námið.

Ein af skemmtilegri hugmyndum þessa árs er boltakastarinn fyrir lata hundaeigendur. Tækið er hannað með það fyrir augum að hundurinn geti hlaðið tækið sjálfur. Það virkar eins og lásbogi og þegar boltinn er lagður á réttan stað, dregst tækið til baka og skýtur boltanum.

Arnar Lárusson, einn hönnuða tækisins segir hugmyndina eiga sér einfalda sögu.

„Hjálmar, einn úr hópnum okkar, er einmitt latur hundaeigandi og við unnum þetta út frá hans pælingu.“

Arnar bætir því við að þetta námskeið veiti afar góða reynslu, fyrst og fremst til að beita þekkingu sinni við raunverulegar aðstæður.

„Verkfræðin er afar strembið nám og þetta er í raun í fyrsta sinn sem við fáum tækifæri til að beita okkar kröftum og þekkingu sem við höfum viðað að okkur síðustu þrjú ár. Þá kemur í ljós að við getum gert ýmislegt.“

Aðspurður hvort þeir hyggi á fjöldaframleiðslu á boltakastaranum segir Arnar það óvíst.

„Ég veit ekki alveg með okkar tæki, en það voru margar góðar hugmyndir í námskeiðinu og örugglega tækifæri til að þróa ýmislegt áfram.“

thorgils@frettabladid.is



**FJÖLBREYTT FRAMTÍÐARTÓL** Á meðal verkefnanna þetta árið var sjálfvirkur pitsuskeri.



**HIN NÝJA TÍMALÍNA FACEBOOK** Um 125 milljónir af nýjum vinasamböndum verða daglega til á Facebook. NORDICPHOTOS/GETTY

3,2 milljarðar „like-a“ á dag:

## 900 milljónir nota Facebook

**VIÐSKIPTI** **Fjöldi notenda á samskiptavefnum Facebook nálgast nú milljarð. Nú eru skráðir meira en 900 milljón notendur á síðunni.**

**Frá því er greint á Vísi að fjöldi notenda hefur aukist um 220 milljónir á einu ári og daglegum notendum fjölgað úr 372 milljónum í fyrra í 526 milljónir.**

**Tekjur vefsins námu ríflega einum milljarði dollara, sem eru tæplega 128 milljarðar króna. Á hverjum degi mælast 3,2 milljarðar af „like“ eða „líkar við“, yfir 300 milljónum mynda er hlaðið inn á Facebook-veggi og 125 milljón vinasambönd verða til.** - sv

Ráðherra svarar þingmanni:

## RÚV fær enga styrki frá ESB

**FJÖLMIÐLAR** RÚV tekur ekki við styrkjum eða öðrum fjármunum frá Evrópusambandinu eða stofnunum sem því eru tengdar til að kynna starfsemi ESB eða til fréttaöflunarferða eða dagskrárgerðar.

Þetta kemur fram í svari mennta- og menningarmálaráðherra við fyrirspurn Ásmundar Einars Daðasonar, þingmanns Framsóknarflokksins, um fjárhagsleg tengsl RÚV og ESB og reglur sem gilda þar um. - sv




Flestir erlendir fjölmiðlar fjalla um landsdómsmálið á Íslandi:

# Ólíkar áherslur í fyrirsögnum

**FJÖLMIÐLAR** Í frásögnum erlendra fjölmiðla af úrskurði Landsdóms er í fyrirsögnum ýmist lögð áhersla á að Geir Haarde hafi verið sakfelldur í einum ákærulið af fjórum, eða að dómstóllinn hafi ekki séð ástæðu til að gera honum refsingu.

„Fyrrverandi forsætisráðherra Íslands er meðsekur í fjármálakreppunni,“ segir til dæmis í þýska tímaritinu Der Spiegel, en norska dagblaðið Aftenposten segir: „Fyrrverandi forsætisráðherra Íslands sleppur við refsingu fyrir aðild sína að bankahruninu.“

Fjallað er um málið meðal annars í dagblöðunum The New York Times, The Guardian, Financial Times og Le Monde, skýrt frá niðurstöðum dómstólsins en ekki farið ítarlega ofan í málavöxtu.

Víða er tekið fram að Geir Haarde sé fyrsti þjóðarleiðtoginn, og jafnvel fyrsti stjórnmálamaðurinn, sem dreginn hefur verið fyrir dóm vegna athafna sinna eða athafnaleysis í aðdraganda fjármálakreppunnar 2008.

Vitnað er í orð Geirs um að málaferlin hafi verið fáránleg og dómurinn sé hlægilegur. - gb



**GEIR HAARDE RÆÐIR VIÐ FJÖLMIÐLA** Málið hefur vakið athygli erlendis. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is
Tilboðin gilda til 29.04.12



SPARIÐ 20.000



STÆRÐ: Ø 305 sm.

TRAMPÓLÍN + ÖRYGGISNET FULLT VERÐ: 49.980

**29.980**

**TRAMPÓLÍN**
Flott og gott trampólín í garðinn eða á pallinn. Stærð: H70 sm. Ø: 305 sm.
Trampólín **29.990** Öryggisnet **19.990** Stigi **3.495** Aukahlíf stærð: Ø 350 sm. **4.995**
Einnig fáanlegt í stærð Ø 4,27 mtr. Trampolín með neti, fullt verð **69.980** nú 55.000

# FRÁBÆR TILBOÐ!



40%

FULLT VERÐ: 9.995

**5.890**

**RAPHAEL SÓLSTÓLL**
Traustur og nýtískulegur sólstóll úr stáli og sterkum striga.
Fæst í gráum og grænum lit.



50%

BORÐ + 2 STÓLAR FULLT VERÐ: 19.990

**9.995**

**ALESSANDRIA BORÐ + 2 STÓLAR**
Borð úr gegnheilum harðviði. Stærð: B59 x L59 sm. Góðir stólar sem hægt er að leggja saman.



2 STK.

FULLT VERÐ: 2.995

**2.495**

SPARIÐ 500

**GÖNGUSTAFIR**
Góðir göngustafir, hægt að stilla lengd á stöfum.
Fáanlegir í 2 litum.




28%

FULLT VERÐ 349

**249**

**KRÍTARBOX**
20 stk. í pakka á frábæru verði!



41%

1 STK. FULLT VERÐ 1.695

**995**

**HARÐVIÐAROLÍA OG TEKKOLÍA**
1 lítra brúsar á frábæru verði.




VERÐ FRÁ

**449**

**PLASTBOLTAR**
Á frábæru verði!



SPARIÐ 19.960

4 STK.

1 STK. FULLT VERÐ: 12.995
NÚ 4 STK. AÐEINS

**32.000**

**PRISCA GARÐSTÓLL**
Staflanlegur armstóll á frábæru verði!

## GENGIÐ 24.04.2012

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 126,24 | 126,84 |
| Sterlingspund | 203,86 | 204,86 |
| Evra | 166,03 | 166,95 |
| Dönsk króna | 22,313 | 22,443 |
| Norsk króna | 21,984 | 22,114 |
| Sænsk króna | 18,711 | 18,821 |
| Japanskt jen | 1,5532 | 1,5622 |
| SDR | 194,89 | 196,05 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

228,5278

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Þrenn stór hagsmunasamtök skila sameiginlegri umsögn um kvótafrumvörpin:

# Sammála um ókosti frumvarpa

**SJÁVARÚTVEGUR** Landssamband útvegsmanna (LÍÚ), Samtök fiskvinnslustöðva (SF) og Samtök atvinnulífsins (SA) hafa skilað Atvinnuveganefnd Alþingis sameiginlegri umsögn um frumvörp um stjórn fiskveiða og veiðigjald.

Samtökin skora á stjórnvöld að draga frumvörpin til baka með þeim orðum að „sátt um endurskoðun á lögum um stjórn fiskveiða næst ekki nema með aðkomu atvinnugreinarinnar sjálfrar, þeirra sem best þekkja til starfsemi sjávarútvegsins“.

Með umsögn LÍÚ, SF og SA fylgja álitsgerðir LEX lögmannsstofu og endurskoðunarfyrirtækisins Deloitte, sem voru unnar að beiðni LÍÚ.

Í áliti LEX lögmannsstofu eru gerðar alvarlegar athugasemdir við veiðigjaldafrumvarpið. Kemur fram að „það fyrirkomulag sem felst í frumvörpunum fái ekki staðist eignarréttarákvæði 72. greinar stjórnarskrárinnar án þess að til bótaskyldu ríkisins stofnist“.

Af 75 sjávarútvegsfyrirtækjum sem endurskoðunarfyrirtækið Deloitte hefur lagt mat á verða 53 gjaldþrota ef frumvörpin ná fram að ganga. Þá segir að frumvörpin muni hafa mjög neikvæð keðjuverkandi áhrif á fyrirtæki í tengdum greinum og sveitarfélög um land allt. - shá



**SPÁ GJALDÞROTI** Mat hagsmunasamtaka er að boðaðar breytingar valdi fjöldagjaldþroti. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Tvær meiddust í vinnuslysi:

# Kar fullt af fiski axlarbraut konu

**LÖGREGLUMÁL** Kona axlarbrotnaði þegar á hana féllu kör full af fiski í fiskvinnslu í Vogum á mánudag. Að sögn lögreglu á Suðurnesjum, hafði konan verið með annarri konu að flokka keilu þegar full fiskikör sem staflað hafði verið upp hrundu á hana.

Konan kastaðist á vinnuborðið, sem kastaðist aftur á hina konuna sem vann á móti henni. Þær voru báðar fluttar með sjúkrabifreið á bráðamóttöku Landspítalans í Fossvogi. Meiðsli hinnar konunnar reyndust minni háttar. - óká

Ný skoðanakönnun í Svíþjóð:

# Fjögur prósent treysta konungi

**SVÍÞJÓÐ** Aðeins fjögur prósent Svía treysta Karli Gústaf, konungi Svíþjóðar. Þetta eru niðurstöður nýrrar könnunar Gautaborgarháskóla.



**KARL GÚSTAF**

Fyrir tveimur árum kvaðst 21 prósent bera traust til konungsfjölskyldunnar en 41 prósent árið 1995, að því er kemur fram á vef norska ríkisútvarpsins.

Bókin „Carl XVI Gustaf: Den motvillige monarken“ er talin eiga þátt í óvinsældunum. Í henni er konungnum lýst sem glaumgosa sem hafi verið umkringdur klæðlitlum dömum á nektarbúllum. Brúðkaup Viktoríu krónprinsessu og Daníels prins og fæðing lítillar prinsessu virðist ekki hafa dregið úr óvinsældunum. - ibs

Klúður við tölvupóstsendingu:

# Allt starfsfólkið fékk uppsögn

**BRETLAND** **Starfsmenn breska fjárfestingafyrirtækisins Aviva Investors fengu allir sent uppsagnarbréf með tölvupósti á föstudaginn.**

**Ekki stóð þó til að segja þeim öllum upp, heldur var tölvupósturinn sendur fyrir mistök til allra starfsmannanna. Bréfið átti einungis að fara til nokkurra starfsmanna.**

**Það var ekki fyrr en nærri hálftíma síðar sem starfsmannaskrifstofa fyrirtækisins uppgötvaði mistökin, og sendi þegar í stað afsökunarbréf til allra þeirra, sem ekki áttu að fá uppsagnarbréfið.** - gb

# Getur þýtt gjaldþrot eða frekari aðlögun

**Í umsögn Arion banka um kvótafrumvörpin er lýst áhyggjum af áhrifum þeirra á skuldsett fyrirtæki. Betur stæðar útgerðir ráða við gjaldtökuna en hún dregur úr möguleikum til þróunar og vaxtar. Bankinn gæti tapað milljörðum.**



**Á SJÓ** Enn er varað við hærra veiðigjaldi vegna stöðu lítilla og meðalstórra fyrirtækja. FRÉTTABLAÐIÐ/JSE

**SJÁVARÚTVEGSMÁL** Þau fyrirtæki í sjávarútvegi sem hafa þegar farið í gegnum fjárhagslega endurskipulagningu horfa mörg hver fram á frekari fjárhagslega erfiðleika, nái frumvarp til laga um veiðigjöld fram að ganga. Lítil og meðalstór fyrirtæki, mörg í smærri sjávarbyggðum, lenda helst í vanda en stærstu útgerðirnar þola hækkað veiðigjald, en það takmarkar þróun og vöxt félaganna.

Þetta er meðal niðurstaðna umsagnar Arion banka um frumvörp til laga um stjórn fiskveiða og veiðigjald sem barst Atvinnuveganefnd Alþingis í gær. Umsögnina skrifar Höskuldur H. Ólafsson bankastjóri.

Höskuldur segir í umsögn sinni að frumvarpið um veiðigjöld muni veikja stöðu fyrirtækja í sjávarútvegi til muna og gera mörgum þeirra ókleift að standa við skuldbindingar sínar. Hann segir að staða margra fyrirtækja í dag gefi svigrúm til fjárfestinga en það svigrúm sé úr sögunni með þeim gjöldum sem kynnt eru í frumvarpinu. Það komi til með að bitna verst á félögum með gamlan skipaflota og hafa ekki ráðist í endurnýjun hans á undanförnum árum.

Það vekur athygli að Höskuldur telur „vart tímabært að taka afstöðu til upphæðar veiðigjaldsins fyrr en sátt hefur náðst um útreikninginn á veiðigjaldsstofninum“ og segir vankanta á forsendum um útreikning á veiðigjaldsstofninum.

Þá segir að veiðigjald upp á 60% af reiknaðri auðlindarentu í byrjun sé of hátt og lítið svigrúm gefið til aðlögunar þar sem gjaldið hækki úr 60% í 70% á þremur árum. „Bankinn telur að heppilegra hefði verið að byrja á mun lægri skattprósentu og endurskoða álagninguna að ákveðnum tíma liðnum. Þannig væri gefið svigrúm til næstu ára til fjárfestinga í tækjum og skipastól sem setið hefur á hakanum á undanförnum árum.“ Telur Höskuldur að hömlur á fjárfestingu dragi verulega úr samkeppnishæfni íslensks sjávarútvegs og stuðli að óhagkvæmri útgerð fiskiskipa og óarðbærum rekstri í sjávarútvegi. Minnir hann á að flotinn verður sífellt eldri og sé nú með hæsta meðalaldur síðustu tveggja áratuga.



**HÖSKULDUR H. ÓLAFSSON**

Þá kemur fram í umsögninni að eðlilega gæti verið að gjaldtaka hvers árs miði við meðaltal þriggja (eða fleiri) ára sem myndi tryggja að tekjustreymi til ríkisins yrði fyrirsjáanlegra milli ára sem og gjaldtaka hvers og eins fyrirtækis.

svavar@frettabladid.is



**EFTA-DÓMSTÓLLINN** Beiðni framkvæmdastjórnar ESB um að hafa meðalgöngu í máli ESA gegn Íslandi var samþykkt.

Icesave fyrir EFTA-dómstóli:

# ESB heimiluð meðalganga

**ICESAVE** **EFTA-dómstóllinn hefur heimilað framkvæmdastjórn ESB að hafa meðalgöngu í málarekstri Eftirlitsstofnunar EFTA gegn Íslandi vegna Icesave.**

**Þetta er í fyrsta sinn sem framkvæmdastjórnin hefur óskað eftir slíku, en með því fær hún aðgang að öllum málsskjölum og mun leggja fram greinargerð sína um málið á næstu tveimur til þremur vikum.**

**Í tilkynningu dómstólsins er meðal annars hafnað beiðni Íslands um að fá að svara skriflega öllum skriflegum athugasemdum í málinu því slíkt samræmist ekki starfsháttum.** - þj

Tóbak má ekki vera sýnilegt:

# Tóbaksrisi í mál vegna bannsins

**NOREGUR** Tóbaksrisinn Philip Morris mætir norsku lýðheilsustofnuninni fyrir rétti í júní. Fulltrúar Philip Morris telja að bann við að hafa tóbak sýnilegt í verslunum í Noregi brjóti í bága við reglur EES um frjálst vöruflæði. Bannið tók gildi í janúar 2010.

Upplýsingafulltrúi tóbaksframleiðandans segir að lögin hafi verið samþykkt án þess að sannað sé að slíkt bann takmarki skaðsemi tóbaks fyrir heilsuna. - ibs






## VEÐURSPÁ



**Soffía Sveinsdóttir** veðurfréttamaður

**HÆGUR VINDUR**

Í dag eru horfur á hæglætisveðri víðast hvar. Þó má búast við sterkari vindi við SA-ströndina. Á morgun snýst vindur í sunnanátt vestan til með lítils háttar vætu en líkur á nokkuð björtu veðri austan til á landinu. Hiti breytist lítið.




**Á MORGUN** 3-10 m/s um allt land

**FÖSTUDAGUR** Fremur hægur vindur.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 22° |
| Basel | 16° |
| Berlín | 15° |
| Billund | 11° |
| Frankfurt | 14° |
| Friedrichshafen | 17° |
| Gautaborg | 8° |
| Kaupmannahöfn | 8° |
| Las Palmas | 21° |
| London | 12° |
| Mallorca | 20° |
| New York | 16° |
| Orlando | 28° |
| Ósló | 15° |
| París | 12° |
| San Francisco | 18° |
| Stokkhólmur | 9° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is,* Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*, Ívar Örn Hansen *ivarorn@365.is,* Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is,* Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*




# 6,7 LÍTRAR Á HUNDRAÐIÐ
# 7,6 SEKÚNDUR Í HUNDRAÐ

Enginn annar bílaframleiðandi hefur jafn staðfastlega og jafn lengi leitað nýrra leiða til að draga úr eldsneytiseyðslu og BMW. Þessi vinna hefur margborgað sig fyrir ökumenn og umhverfið. EfficientDynamics er markaðsheiti eins skilvirkasta tæknipakka sem völ er á. Um er að ræða stórar og smáar tækninýjungar sem BMW hefur þróað frá árinu 1999 og innleitt með það að leiðarljósi að minnka eldsneytiseyðslu og útblástur koltvísýrings.

## BMW xDrive 30d
**6,7 l/100 km* – $CO_2$ 195 g – 7,6 sek. í hundrað**

**BMW EfficientDynamics**
**Less emissions. More driving pleasure.**

ENNEMM / SÍA / NM50557

*Miðað við langkeyrslu

**BL** Sævarhöfða 2, sími 525 8000

**FRÉTTASKÝRING:** Á hvaða forsendum klofnaði Landsdómur?

# Dómendur leggja ólíkan skilning í lögin

**Dómendur í Landsdómi voru ósammála um hvernig túlka bæri lög um ráðherraábyrgð, þó allir dómendur væru sammála um að sýkna Geir H. Haarde af ákæru um brot gegn þeim lögum. Dómendur voru einnig ósammála um túlkun á ákvæði stjórnarskrár um ráðherrafundi, en þar sakfelldi meirihlutinn þótt minnihlutinn vildi sýkna.**

Ákvæði stjórnarskrár um ráðherrafundi, sem finna má í 17. grein stjórnarskrárinnar, virðist við fyrstu sýn fremur skýrt. Þar segir meðal annars að ráðherrafundi eigi að halda um nýmæli í lögum og um mikilvæg stjórnarmálefni.

Níu af fimmtán dómendum í Landsdómi túlkuðu þetta ákvæði stjórnarskrárinnar með talsvert öðrum hætti en sex manna minnihluti dómsins. Meirihluti dómsins taldi sannað að Geir H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra, hefði brotið gegn þessu ákvæði stjórnarskrárinnar í aðdraganda bankahrunsins árið 2008 með því að ræða ekki um yfirvofandi fjármálakrísu. Minnihlutinn taldi það alls ekki sannað og vildi sýkna Geir.

Sautjánda grein stjórnarskrárinnar kallast á við sextándu greinina. Í þeirri sextándu segir að bera skuli „lög og mikilvægar stjórnarráðstafanir“ fyrir forseta Íslands í ríkisráði. Í þeirri sautjándu segir að ræða skuli nýmæli í lögum og „mikilvæg stjórnarmálefni“ á ráðherrafundum.

### Mismunandi orðalag í stjórnarskrá

Verjandi Geirs hélt því fram fyrir Landsdómi að skilja verði sautjándu greinina þannig að aðeins sé skylt að ræða á ráðherrafundum sömu mál og skylt sé að bera undir forseta á ríkisráðsfundum. Þessu er meirihluti Landsdóms ósammála.

Ákvæðin ná aftur til þess tíma þegar danskur kóngur ríkti á Íslandi, og ríkisráðsfundir fóru fram í Kaupmannahöfn en ekki á Bessastöðum.

Í sextándu greininni er notað orðalagið „mikilvægar stjórnarráðstafanir“, en í þeirri sautjándu „mikilvæg stjórnarmálefni“. Meirihluti dómenda við Landsdóm telur orðið stjórnarmálefni víðara en stjórnarráðstafanir, og að sá munur sé meðvitaður. Annars hefði sama orðið verið notað í báðum greinum stjórnarskrárinnar.

Þannig telur meirihlutinn að ræða beri mikilvæg mál í hópi ráðherra á ríkisstjórnarfundum þó ekki sé skylt að taka þau sömu mál upp á ríkisráðsfundum. Samkvæmt því hvíli á forsætisráðherra ótvíræð skylda til að sjá til þess að mikilvæg málefni séu tekin til umræðu og afgreiðslu á ríkisstjórnarfundum.

Meirihlutinn telur engu skipta þó löng hefð sé fyrir því að oddvitar stjórnarflokka hafi haft með sér óformlegt samráð um mikilvæg stjórnarmálefni. Það geti ekki leyst forsætisráðherra undan þeirri skyldu sem stjórnarskráin leggi á herðar honum um að ræða þau mál á fundum ríkisstjórnarinnar. Ekki sé heldur hægt að bera því við að forsætisráðherra óttist að ráðherrar virði ekki trúnað um málefni sem fjallað sé um á fundum stjórnarinnar.

Með því að ræða ekki aðsteðjandi fjármálavanda á ríkisstjórnarfundi braut Geir ekki einungis einhverja formreglu, heldur stuðlaði hann að því að ekki hafi verið mótuð pólitísk stefna til að takast á við þann vanda sem lá fyrir í febrúar 2008, segir í niðurstöðu meirihluta Landsdóms.

„Ef slík stefna hefði verið mörkuð og henni síðan fylgt eftir á skipulegan hátt, þar á meðal af Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitinu, má leiða að því rök að draga hefði mátt úr því tjóni, sem hlaust af falli bankanna í byrjun október 2008. Enn fremur er líklegt að stjórnvöld hefðu þá verið betur undir það búin að taka afstöðu til beiðni Glitnis banka hf. um fjárhagsaðstoð í lok september 2008 þannig að greiða hefði mátt úr vanda þess banka á yfirvegaðri hátt en gert var.“

### Snýst ekki um vandaða stjórnsýslu

Minnihluti dómenda í Landsdómi leggur annan skilning í þetta ákvæði stjórnarskrárinnar. Minnihlutinn telur ekki skylt að ræða annað á ríkisstjórnarfundum en þau mál sem ráðherrar þurfi að afla sér pólitísks stuðnings við áður en þau eru lögð fram á Alþingi.

Í séráliti minnihlutans er tilurð þessa ákvæðis stjórnarskrárinnar rakin, og komist að þeirri niðurstöðu að því verði fráleitt slegið föstu að ákvæðið skyldi forsætisráðherra til að ræða öll mikilvæg stjórnarmálefni á fundum ríkisstjórnarinnar.

Þá verður að mati minnihlutans ekki séð að því hafi verið hreyft að það eitt geti valdið forsætisráðherra refsiábyrgð að halda ekki ráðherrafundi um mikilvæg málefni. Í áliti minnihlutans segir að sjónarmið um vandaða stjórnsýsluhætti geti ekki átt við í þessu samhengi, enda skapist ekki refsiábyrgð nema um sé að ræða alvarlegar ávirðingar í starfi ráðherra. Það geti ekki átt við um ákæru á hendur Geir fyrir að halda ekki ríkisstjórnarfundi um stöðu fjármálakerfisins árið 2008.




> … ráðherra verður ekki gert að sæta refsiábyrgð … nema um sé að ræða alvarlegar ávirðingar í starfi, en svo getur ekki átt við um sakir samkvæmt þessum ákærulið.
>
> **MINNIHLUTI LANDSDÓMS** UM ÁKÆRULIÐINN SEM VARÐAR 17. GR. STJÓRNARSKRÁRINNAR

### Sama niðurstaða en ólík nálgun

Dómendur í Landsdómi greindi einnig á um hvernig túlka bæri ákvæði laga um ráðherraábyrgð. Samkvæmt lögunum brýtur ráðherra gegn þeim ef hann gerir eitthvað sem stofnað getur heill ríkisins í fyrirsjáanlega hættu, eða lætur fyrir farast að gera eitthvað til að afstýra slíkri hættu.

Allir fimmtán dómararnir voru sammála um að Geir H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra, hafi ekki gerst sekur um að hafa brotið gegn þessu ákvæði. Tíu dómarar túlkuðu lögin þó með öðrum hætti en hinir dómararnir fimm.

Hugtökin „heill ríkisins“ og „fyrirsjáanleg hætta“ eru bæði matskennd, og dómendur greindi á um hvernig meta ætti hugtökin, og þar með og hvenær brotið væri gegn lögunum.

Í niðurstöðu meirihluta dómsins, sem tíu dómarar stóðu að, segir að hugtökin séu „auðskilin góðum og gegnum manni“ í embætti forsætisráðherra. Þó orðalagið sé víðtækt felist engu að síður í því fyrirsjáanlegur og sanngjarn mælikvarði um embættisfærslur ráðherrans.

Meirihlutinn telur að til að hægt væri að sakfella Geir fyrir brot á lögum um ráðherraábyrgð hafi þrjú skilyrði þurft að vera fyrir hendi. Í fyrsta lagi þurfi stórfelld hætta að hafa steðjað að íslenska ríkinu á því tímabili sem ákæran náði til, frá febrúar til októberbyrjunar 2008.

Í öðru lagi þurfi að mati dómsins að hvíla á Geir skylda til að bregðast við þeirri hættu. Þriðja skilyrðið er svo það að með því að bregðast við hafi Geir getað bægt frá hættunni, eða „dregið verulega úr henni“.

### Gat gripið til ýmissa aðgerða

Meirihluti dómsins telur sannað að stórfelld hætta hafi stafað að íslenskum fjármálastofnunum og heill ríkisins á árinu 2008, og að Geir hafi verið sú hætta ljós. Það byggði meirihlutinn meðal annars á því að nægar upplýsingar um stöðuna hefðu komið fram á fundi Geirs og Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur með bankastjórn Seðlabankans 7. febrúar.

Meirihlutinn telur líka að Geir hafi getað gripið til ýmissa aðgerða. Hann hafi haft ákveðið svigrúm til að rannsaka málið og grípa svo til aðgerða, en engin sérstök rannsókn hafi farið fram. Í dóminum segir að fljótlega hafi orðið ljóst að minnka hafi þurft bankakerfið, og enginn vafi leiki á að Geir hafi borið skylda til að tryggja að það yrði gert.

Saksóknari Alþingis benti á ýmsar leiðir sem hann taldi hafa verið færar, en Geir hafnaði því að þær hefðu skilað tilætluðum árangri. Meirihluti Landsdóms taldi ekki rétt að sakfella Geir enda ekki sýnt fram á að þær aðgerðir sem saksóknari hafi lagt fram hefðu í raun skilað nægilegum árangri, eða verið mögulegar á þeim tíma sem ákæran nái til.

### Koma verður í veg fyrir hættu

Minnihluti Landsdóms túlkaði ákvæði laga um ráðherraábyrgð öðruvísi en meirihlutinn, en komst þó að þeirri sömu niðurstöðu að sýkna ætti Geir af ákæru um brot gegn lögunum.

Í áliti minnihlutans kemur fram að ráðherrann verði að hafa átt þess kost að grípa til aðgerða sem „að öllu eða verulegu leyti“ hefðu getað komið í veg fyrir aðsteðjandi hættu.

Minnihlutinn fellst þar með ekki á það með meirihlutanum að frekari skylda sé á ráðherrann lögð um að bregðast við eigi hann þess ekki kost að koma að miklu eða öllu leyti í veg fyrir aðsteðjandi hættu. Þá skýringu meirihlutans telur minnihlutinn eiga sér „enga stoð“ í orðalagi lagatextans.



**Brjánn Jónasson**
brjann@frettabladid.is



Hamingjurík helgi í **Köben**

**8.–11.** júní
**15.–18.** júní
**22.–25.** júní
**6.–9.** júlí



Nú er upplagt að skella sér í helgarferð til **Kaupmannahafnar** á hagstæðum kjörum og láta **WOW ferðir** sjá um allan pakkann. Hægt er að rölta um borgina, virða fyrir sér mannlífið og njóta menningarinnar, matarins og lífsins almennt. Við biðjum að heilsa hafmeyjunni.

Verð á mann í tvíbýli: **69.900 kr.**

Innifalið er flug með sköttum og gisting í 3 nætur með morgunverði.

wowferdir.is

WOW FERÐIR

WOW ferðir | Grímsbæ, Efstalandi 26 | 108 Reykjavík | +354 590 3000 | wowair@wowair.is




# SNJALLRÆÐI Í SÍMANN ÞINN

## Fylgstu með ferðum Eimskips í snjallsímanum þínum

Með nýja Eimskips appinu getur þú fylgst með því hvar sendingin þín er stödd hverju sinni, skoðað brottfarar- og komutíma skipa, ásamt skipaleiðum og fengið allar nauðsynlegar upplýsingar um skrifstofur Eimskips. Einfalt, þægilegt og sérlega aðgengilegt.

FÍTON / SÍA

FYRIR ANDROID OG IPHONE

Eimskip | Korngörðum 2 | 104 Reykjavík | Sími 525 7000 | www.eimskip.is

EIMSKIP
YFIR HAFIÐ OG HEIM




MILLJÓNAVELTAN VELTUR ÁFRAM!

NÚ KEYRUM VIÐ ÚT MILLJÓNIR

Nú er vinningurinn **10 milljónir á einn miða.**
Í hverri **Milljónaveltu** drögum við að auki út
**5 stakar milljónir**, aðeins úr seldum miðum.

HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS
VÆNLEGAST TIL VINNINGS

**Tryggðu þér miða á www.hhi.is, í síma 800 66 11 eða hjá næsta umboðsmanni.**

PIPAR\TBWA • SÍA • 121254


Menntamálaráðuneytið styrkir alþjóðlega rannsókn:

# Umfangsmikil rannsókn á starfi fréttamanna

**FJÖLMIÐLUN** Mennta- og menningarmálaráðuneytið mun veita eina milljón króna til hóps íslenskra fræðimanna vegna þátttöku þeirra í alþjóðlegri rannsókn meðal blaða- og fréttamanna. Katrín Jakobsdóttir ráðherra ákvað fjárveitinguna á mánudag.

Rannsóknin, The Worlds of Journalism Study, er alþjóðleg könnun á starfsumhverfi blaða- og fréttamanna sem tekur meðal annars til þeirra þátta sem nefndir voru í Skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um starfshætti og siðferði í íslenskum fjölmiðlum.

84 lönd taka þátt í rannsókninni, en hérlendis er hún samstarfsverkefni sjö kennara við Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri. Niðurstöðurnar eiga meðal annars að nýtast stjórnvöldum til að bera fjölmiðla hér



**ÚR JÓNSBÓK** Hér getur að líta myndstaf við þjófabálk Jónsbókar sem hér var lögtekin árið 1281 og notuð fram á 18. öld. Löggjöf Magnúsar lagabætis mun hafa byggst á hugmyndinni um að glæpur væri brot gegn ríkisvaldi fremur en einstaklingum og dró þar með úr vægi hefndarinnar. MYND/STOFNUN ÁRNA MAGNÚSSONAR


Samfylkingin

LÍFSKJÖR ALDRAÐRA

**Opið málþing** Landssamtakanna 60+ og velferðarnefndar Samfylkingarinnar
Hvammi, Grand Hóteli, Sigtúni 38 í Reykjavík, **föstudaginn 27. apríl** kl. 13.00



27. apríl

**Dagskrá**

**13.00 Velkomin á málþing**
*Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Landssamtakanna 60+ setur þingið*

**Ljúf tónlist**
*Ingólfur Steinsson og dætur flytja létt lög við ljóð Davíðs Stefánssonar*

**Ávarp**
*Jóhanna Sigurðardóttir, formaður Samfylkingarinnar og forsætisráðherra*

**13.30 Endurskoðun almannatrygginga – hvað er í farvatninu?**
*Árni Gunnarsson, formaður starfshóps um endurskoðun almannatryggingalaga*

**Lífeyrir almannatrygginga – fréttir af vettvangi**
*Sigríður Lillý Baldursdóttir, forstjóri Tryggingastofnunar*

**Vanrækt gildi liðinna ára**
*Gunnar Hersveinn, heimspekingur*

**14.45 Kaffihlé**

**15.15 Framtíð og hugmyndafræði lífeyrissjóðanna – samtrygging og/eða séreign?**
*Guðbjartur Hannesson, velferðarráðherra*

**Hvernig bætum við lífskjörin? – fyrirspurnir og umræður**
*Björk Vilhelmsdóttir, borgarfulltrúi og formaður velferðarnefndar*

**16.30 Áætluð fundarlok**

Fundarstjórar: Gylfi Ingvarsson, varaformaður Landssamtakanna 60+
Jónína Rós Guðmundsdóttir, alþingiskona

**Málþingið er öllum opið**

samfylkingin.is


# Telja fundinn legstað Magnúsar lagabætis

**Röntgenrannsóknir á dómkirkjunni í Bergen hafa leitt í ljós forna steinkistu í vegg kirkjunnar. Telja fræðimenn víst að þar hvíli Magnús lagabætir en hann færði Íslendingum landslög á 13. öld.**

**NOREGUR** Rannsóknir á dómkirkjunni í Bergen í Noregi hafa leitt í ljós það sem menn telja vera hinsta hvílustað Magnúsar lagabætis Noregskonungs. Magnús var sonur Hákonar gamla Hákonarsonar og ríkti yfir Noregi frá 1263 til 1280.

Magnúsar er minnst fyrir að samræma löggjöf í Noregi með nýjum lögbókum, en hann lét jafnframt gera lögbókina Járnsíðu handa Íslendingum og svo Jónsbók, sem hér var notuð fram á 18. öld.



**MAGNÚS HÁKONARSON**

Aftenposten greinir frá því að röntgenrannsóknir rannsóknarstofunnar SINTEF hafi leitt í ljós steinkistu í vegg kirkjunnar og að í henni megi greina málmleifar.

Þótt heimildir hermi að Magnús hafi verið grafinn í kirkjunni hefur legstaður hans ekki verið kunnur.

„Þetta hlýtur að vera Magnús lagabætir. Í kirkjunni er ekki grafinn annar konungur," er haft eftir Gunnari Rosenlund, sem fjármagnað hefur rannsóknirnar. „Framhaldið er hins vegar óvíst. Kirkjan er friðuð og allar framkvæmdir þarf að bera undir Fornleifastofnun ríkisins."

Gunnar telur þó að fyrsta skref hljóti að vera að bora gat í vegg kirkjunnar til að komast nær steinkistunni.

Dómkirkjan í Bergen er 60 metra löng steinkirkja og 20,5 metrar á breidd, að því er Aftenposten greinir frá. Fyrstu heimildir um hana eru frá 1181, en síðan var byggt við hana Fransiskuklaustur. Magnús lagabætir fjármagnaði svo endurbyggingu kirkjunnar eftir bruna 1270 og var grafinn í henni.

Að því er fram kemur á alfræðivef Wikipediu hefur Magnús lagabætir almennt fengið góð eftirmæli. Er hans sagt minnst sem konungs sem beitti lögunum fremur en sverðinu. „Hann var friðsamur og forðaðist stríðsátök og harðar deilur en kaus að tryggja stöðugleika," segir þar. Frá því er greint að Magnús hafi fengið Sturlu Þórðarson sagnaritara til að skrifa sögu Hákonar föður síns en árið 1278 fól hann Sturlu einnig að skrifa sína eigin sögu. Aðeins mun brot af henni hafa varðveist.

„Sturla var talinn friðsemdarmaður en var þó þátttakandi í mörgum helstu viðburðum Sturlungaaldar," segir einnig á Wikipedia. Hann barðist með Sighvati föðurbróður sínum og sonum hans í Örlygsstaðabardaga og var í liði Þórðar kakala er hann sneri heim frá Noregi. **olikr@frettabladid.is**

# Þjóðargjöf

## Styðjum við lestur íslensku þjóðarinnar




Þeir sem ekki fá ávísun senda geta nálgast hana í næsta Arion banka eða hringt í síma 444-7000.



Í Viku bókarinnar fá öll heimili í landinu senda **Ávísun á lestur** að andvirði 1.000 kr. Hana geta allir nýtt til bókakaupa dagana 23. apríl til 14. maí 2012.

Aðferðin er einföld. Þú ferð með ávísunina í næstu bókabúð eða á annan sölustað bóka. Kaupir bók eða bækur fyrir að lágmarki 3.500 kr. og greiðir 1.000 kr. af upphæðinni með ávísuninni.

Skilningur á lesmáli er undirstaða náms barnanna okkar. Bókasöfn grunnskólanna gegna hér lykilhlutverki sem hornsteinar lestrarhvatningar á Íslandi. Þess vegna látum við 100 kr. af hverri nýttri ávísun renna í Skólasafnasjóð sem úthlutar styrkjum til bókasafna grunnskólanna.

Arion banki

FÉLAG ÍSLENSKRA BÓKAÚTGEFENDA

BREYTT REKSTRARFORM
STEFNIR - LAUSAFJÁRSJÓÐUR

Ákveðið hefur verið að slíta verðbréfasjóðnum Stefni - Lausafjársjóði. Slit sjóðsins miðast við 27. apríl. n.k. en á þeim degi tekur nýr fjárfestingarsjóður með sama nafni við öllum eignum og skuldbindingum sjóðsins.

Við slitin eignast hlutdeildarskírteinishafar í Stefni - Lausafjársjóði hlutdeildarskírteini í fjárfestingarsjóðnum miðað við dagslokagengi sjóðsins þann 27. apríl 2012.

Hlutdeildarskírteinishafar sjóðsins geta eftir sem áður átt viðskipti með hlutdeildarskírteini sín í samræmi við reglur sjóðsins til og með 27. apríl 2012 og frá og með 30. apríl með hlutdeildarskírteini í nýja sjóðnum.

Nánari upplýsingar er að finna á vef Stefnis hf., www.stefnir.is

24. apríl 2012,
Stefnir hf.

STEFNIR

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

vissir þú að...
börn eiga rétt á vernd gegn ofbeldi?

Yfirheyrslum yfir Breivik lokið en réttarhöldin halda áfram:

# Skelfileg aðkoma eftir árásina

**NOREGUR** Norski öryggisvörðurinn Tor Inge Kristoffersen segir að ástandið í miðborg Óslóar hafi einna helst líkst stríðsvettvangi eftir að Anders Behring Breivik hafði sprengt 950 kílógramma sprengju fyrir utan stjórnsýslubygginguna, þar sem forsætisráðherrann hafði aðsetur.

Kristofferson hafði fylgst með Breivik leggja bifreið sinni fyrir utan bygginguna og var að skoða bílnúmerið, til að kanna hvort bifreiðinni mætti leggja þarna, þegar sprengjan sprakk.

Átta manns létu lífið og var aðkoman skelfileg: „Meira en hundrað líkamspartar fundust í stjórnsýsluhverfinu,“ sagði Ole Morten Störseth lögreglumaður, sem fékk það verkefni að bera kennsl á hina látnu.



ANDERS BEHRING BREIVIK

Þetta kom fram á sjöunda degi réttarhaldanna yfir Breivik í gær. Yfirheyrslum yfir honum er lokið í bili og þessa dagana lýsa vitni atburðarásinni í Ósló og á Úteyju, þar sem hann myrti 69 manns.

Thor Langli, sem stjórnaði aðgerðum lögreglunnar, segir að sig hafi strax grunað að sami maður væri að verki þegar tilkynningar bárust um skotárás á Úteyju stuttu eftir árásina í Ósló.

„Ég gat ekki ímyndað mér að tveir menn gætu verið með svona brjálaðar hugmyndir,“ sagði Langli við réttarhöldin í gær. **- gb**

Prinsar fá viðurkenningu:

## Hjálpuðu særðum hermönnum

**BRETLAND, AP** Harry Bretaprins hefur hlotið verðlaun Atlantshafsráðsins fyrir leiðandi mannúðarstarf í sjálfboðaliðastarfi til aðstoðar særðum hermönnum.



HARRY BRETAPRINS

Frá því var greint í gær að Harry taki við verðlaununum í Washington í Bandaríkjunum í næsta mánuði. Hann tekur einnig við þeim fyrir hönd Vilhjálms bróður síns, en það mun til marks um starf góðgerðastofnunar þeirra.

Prinsarnir eru sagðir hafa starfað með samtökum á borð við Walking with the wounded, Help for heroes og fleirum viðlíka. **- óká**



**BRUNNIN OLÍUVINNSLUSTÖÐ** Súdanar skoða skemmdir í landamærabænum Hegling, þar sem helsta miðstöð olíuvinnslu landsins er. NORDICPHOTOS/AFP

# Barist hart um olíu og landamæri

**Ekkert lát er á árásum súdanska hersins á Suður-Súdan. Enginn sáttavilji sjáanlegur af hálfu forseta Súdans. Ágreiningur er um olíu og landamæri.**

**SUÐUR-SÚDAN, AP** „Nágrannar okkar í Khartoum hafa lýst yfir stríði gegn lýðveldinu Suður-Súdan,“ sagði Salva Kiir, forseti Suður-Súdans, í Kína í gær á fundi sínum með Hu Jintao, forseta Kína.

Formleg stríðsyfirlýsing hafði ekki verið gefin út, en Kiir sagði sprengjuárásir súdanska hersins undanfarna daga jafnast á við slíka yfirlýsingu.

Á mánudag gerðu Súdanar sprengjuárásir á markaðstorg og olíuvinnslusvæði í Suður-Súdan. Sprengjuárásir héldu síðan áfram í fyrrinótt.

Súdanar segja þessar loftárásir gerðar vegna þess að suðursúdanski herinn hafði farið yfir landamærin með skriðdreka og fjölmennt lið hermanna.

Íbúar í Suður-Súdan lýstu yfir stofnun sjálfstæðs ríkis á síðasta ári en eiga í deilum við nágrannasína í norðrinu um olíuauðlindir og landamæri. Eitt stærsta deilumálið snýst um afnot Suður-Súdana af olíuleiðslum í gegnum Súdan.

Í síðasta mánuði slitnaði upp úr samningaviðræðum eftir að átök hófust á landamærunum. Suður-Súdanar réðust þá inn í landamærabæinn Hegling, sem þeir gera tilkall til.

Suður-Súdanar hafa nú dregið allt herlið sitt burt frá Hegling, að eigin sögn vegna alþjóðlegs þrýstings. Súdanski herinn segist hins vegar hafa hrakið suður-súdanska herinn frá Hegling.

Omar al-Bashir, forseti Súdans, hefur sagt að árásum á Suður-Súdan verði haldið áfram þangað til allt suður-súdanskt herlið er farið frá Súdan.



**FORSETI SUÐUR-SÚDANS** Íbúar í Suður-Súdan lýstu yfir stofnun sjálfstæðs ríkis í síðasta mánuði. Salva Kiir, forseti S-Súdans, segir sprengjuárásir súdanska hersins ekkert annað en stríðsyfirlýsingu.

Á föstudaginn var Bashir harðorður, kallaði Frelsisher Suður-Súdans „eitruð skorkvikindi“ og sagði ekki koma til greina að semja. Hann muni aldrei leyfa Suður-Súdönum að flytja olíu í gegnum Súdan, „jafnvel ekki þótt þeir gefi okkur helminginn af afrakstrinum“.

Kiir, forseti Suður-Súdans, sagðist hafa farið til Kína þrátt fyrir það hve ástandið er viðkvæmt vegna þess að hann vill styrkja tengslin við Kínverja. Kínverjar hafa hins vegar reynt að tryggja góð tengsl við bæði Súdan og Suður-Súdan og hvetja ráðamenn ríkjanna til að komast að samkomulagi. **gudsteinn@frettabladid.is**



Vortónleikar
Karlakórs Kópavogs
verða haldnir í Salnum í Kópavogi

Stærri og öflugri karlakór undir stjórn Garðars Cortes flytur vel valin karlakórslög úr ýmsum áttum.

fimmtudaginn 26. apríl kl. 20.30
sunnudaginn 29. apríl kl. 16.00

Stjórnandi: Garðar Cortes

Undirleikari: Hólmfríður Sigurðardóttir

Miðaverð : 3.000 kr. og 1.500 kr. fyrir börn og eldri borgara.

Miðar eru seldir á www.midi.is og í afgreiðslu Salarins.

Handhafar gjafamiða frá jólatrjáasölunni geta sótt miða í afgreiðslu Salarins á meðan miðar eru til.



Eimskip tekur „app“ í notkun:

# Staða sendinga sést í snjallsíma

**UPPLÝSINGATÆKNI** Eimskip hefur tekið í notkun nýtt snjallforrit (eða „app“) sem býður viðskiptavinum fyrirtækisins upp á að fá nákvæmar rauntímaupplýsingar í snjallsíma um stöðu sendinga.

Forritið sýnir einnig nákvæma staðsetningu skipa félagsins, áætlun og siglingaleiðir, auk annarra upplýsinga. „Það eina sem þarf að gera er að tengjast ePORT þjónustuvef Eimskips og slá inn sendingarnúmer,“ er í tilkynningu haft eftir Gunnari Vali Steindórssyni, verkefnastjóra hjá Eimskipi. - óká

Saksóknari í máli þar sem dönsk hjón voru myrt í skógi við Óðinsvé:

# Segir engan vafa leika á sök ákærða

**DANMÖRK** Enginn vafi er á að maður sem er ákærður fyrir að hafa myrt miðaldra hjón í nágrenni Óðinsvéa fyrir rúmu ári sé sekur. Þetta segir saksóknarinn í málinu, sem hefur vakið mikla athygli í Danmörku.

Hjónin voru skotin til bana á kvöldgöngu í Árþúsundaskógi um miðjan apríl í fyrra. Talið er að þau hafi komið að ákærða, 38 ára karlmanni, þar sem hann var að skjóta af vélbyssu. Hann hafi skotið þau í stundaræði og reynt að hylja spor sín í kjölfarið.

Leitin að morðingjanum var afar yfirgripsmikil, en mánuði síðar var umræddur maður handtekinn og hefur síðan setið í varðhaldi.

Margt þykir benda til sektar, þar á meðal lífsýni á skothylkjum. Verjandi mannsins segir það ekki taka af tvímæli um að umbjóðandi sinn hafi framið ódæðið, því ákærði hafi um árabil selt og meðhöndlað vopn og skotfæri í undirheimum Óðinsvéa. Verjandinn byggir vörn sína á því að vekja upp vafa á sekt ákærða og vildi meðal annars reyna að varpa sök á annan mann í málinu.

Hinn ákærði bar vitni í fyrradag og neitaði sök. Hann sagðist ekki hafa verið í Þúsaldarskógi þennan dag, þó hann muni ekki hvað hann aðhafðist um daginn.

Í dönskum fjölmiðlum segir að dómur verði kveðinn upp næstkomandi föstudag. - þj




**LÍÐUR AÐ DÓMI** Maður sem ákærður er fyrir að myrða hjón í fyrra segist saklaus, en ákæruvaldið segir engan vafa leika á sekt hans. NORDICPHOTOS/AFP



**ATVINNUHÚSNÆÐI** Heildarfasteignamat seldra atvinnuhúsnæðiseigna á höfuðborgarsvæðinu í mars nam um sex milljörðum króna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Atvinnuhúsnæðismarkaður:

# Fleiri samningum þinglýst en lægri upphæð

**FASTEIGNAMARKAÐUR Í marsmánuði var 91 skjali, bæði kaupsamningum og afsölum, um atvinnuhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu þinglýst og 58 utan þess.**

**Þetta er næstum því tvöfalt meira en á sama tíma í fyrra, en fram kemur á vef Þjóðskrár Íslands að í mars árið 2011 hafi 56 skjölum verið þinglýst á höfuðborgarsvæðinu.**

**Þar segir jafnframt að heildarfasteignamat seldra eigna á höfuðborgarsvæðinu í mars hafi verið tæpir sex milljarðar, sem er talsvert minna en á síðasta ári þar sem samsvarandi upphæð var rúmir 20 milljarðar.** - þj

Varðberg í Þjóðminjasafninu:

# Tölvuöryggi í viðskiptum rætt

**UPPLÝSINGATÆKNI** Tölvuöryggi í viðskiptum er viðfangsefni hádegisfundar Varðbergs, samtaka um vestræna samvinnu og alþjóðamál, á morgun fimmtudag. Fundurinn, sem hefst klukkan tólf í ráðstefnusal Þjóðminjasafns við Suðurgötu, á að standa í klukkustund.



BJÖRN BJARNASON

Framsögumenn á fundi Varðbergs eru Guðmundur Kr. Tómasson, framkvæmdastjóri greiðslukerfa Seðlabanka Íslands og Haukur Oddsson, forstjóri Borgunar. Fundarstjóri er Björn Bjarnason, formaður Varðbergs. Fundurinn er öllum opinn. - óká

## BORGARBYGGÐ

### Golfhótel stækkað verulega

Hótel Hamar hefur sótt um leyfi til að byggja 24 herbergja viðbyggingu og stækka salarkynni við Golfhótelið í Hamarslandi í Borgarbyggð. Hótelið er 30 herbergja í dag. Byggingarfulltrúi hefur samþykkt stækkunina með fyrirvara um jákvæða umsögn Golfklúbbs Borgarness.

## LÖGREGLUMÁL

### Féll af þaki húss

Karlmaður féll af þaki húss í Reykjanesbæ um helgina. Að sögn lögreglu var maðurinn að vinna á þakinu þegar hann féll. Hann var fluttur á sjúkrahús til skoðunar og Vinnueftirlitis ríkisins tilkynnt um slysið.





Innifalið: Flug aðra leiðina og flugvallarskattar. Þessi ferð gefur frá 1.800 til 5.400 Vildarpunkta aðra leiðina.

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Hlustar Alþingi á viðvaranirnar?

## Vaðlaheiðarvega-vinnuvarnaðarorð

Þingmenn ræða á næstu dögum frumvarp Oddnýjar Harðardóttur fjármálaráðherra þar sem hún fer fram á heimild Alþingis til að lána Vaðlaheiðargöngum hf. 8,7 milljarða króna af peningum skattgreiðenda.

Eitt af fylgiskjölum frumvarpsins er umsögn Ríkisábyrgðasjóðs. Þar eru sett fram sterk varnaðarorð um áhættuna sem ríkissjóður tekur á sig með lánveitingunni.

SKOÐUN

Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is



Ríkisábyrgðasjóður bendir meðal annars á að það sé rangt, sem haldið hefur verið fram, að gerð Vaðlaheiðarganga sé einkaframkvæmd með ríkisábyrgð. Einkaframkvæmd feli í sér að áhætta sé færð frá ríkinu til einkaaðila. Í þessu tilviki sé hins vegar ráð fyrir því gert að ríkissjóður „taki á sig alla áhættu varðandi fjármögnun verkefnisins ásamt því að þurfa að treysta því að fjárfestar endurfjármagni án ríkisábyrgðar verkefnið að framkvæmdum loknum árið 2018.“

Ríkisábyrgðasjóður gerir, eins og margir fleiri, athugasemdir við forsendur Vaðlaheiðarverkefnisins hvað varðar spár um umferðarþróun og rekstrarkostnað. Jafnvel þótt þær forsendur, auk áætlana um stofnkostnað og veggjöld, stæðust telur sjóðurinn verkefnið áhættusamt. Hann telur áætlanir um að hægt verði að endurfjármagna lán ríkisins með langtímaláni á 3,7% vöxtum alltof bjartsýnar. Sjóðurinn telur líklegt að fjármagnskostnaðurinn verði allt að tvöfalt hærri. Þá standi göngin ekki undir sér og verulegar líkur séu á greiðslufalli. Þá sitja skattgreiðendur uppi með allan kostnað af framkvæmdinni, eins og margir hafa varað við.

Í greinargerðinni með frumvarpi Oddnýjar er gert lítið úr umsögn Ríkisábyrgðasjóðs og sagt að ekki séu „nein merki um að á næstu árum verði um sérstakan viðsnúning að ræða varðandi þróun vaxta verðtryggðra skuldabréfa.“

Óneitanlega er athyglisvert að þetta skuli vera skoðun fjármálaráðherra á málinu, því að í grein hér í blaðinu fyrir stuttu hvatti hún til þess að tækifærið yrði notað til að greiða niður skuldir ríkissjóðs á næstunni, á meðan vextir væru lágir, vegna þess að „enginn veit hvernig vaxtastigið í heiminum mun þróast á næstu árum“ eins og sagði þar. Peningarnir, sem Vaðlaheiðargöngum hf. verða lánaðir, verða ekki notaðir til að borga niður skuldir og ekki heldur til neinna annarra verkefna ríkisins.

Ríkisábyrgðasjóður sagði í umsögn sinni að áhætta ríkissjóðs af Vaðlaheiðarverkefninu væri slík að nær gæti verið að ríkissjóður fjármagnaði verkið að fullu eins og aðrar opinberar framkvæmdir. Ef peningar eru til svo splæsa megi í dýrar vegaframkvæmdir, liggur hins vegar fyrir að aðrar framkvæmdir í öðrum landshlutum eru taldar brýnni bæði vegna öryggis- og hagkvæmnisjónarmiða. Einkaframkvæmdin svokallaða var forsenda þess að Vaðlaheiðargöngum var kippt fram fyrir í framkvæmdaröðinni.

Vaðlaheiðarverkefnið hefur verið keyrt áfram af meira kappi en forsjá, af hálfu þingmanna Norðausturkjördæmis og ríkisstjórnarinnar. Alþingi ber hins vegar að hlusta á varnaðarorðin og taka ákvörðun út frá hagsmunum skattgreiðenda.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Ekki þeir sömu

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, var spurður að því á Bylgjunni í gær hvort rétt væri að breyta lögum um Landsdóm. „Ég held að það sé óheppilegt að þeir sem virkjuðu lögin afnemi þau einnig svo þeir sömu sem nýttu sér lögin komi sér undan því að vera mældir út frá þessum sömu lögum,“ sagði Sigmundur. Þess vegna væri skynsamlegra að það væri verkefni næsta þings að taka þá ákvörðun, ekki þeirra 63 þingmanna sem skipuðu þingmannanefndina sem virkjaði Landsdóm. Þetta er skynsamlega mælt hjá formanni Framsóknarflokksins. Allt sem dregur úr tilefnum til tortryggni í þessu máli er af hinu góða.



### Einsdæmi í sögunni

Á mánudag gerðist það sem aldrei hefur gerst áður hér á landi: Maður var dæmdur fyrir að hafa sem ráðherra brotið í bága við stjórnarskrá íslenska lýðveldisins. Nú geta menn deilt um hvort brotið hafi verið léttvægt eður ei, dómurinn stendur.

### Léttvægt fundið

Þess vegna er sérkennilegt að sjá málflutning eins og þann sem Björn Bjarnason og fleiri hafa sett fram. Hann átaldi fréttamennina Þorbjörn Þórðarson og Sigmar Guðmundsson fyrir að hafa gengið hart að Geir H. Haarde í viðtölum á mánudag. Þeir voru þó ekki sekir um annað en að sinna starfi sínu vel. Fara yfir dóminn og spyrja Geir út í hans ábyrgð. Ábyrgð, er lykilatriði hér. Forsætisráðherra sem svarið hefur eið að stjórnarskránni ber mikla ábyrgð. Út í hana spurðu fréttamennirnir, en lítið varð um svör.



kolbeinn@frettabladid.is

HALLDÓR




## Klíkan og kjötkatlarnir

Stjórnmál



Valgerður Bjarnadóttir
alþingismaður

Getur klíkusamfélagið enn komið okkur á óvart? Já, svei mér þá það gerðist á laugardaginn. Nú mega íslenskir réttkjörnir ráðamenn ekki stoppa við Kerið og sýna gestum okkar, þjóðarinnar, mikilfenglega náttúruna.

Eigendur náttúruperlunnar eru í stjórnarandstöðu. Eigendunum er illa við að ráða ekki. Eigendurnir vilja komast aftur að kjötkötlunum, svo þeir geti haldið áfram að verja sérhagsmunina.

> Eigendurnir vilja komast aftur að kjötkötlunum, svo þeir geti...

Líklega er enginn stjórnmálaflokkur á landinu sem talar meira um sátt en stærri stjórnarandstöðuflokkurinn. Sáttin þeirra gengur út á að allt verði áfram eftir þeirra höfði eins og það hefur verið langa lengi.

Tillögur þeirra í öllum málum ganga út á að kosið verði, vegna þess að þau halda að þá komist þau aftur að. Það fer hins vegar minna fyrir því hvað þau ætla að gera ef þau komast að.

Ef marka má hátíðardagskrá á fundi Samtaka atvinnulífsins, sem lítur helst út fyrir að vera sérdeild í stærri stjórnarandstöðuflokknum, þá vilja menn hverfa til starfshátta sem tíðkuðust í landinu áður en efnahagslífið hér á landi fór fjandans til.

Þá var í tísku að gera grín að eftirlitsiðnaðinum, það er enn í tísku. Þá blómstraði hér öflugt fjármálalíf sem atvinnulífið dásamaði – en var í raun allt tómt svindl og svínarí.

Hverjar urðu afleiðingarnar. Við þekkjum þær öll. Hærri skattar, minni kaupmáttur, hærri afborganir af lánum og gjaldeyrishöft. Það er sannarlega undarlegt að sitja og hlusta á atvinnurekendur sem vilja láta líta á sig sem ábyrgt afl í þjóðfélaginu tala eins og allt sé þetta ríkisstjórninni að kenna.

Fólk veit betur. Fólk veit hvað olli hruninu. Fólk veit að það var óábyrg stjórn efnahagslífsins, óábyrg hegðun atvinnurekenda og óábyrg hegðun margra heimila – kannski ekki skrítið, því að eftir höfðinu dansa limirnir.

Til að komast aftur á réttan kjöl þurfum við ábyrga efnahagsstjórn, ábyrga stjórn heimilanna og ábyrga stjórn atvinnuveganna. Því miður virðist sem við höfum einungis það tvennt sem fyrst var upp talið. Kann það góðri lukku að stýra?

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Atli Fannar Bjarkason (dægurmál) *atlifannar@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Í kjölfar dóms Landsdóms

Stjórnsýsla

Jóhanna Sigurðardóttir
forsætisráðherra



Í kjölfar dóms Landsdóms hefur spunnist mikil umræða um störf ríkisstjórna og stjórnsýslu og jafnvel verið látið í veðri vaka að ekkert hafi verið gert til þess að bæta þau vinnubrögð sem dómurinn gagnrýnir. Ríkisstjórnir mínar hafa lagt sérstaka áherslu á umbætur í stjórnsýslu á kjörtímabilinu, ekki síst varðandi vinnubrögð ríkisstjórna og á ráðherrafundum auk fækkunar og styrkingar ráðuneyta.

### Ráðherranefnd um efnahagsmál

Þegar árið 2009 voru settar á fót ráðherranefndir m.a. um efnahagsmál. Þessar nefndir starfa samkvæmt formföstu skipulagi og á föstum fundum á sama hátt og ríkisstjórnin. Í ráðherranefnd um efnahagsmál, sem heldur fundi a.m.k. vikulega, eru lögð fram skrifleg gögn um ástand á fjármálamörkuðum o.fl. sem varðar efnahagslífið auk stærstu mála nefndar um fjármálastöðugleika og áhættuþættir í efnahagslífi vaktaðir og metnir. Þá eru reglulega kallaðir til funda við nefndina forsvarsmenn Seðlabankans, Fjármálaeftirlitsins og fleiri aðila sem gegna mikilvægu hlutverki á þessu sviði. Forsætisráðherra, efnahags- og viðskiptaráðherra og fjármálaráðherra sitja alla fundina og fá til sín aðra ráðherra ef tilefni er til. Nefndin er því verkstjórnar- og samhæfingarvettvangur og þar eru mál sem varða efnahagsmál í víðum skilningi rædd og þeim komið í farveg. Stærstu málin sem rædd eru í nefndinni eru jafnframt tekin upp í ríkisstjórn og allir ráðherrar fá fundargerðir allra ráðherranefndafunda sendar og geta tekið upp í ríkisstjórn öll mál sem þar hafa verið rædd.

### Ný lög um Stjórnarráð Íslands

Í nýjum lögum um Stjórnarráð Íslands er nú skýrt kveðið á um að mikilvæg stjórnarmálefni skuli rædd á ríkisstjórnarfundum. Árið 2009 skipaði ég nefnd um endurskoðun laga um Stjórnarráð Íslands sem lagði til breytingar á starfsháttum og skilaði skýrslunni Samhent stjórnsýsla þar sem er finna ýmsar ábendingar um það sem betur mætti fara í starfsemi Stjórnarráðsins. Á meðan nefndin starfaði skiluðu rannsóknarnefnd Alþingis og þingmannanefndin, sem fór yfir skýrslu rannsóknarnefndarinnar, skýrslum sínum auk þess sem starfshópur forsætisráðherra um viðbrögð Stjórnsýslunnar við skýrslu RNA skilaði sinni skýrslu. Á grunni þessara skýrslna var unnið frumvarp til laga um Stjórnarráð Íslands sem nú er orðið að lögum þar sem sérstaklega er fjallað um ríkisstjórn og samhæfingu starfa milli ráðherra.

Skýrt er hvað átt er við með mikilvægum stjórnarmálefnum sem ræða skal í ríkisstjórn. Þá er m.a. kveðið á um þá skyldu ráðherra að samhæfa stefnu og aðgerðir ráðuneyta og hlutverk forsætisráðherra í því efni. Starfsreglur ríkisstjórnar og ráðherranefnda hafa í kjölfarið verið endurskoðaðar auk reglna um skráningu formlegra samskipta við aðila innan og utan Stjórnarráðs Íslands.

### Formfesta í vinnubrögðum

Forsætisráðuneytið mun að sjálfsögðu fara ítarlega yfir dóm Landsdóms ásamt öllum ráðuneytum innan Stjórnarráðs Íslands og skoða hvort tilefni sé til fleiri breytinga til þess að tryggja enn frekar formfestu og reglufestu í vinnubrögðum. Þá hafa verið gerðar breytingar á starfsemi forsætisráðuneytisins til þess að gera því betur kleift að sinna forystuhlutverki sínu en í dómi Landsdóms er m.a. fjallað um forystuhlutverk forsætisráðuneytisins sem leiða má af 17. gr. stjórnarskrárinnar. Ekki var hefð fyrir formlegum ráðherranefndum né markvissri eftirfylgni með stjórnarsáttmálum ríkisstjórna utan ríkisstjórnarfunda. Þessu hefur verið breytt og ráðuneyti sameinuð og efld.

Ríkisstjórnir mínar hafa lagt áherslu á að efla stjórnsýsluna og styrkja í takt við þær ábendingar sem fram hafa komið, ekki síst í skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis. Eins og ég hef bent á í þessari grein hefur ýmislegt þegar verið gert og áfram verður haldið á sömu braut. Efling og styrking stjórnsýslunnar er stöðugt viðfangsefni og við erum mjög langt komin í því að innleiða breytingar í samræmi við ábendingar Rannsóknarnefndar Alþingis og þingmannanefndarinnar.

Ég vil nota þetta tækifæri til þess að þakka frábæru starfsfólki Stjórnarráðsins fyrir framlag sitt í þeim efnum.

# Þetta sem helst nú varast vann…

Sjávarútvegsmál

Einar K. Guðfinnsson
alþingismaður



Guðmundur Andri Thorsson rithöfundur skrifar grein í Fréttablaðið um upplifun sína af umræðum um fiskveiðistjórnarmálin upp á síðkastið. Höfundurinn varar við gífuryrðum og órökstuddum sleggjudómum. Það er gott og blessað. En hitt er auðvitað lakara að hann hittir sjálfan sig þar fyrir. Í greininni fellur Guðmundur nefnilega sjálfur ofan í forarpyttina með sleggjudómum og órökstuddum fullyrðingum.

„Þetta sem helst nú varast vann varð samt að koma yfir hann.“ Guðmundur Andri segir til dæmis: „Sjálfstæðismenn tala eins og það jafngildi vist í Gúlaginu að fá ekki lengur að græða peninga á hvaða hátt sem er.“ Þetta er vitaskuld fráleit fullyrðing og gjörsamlega út í hött, enda gerir hann enga tilraun til þess að styðja þessi orð sín dæmum eða rökum.

Við sjálfstæðismenn höfum varað mjög við afleiðingum frumvarpa ríkisstjórnarinnar um sjávarútvegsmál. Það höfum við reynt að gera með rökum, eins og mikil efna standa til. Sjónarmið okkar eru ekki óumdeild, langt því frá. En það er ekki eins og við höfum staðið einir í þessum málflutningi. Þvert á móti. Sjávarútvegsfrumvörpin hafa verið harðlega gagnrýnd úr öllum áttum.

Sjómenn, útgerðarmenn, trillukarlar, fiskverkendur, fræðimenn, fulltrúar fjármálafyrirtækjanna, ASÍ, verkalýðsfélög, sveitarfélög og fleiri og fleiri hafa varað við. Því miður hafa viðbrögðin verið gamalkunnug. Það er reynt að vaða í manninn, en ekki boltann.

Þeir sem vilja tileinka sér þannig umræðu vita vel að þá er það ágæt aðferð að kynda undir þekktum fordómum um útgerðarmenn; að þeir berji sífellt lóminn. Hrópi úlfur, úlfur og því sé réttast að taka sem minnst mark á þeim. Þetta var grunnstefið í grein Guðmundar Andra.

Svona aðferð er kunnugleg. Var okkur ekki sagt fyrir hrun að ekkert væri að marka viðvörunarorð sem heyrðust frá Danmörku, af því að þar væru menn svo öfundsjúkir yfir velgengni manna úr gömlu nýlendunni? Og fleiri álíka orð féllu þá í þessa veru, sem við ættum að læra af, en forðast að tileinka okkur þau vinnubrögð.

Það er þess vegna stórháskalegt að drepa niður réttmætar viðvaranir með því að freista þess að ófrægja þá sem setja þær fram. Skipulag fiskveiða er nefnilega gríðarlega þýðingarmikið mál og varðar hag okkar allra. En til þess að þjóðin geti notið arðs af þeirri atvinnustarfsemi, þarf að gæta þess að fyrirtækin geti dafnað. Og er það einmitt mergurinn málsins? Sjónarmið okkar sjálfstæðismanna hafa verið að með nýju sjávarútvegsfrumvörpunum sé þessum sjálfsögðu sannindum einmitt varpað fyrir borð.

Og það eru ekki bara sjómennirnir, útgerðarmennirnir, fiskvinnslufólkið, fiskverkendurnir sem tapa á því háttalagi. Heldur líka við hin, hvort sem við fáumst við stjórnmál eða orðsins listir.






# Europris

ÓDÝRT FYRIR ALLA!



25.990

**20" REIÐHJÓL**
Margir litir



19.990

**REIÐHJÓLAVAGN**
Pláss fyrir tvö börn
Sterkbyggður og vatnsfráhrindandi




Nýr orkudrykkur!

199

**FAXE KONDI BOOSTER**
Orkudrykkur
25 cl




199

**BÓMULLARVÖRUR**
Eyrnapinnar, 200 stk
Bómullarskífur, 80 stk
Bómullarskífur, stórar, 40 stk




4x64 stk

1290

**HUGGIES**
Blautklútar




499

**HUGGIES**
Bómullarþurrkur, 60 stk




1,8 ltr

1590

**ARIEL**
Fljótandi þvottaefni
Fyrir hvítan og litaðan þvott




500 ml

199

**HANDSÁPA**



1495

**STRIGASKÓR**
St 36-41



1495

**STRIGASKÓR**
St 41-46



1495

**STRIGASKÓR**
St 36-41



4995

**ÚTIVISTASKÓR**
Xtreme Sport
St 36-46



3995

**BARNASKÓR**
St 24-35

**FATNAÐUR • ÞVOTTA- OG HREINLÆTISEFNI • VERKFÆRI • HEIMILISVARA • SNYRTIVARA • PRJÓNAGARN • FRÍSTUNDAVARA • MATVARA**


79
COCA COLA
33 cl
Kauptu þrjá og fáðu
þann fjórða í kaupbæti
1290
pr stk
GRÓÐURMOLD
50 LTR
50%
afsláttur á silkiblómum
3490
STRAUBORÐ
110x33 cm
Úr málmi
5990
HEKKKLIPPUR
550 W
990
GEYMSLUKASSI
31 ltr, með loki
5990
SÓLSTÓLL
Oxford
Rauður/svartur/blár
~~Verð áður: kr 7699~~
30 á rúllu
899
RUSLAPOKAR
3995
STRIGASKÓR
Með rennilás á hlið
St 36-41
4995
SPORTSKÓR
St 36-46
1990
SPORTSKÓR
St 25-35
St 36-46, kr 2790
Fleiri litir
3995
MOKKASÍUR
St 41-46
1299
CLOGS
Barna/dömu/herra
FISKISLÓÐ • KORPUTORGI • DALVEGI, KÓPAVOGI • AUSTURVEGI, SELFOSSI
WWW.EUROPRIS.IS

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**JÖKULL JAKOBSSON** (14. sept. 1933 – 25. apríl 1978) rithöfundur og leikritaskáld lést á þessum degi.

*„Sumt fólk ryður út úr sér heilu fyrirlestrunum, oftast ekki að marka orð af því sem það segir. Stundum er mest að marka það sem það minnist ekki á.“*

## Merkisatburðir

1719 Róbinson Krúsó eftir Daniel Defoe kemur út.

1915 Hótel Reykjavík og ellefu önnur hús við Austurstræti, Pósthússtræti og Hafnarstræti brenna í mesta eldsvoða á Íslandi til þessa tíma. Tveir menn farast.

1944 Fyrsta íslenska óperettan, Í álögum, er frumsýnd í Iðnó.

1974 Nellikubyltingin hefst í Portúgal þar sem einræðisstjórn landsins er steypt af stóli.

1991 Bifreið er ekið á hæsta tind Íslands, Hvannadalshnúk á Öræfajökli, í fyrsta sinn.

2005 Búlgaría og Rúmenía skrifa undir samning um inngöngu í ESB.

ÞETTA GERÐIST: 25. APRÍL 1983

## *Upp kemst um fölsun dagbóka*



Á dramatískum blaðamannafundi þýska tímaritsins Stern árið 1983 var því lýst yfir að dagbækur Hitlers, sem blaðið hafði undir höndum, væru falsaðar. Tímaritið hafði nokkrum dögum fyrr birt brot úr dagbókunum og fullyrt að það hefði sextíu dagbækur undir höndum.

Dagbækurnar, sem voru sextíu talsins, átti Hitler að hafa skrifað á árunum 1932 til 1945. Blaðamaður Stern, Gerd Heidemann, fullyrti að þær hefðu fundist á heylofti í Austur-Þýskalandi. Sagðist hann telja að bækurnar hefðu legið á loftinu frá því þýsk flugvél hrapaði í stríðslok með ýmis leynigögn úr híbýlum Hitlers í Berlín.

Fljótlega eftir birtinguna kom upp grunur um að dagbækurnar væru falsaðar og voru þær sendar í rannsókn. Kom þá ýmislegt í ljós sem staðfesti þann grun. Meðal annars það, að pappírinn í bókunum var framleiddur eftir lok síðari heimsstyrjaldarinnar. Þá fundust ýmsar rangfærslur í dagbókunum sjálfum. Síðar kom í ljós að dagbækurnar höfðu verið keyptar af hinum snjalla falsara Konrad Kujau, sem hlaut níu milljónir þýskra marka fyrir greiðann.

Heidemann og Kujau voru síðar dæmdir í 4 og hálfs árs fangelsi fyrir svik og fölsun.

KUNDALINI-JÓGAKENNARAR: HLJÓTA VIÐURKENNINGU LANDSPÍTALANS

# Jóga góð viðbót við meðferð gegn geðrænum vandamálum

„Það er mikil hvatning fyrir okkur að fá viðurkenningu á því að við séum á réttri leið,“ segir segir Estrid Þorvaldsdóttir, sem ásamt Þórgunni Ársælsdóttur geðlækni tók á móti viðurkenningu á ársfundi Landspítalans í gær, en þær hafa undanfarin ár kennt starfsfólki spítalans jóga. Nokkrir aðrir starfsmenn spítalans fengu viðurkenningu fyrir vel unnin störf.

Í vetur hafa þær Estrid og Þórgunnur jafnframt staðið fyrir kundalinijógakennslu á Kleppi. Þar hafa tímarnir mælst vel fyrir og þykja þeir góð viðbót við aðra meðferð. „Slökun og jóga kemur ekki í staðinn fyrir faglega vinnu, en það getur verið mjög mikilvæg viðbót við aðra meðferð. Erlendar rannsóknir hafa sýnt að iðkun jóga dregur úr þunglyndi, kvíða og streitu,“ segir Estrid og bætir við að mikil vakning sé að verða á góðum áhrifum jóga, hvort heldur sem er í heilbrigðiskerfinu eða samfélaginu öllu.

Hún segist sjá jákvæðar breytingar á því fólki sem sótt hafi tíma hennar, hvort sem er á Kleppi, á átröskunardeild Landspítalans eða dagdeildinni Hvítabandi, þar sem hún hefur líka kennt jóga.

Þær Estrid og Þórgunnur hafa unnið saman að því að kynna kosti kundalinijóga frá því árið 2009. „Við Þórgunnur vorum saman í kundalini-jógakennaranámi árið 2008 og fórum í kjölfarið á því af stað með að kenna starfsfólki Landspítalans kundalini-jóga,“ rifjar Estrid upp. „Það var nauðsynlegt að fara þessa leið, til þess að starfsfólkið gæti opnað sig fyrir jóga. Það hefði ekki verið hægt að byrja á hinum endanum. Það tók sinn tíma að opna nokkrar dyr, en nú er að verða mikil og almenn vakning á þessu sviði.“



**SJÁ ÁRANGUR Í STARFI** Þær Estrid Þorvaldsdóttir og Þórgunnur Ársælsdóttir hafa í starfi sínu séð að iðkun jóga getur hjálpað við að draga úr kvíða og þunglyndi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Kundalini þýðir lífsorka og jóga þýðir sameining. Í kundalini-jóga er unnið jafnt með hugann og líkamann. Markmiðið er að temja hugann. „Með því að stunda kundalini-jóga verðum við að betri okkur sjálfum. Þegar fólk er mjög kvíðið á það oft erfitt með andardráttinn. Kundalini getur hjálpað þar. Þunglyndi getur valdið því að við náum ekki í kraftinn okkar og kundalini er gott verkfæri til að komast aftur í tenginguna við hann. Félagsfælni minnkar líka, því ef við náum að lenda betur í okkur sjálfum erum við ekki eins mikið með hugann við það sem hinir eru að gera. Við verðum sáttari við okkur sjálf,“ segir Estrid að lokum og hvetur alla til að prófa jóga og finna hversu góð áhrif ástundun þess getur haft á sálarlífið.

holmfridur@frettabladid.is

---

✝



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**AUÐUR JÓNSDÓTTIR**
**hjúkrunarfræðingur,**
**frá Múla í Álftafirði,**

lést á krabbameinsdeild Landspítalans laugardaginn 21. apríl. Útför hennar fer fram frá Fossvogskirkju mánudaginn 30. apríl klukkan 13.00.

**Sigurjón Marinósson**
**Elín María Sigurjónsdóttir – Eyþór Kolbeinsson**
**Marinó Freyr Sigurjónsson – Irene Emily Wilkinson**
**Ásgeir Eyþórsson – Birkir Eyþórsson**
**Auður Eyþórsdóttir – Sigurjón Ernir Eyþórsson**
**Ari Khuzani Marinósson**

---

✝



Eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

**ÞÓRÐUR VÍGLUNDSSON**
**Hlíðargötu 9, Neskaupstað,**

lést á heimili sínu laugardaginn 21. apríl. Útförin fer fram frá Norðfjarðarkirkju mánudaginn 30. apríl kl. 14.00.

**Stella Steinþórsdóttir**
**Ragnheiður Þórðardóttir**
**Steinþór Þórðarson – Elena Zaitseva**
**Víglundur Þórðarson – Sigurjóna Jónsdóttir**
**og barnabörn.**

---

✝



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**JÓHANNA GUÐBJÖRG GUNNLAUGSDÓTTIR**
**frá Efri-Harrastöðum, Skagaströnd, Kópavogsbraut 1B, Kópavogi,**

lést á Landspítala, Landakoti, miðvikudaginn 18. apríl. Útförin fer fram frá Garðakirkju á Álftanesi föstudaginn 27. apríl kl. 15.00.

**Bergdís Ósk Sigmarsdóttir – Davíð W. Jack**
**Gunnlaugur G. Sigmarsson – Steinunn F. Friðriksdóttir**
**Sigurþór Heimir Sigmarsson – Þjóðbjörg Hjarðar**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Móðir mín,

**UNNUR SÓLVEIG VILBERGSDÓTTIR**
**Lækjasmára 6, Kópavogi,**

sem lést á Landspítalanum v/Hringbraut 16. apríl, verður jarðsungin frá Fossvogskirkju föstudaginn 27. apríl kl.15.00.

**Vilborg G. Hansen**

---

✝



Innilegar þakkir til allra þeirra sem auðsýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför bróður okkar, mágs, frænda og vinar,

**EYJÓLFS PÉTURSSONAR**
**fyrrverandi bónda á Nautaflötum í Ölfusi, Úthaga 3, Selfossi.**

Starfsfólki Kumbaravogs eru færðar alúðarþakkir fyrir umönnun og hlýju.

**Þorbergur Pétursson – Rós Ólafsdóttir**
**Soffía Pétursdóttir**
**systkinabörn og fjölskyldur þeirra.**

---

✝



Ástkær sonur minn, eiginmaður, faðir, tengdafaðir og afi,

**ÁGÚST G. BERG**
**arkitekt,**

lést að heimili sínu laugardaginn 21. apríl. Útför hans fer fram frá Neskirkju miðvikudaginn 2. maí kl. 15.00.

**Björg Baldvinsdóttir – Signý Guðmundsdóttir**
**Guðrún Björg Ágústsdóttir – Ágúst Ómar Ágústsson**
**Guðmundur R. Ágústsson – Ármann Pétur Ágústsson**

---


ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS



Vaktsími: 581 3300 & 896 8242
www.utforin.is
Allan sólarhringinn
Sverrir Einarsson – Kristín Ingólfsdóttir – Hermann Jónasson

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is Símar: 565 5892 & 896 8242


---

✝



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**KRISTÍN HALLDÓRSDÓTTIR**
**áður Fannborg 8,**

andaðist á Hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð mánudaginn 16. apríl. Jarðarförin fer fram frá Kópavogskirkju fimmtudaginn 26. apríl kl. 15.00.

**Fyrir hönd vandamanna,**
**Haukur Högnason**
**Hildur Högnadóttir**
**Hildigunnur Davíðsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**ÓLAFUR JÓNSSON**
**fyrrv. verslunarmaður,**
**frá Fossi í Hrútafirði,**
**til heimilis að Lækjasmára 106, Kópavogi,**

lést á Hjúkrunarheimilinu Sóltúni miðvikudaginn 18. apríl síðastliðinn. Útförin fer fram frá Áskirkju mánudaginn 30. apríl kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á minningarsjóð Sóltúns.

**Bryndís Ólafsdóttir – Sigríður Ólafsdóttir**
**Sigurður Björnsson – Sunna Lind Sigríðardóttir**
**Ólafur Hákon Sigurðarson**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.




# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 25. apríl 2011 | 8. tölublað | 8. árgangur

Sími: 512 5000 | vísir www.visir.is

…við prentum!
Prentgripur 141 381
GUÐJÓN Ó
VISTVÆN PRENTSMIÐJA
Sími 511 1234 • www.gudjono.is




# Síðasta stóra endurskipulagningin

- Skipti er stærsta íslenska félagið sem hefur ekki verið endurskipulagt
- Langtímaskuldir félagsins eru um 60 milljarðar króna
- Skuldabréfaflokkur að mestu í eigu lífeyrissjóða á gjalddaga í apríl 2014

## Niðurstöðu að vænta í SpKef deilu í síðasta lagi 10. maí

Úrskurðanefnd um fjárhagslegt uppgjör milli Landsbankans og íslenska ríkisins vegna yfirtöku bankans á SpKef mun skila niðurstöðu sinni í síðasta lagi 10. maí næstkomandi. Málflutningur deiluaðila fyrir úrskurðarnefndinni fór fram 28. og 29. mars síðastliðinn og hefur hún sex vikur frá lokum hans til að skila niðurstöðu. Ragnar H. Hall hæstaréttarlögmaður, sem er formaður nefndarinnar, segir niðurstöðuna ekki liggja fyrir en að það styttist í hana.

Um gríðarlega fjárhagslega hagsmuni er að ræða fyrir bæði Landsbankann, sem tók yfir starfsemi SpKef sparisjóðs í byrjun mars 2011, og íslenska ríkið. Ríkissjóður telur sig eiga að borga um 11,1 milljarð króna með SpKef en Landsbankinn telur ríkið þurfa að greiða sér 30,6 milljarða króna. Því skeikar um 20 milljörðum króna á mati deiluaðilanna.

- þsj

## Virði fasteigna N1 lækkaði um tvo milljarða á sex mánuðum

Virði þeirra fasteigna sem hýsa starfsemi N1 rýrnaði um tæpa tvö milljarða króna á tæplega sex mánaða tímabili í lok árs 2011. Þetta kemur fram í ársreikningi félagsins fyrir það ár.

Fjárhagslegri endurskipulagningu N1 lauk með undirritun á frjálsum nauðasamningum félagsins 24. júní 2011. Ein af forsendum nauðasamningsins var að N1 myndi kaupa fasteignir Umtaks ehf., sem hýsa starfsemi N1, á 9,5 milljarða króna af Arion banka, sem hafði leyst til sín Umtak. Um sex mánuðum síðar var síðan framkvæmt virðisrýrnunarpróf á fasteignum félagsins. Í ársreikningi N1 segir að „niðurstöður virðisrýrnunarprófsins leiddu til gjaldfærslu í rekstrarreikningi að fjárhæð 1.988 millj. kr. og samvarandi lækkunar á bókfærðu virði fasteigna“.

Við endurskipulagningu N1 í fyrrasumar varð Arion banki stærsti eigandi félagsins með 39% eignarhlut. Sá hlutur var seldur til Framtakssjóðs Íslands (FSÍ) í lok september 2011 en viðskiptin voru gerð með fyrirvara um samþykki Samkeppniseftirlitsins. Þau viðskipti hafa ekki enn verið kláruð. Gangi þau eftir mun FSÍ fara með tæplega 55% eignarhlut í N1.

- þsj



## Fróðleiksmolinn

DataMarket

### Fjöldi dvalargesta á Vogi árið 2011 eftir kyni og aldri

Samkvæmt tölulegum gögnum frá SÁÁ, dvöldu 636 einstaklingar á Vogi árið 1997, flestir á aldrinum 30-39 ára. Árið 2011 (sjá mynd) dvöldu þar 1.666 einstaklingar og flestir á aldrinum 20-29 ára. Konum hefur fjölgað hlutfallslega meira en körlum. Árið 1977 var hlutfall kvenna á Vogi 20% en árið 2011 var það orðið 31%. Konum fjölgaði úr 126 í 523 árið 2011 en körlum úr 510 árið 1977 í 1.143 árið 2011.




Heimild: SÁÁ http://data.is/I5K9tN

### Verðþróun nokkurra vímuefna frá aldamótum (meðalverð)




Heimild: SÁÁ http://data.is/I5JoRE

## Dagatal viðskiptalífsins

keldan dagatal viðskiptalífsins

**MIÐVIKUDAGUR 25. APRÍL**
- **Fjöldi útgefinna vegabréfa**
- **Bankakerfi – hagtölur SÍ**
- **Ársfundur Frjálsa lífeyrissjóðsins**

**FIMMTUDAGUR 26. APRÍL**
- **Starfsfólk í leikskólum** í des. 2011
- **Börn í leikskólum** í des. 2011
- **Hvaða gagn er í gagnaverum á Íslandi?** – ráðstefna
- **Ársfundur Almenna lífeyrissjóðsins**

**FÖSTUDAGUR 27. APRÍL**
- **Vísitala neysluverðs** í apríl 2012
- **Nýskráningar og gjaldþrot** í mars 2012
- **Verðbréfaviðskipti - hagtölur SÍ**
- **Ýmis lánafyrirtæki - hagtölur SÍ**
- **Staða markaðsverðbréfa - hagtölur SÍ**
- **Útboð ríkisbréfa**
- **Evrópufundaröð Alþjóðamálast.**- Almenningsálitið í ESB!

**MÁNUDAGUR 30. APRÍL**
- **Vísitala framleiðsluverðs**
- **Vöruskipti við útlönd** í janúar-mars 2012

*Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á* Vísir

Fyrir lagermanninn!

Pallettu-tjakkur
2 Tonna lyftigeta
32.990,-

Sýndur hér með PU hjólum. Fánlegur með nælon hjólum á kr. 31.990

Skv.staðli EN471
Flísjakki með hettu
6.450,-



Kletthálsi 7 - Reykjavík
Fuglavík 18 - Reykjanesbæ
Furuvöllum 15 - Akureyri

Meiri gæði / Lægra verð
MÚRBÚÐIN
– Afslátt eða gott verð?
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

# Einfaldari aðgangur að fjárstýringu

**H.F. Verðbréf hafa síðustu misseri boðið upp á innlánamarkað fyrir fyrirtæki í gegnum Kelduna. Notendur fá tilboð frá fjárstýringum bankanna innan fimm mínútna frá því að þeir óska þess. Viðtökur góðar segir framkvæmdastjóri Keldunnar.**

Innlánamarkaður H.F. Verðbréfa hefur síðustu misseri notið nokkurra vinsælda meðal innlendra fyrirtækja. Innlánamarkaðurinn er aðgengilegur í gegnum upplýsingaveituna Kelduna.is en hann gerir notendum kleift að fá tilboð frá innlánastofnunum í innlán sín til allt að tólf mánaða ávöxtunar.

„Eftir að við hófum kynningu á þessari þjónustu hafa vinsældir hennar aukist jafnt og þétt. Hver mánuður hefur í raun verið betri en sá á undan og ný fyrirtæki eru stöðugt að bætast í hóp viðskiptavina," segir Friðrik Guðjónsson, framkvæmdastjóri Keldunnar, og bætir við: „Mörg stærstu fyrirtæki landsins hafa þegar nýtt sér þjónustuna og oft fengið betri kjör en áður með þessu tilboðsfyrirkomulagi."

Friðrik segir að með þessari þjónustu geti fyrirtæki eða fjársterkir aðilar fengið aðgang að fjárstýringum bankanna og óskað nafnlaust eftir tilboðum í innlán, að lágmarki 50 milljónir króna. „Í kjölfarið hafa fjárstýringarnar fimm mínútur til að svara tilboðinu og viðskiptavinurinn svo fimm mínútur til að ákveða hvort hann vilji taka einu af tilboðunum sem bárust," segir Friðrik.

Áskriftin að innlánamarkaðnum er ókeypis fyrir viðskiptavini en fjárstýringar þeirra banka sem taka þátt í markaðnum greiða fyrir milligönguna. Arion banki, Íslandsbanki og MP banki taka þátt í markaðnum en Landsbankinn ekki.

„Fyrir tilkomu þessarar þjónustu hringdu fyrirtæki einfaldlega í fjárstýringar bankanna og óskaðu eftir tilboðum. Miðað við viðtökurnar sem þessi þjónustu hefur fengið þá virðist þetta einfalda ferlið," segir Friðrik og bætir við að þetta fyrirkomulag sé þekkt úti í heimi en hafi ekki verið notað á Íslandi fyrr.

Eins og áður segir er innlánamarkaðurinn aðgengilegur í gegnum Kelduna. Keldan var stofnuð á haustdögum árið 2009 og er upplýsingaveita um íslenskan fjármálamarkað. Kelduna má nálgast á vefsíðunni Keldan.is en auk þess í gegnum nýtt snjallsíma-app sem kynnt var stuttu fyrir páska.

Umfang upplýsinga sem nálgast má á Keldunni hefur aukist jafnt og þétt frá stofnun og má nú meðal annars finna þar fyrirtækja- og fasteignaupplýsingar auk hefðbundinna markaðsupplýsinga. Þá veitir Keldan aðgang að öllum helstu upplýsingaskrám sem reknar eru af opinberum aðilum á Íslandi. Loks heldur Keldan utan um viðburðadagatal sem nefnist Dagatal viðskiptalífsins. Í því eru birtar tímasetningar viðburða í viðskiptalífinu, útgáfudagar helstu hagtalna, dagsetningar skuldabréfaútboða og dagsetning á fyrirhugaðri birtingu ársreikninga helstu fyrirtækja.



**KELDAN** „Mörg stærstu fyrirtæki landsins hafa þegar nýtt sér þjónustuna," segir Friðrik Guðjónsson, framkvæmdastjóri Keldunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### INNLÁNAMARKAÐUR

**Notkun innlánamarkaðarins** er einföld og tekur aðeins skamma stund. Opið er fyrir viðskipti milli klukkan 09.00 og 15.30.
- Viðskiptavinur tilgreinir fjárhæð og binditíma og óskar eftir tilboði frá innlánsstofnunum.
- Innlánsstofnanir svara með tilboðum.
- Viðskiptavinur velur það tilboð sem honum hugnast best og staðfestir viðskipti – rafræn kvittun verður til í vefkerfinu.
- Viðskiptavinur millifærir umsamda fjárhæð til innlánsstofnunar.
- Á gjalddaga innláns greiðir innlánsstofnun innlán til baka ásamt umsömdum vöxtum.

Bakkavör Group ætlar að breyta kröfum í hlutafé:

# Ráðist verður í fjárhagslega endurskipulagningu Bakkavarar

Bakkavör Group og Bakkavör Finance tilkynntu í gær að þau ætluðu að ná samkomulagi við lánveitendur sína um að breyta kröfum í hlutafé og ráðast í kjölfarið í endurskipulagningu á Bakkavör. Þá ætla félögin líka að semja við veitendur sambankaláns upp á 380 milljónir punda, 77,7 milljarða króna, sem veitt var í byrjun árs 2011, og er á gjalddaga 2014, um að endurstilla gjaldfellingarákvæði í láninu sem þegar hafa tekið gildi. Auk þess mun Bakkavör Finance, sem gaf út 350 milljón punda, 71,5 milljarða króna, skuldabréfaflokk sem er á gjalddaga árið 2018 að sækjast eftir leyfi frá eigendum hans til að gera tæknilegar breytingar á útgáfunni svo að hægt sé að ráðast í endurskipulagninguna.

Bakkavör Group, móðurfélag Bakkavararsamstæðunnar, gerði nauðasamning í mars 2010 en félagið hafði staðið í stórtækri skuldabréfaútgáfu á uppgangstímum íslensks viðskiptalífs. Heildarskuldir þess þegar nauðasamningurinn var gerður voru um 64 milljarðar króna. Helstu eigendur umræddra skuldabréfa voru íslensku bankarnir, íslensk þrotabú og þrír stærstu lífeyrissjóðir landsins, Lífeyrissjóður verzlunarmanna, LSR og Gildi. Skuldabréfin voru öll óveðtryggð þar sem allar undirliggjandi eignir Bakkavar voru veðsettar öðrum. Lífeyrissjóðirnir þrír höfðu fært niður skuldabréfaeign sína í Bakkavör um 7,5 milljarða króna í árslok 2010.

Samkvæmt nauðasamningi Bakkavarar Group átti félagið að greiða skuldabréfaeigendunum um 500 milljónir punda, yfir 100 milljarða króna, fram til ársins 2014. Ef það myndi takast þá gætu aðaleigendur Bakkavarar, bræðurnir Lýður og Ágúst Guðmundssynir, eignast 25% hlut í Bakkavör á ný. Þeir fengu auk þess að reka fyrirtækið áfram á grundvelli nauðasamningsins. Afkoma Bakkavarar hefur hins vegar verið mun lakari en forsendur nauðasamningsins gerðu ráð fyrir, meðal annars vegna mikillar hækkunar á hrávöru í heiminum. Því hafa forsendurnar brostið.

- þsj



**BRÆÐUR** Lýður og Ágúst Guðmundssynir munu ekki eignast þann fjórðungshlut í Bakkavör sem nauðasamningar gerðu ráð fyrir að þeir myndu geta eignast. FRÉTTABLAÐIÐ/VILLI

TM Software Applicon

**Betri lausnir í 20 ár**
**1992-2012**



Starfsfólk Nýherja, 20 ára.

# Nýjar lausnir – nýir tímar

## Afmælisráðstefna Nýherja og dótturfélaga með fyrirlesurum frá Gartner, IBM og SAP á Hilton Reykjavik Nordica, 3. maí kl. 13-17

### Dagskrá

- 13:00-13:10 **Nýherji í 20 ár.**
  Þórður Sverrisson, forstjóri Nýherja.
- 13:10-14:00 **Re-imagine IT.**
  David Norton, Research Director, Gartner.
- 14:00-14:15 **Kaffihlé og skipting í tvo præði.**

### Hagræðing í rekstri

- 14:15-14:45 **Leiðin að „Lean fyrirtæki" með Atlassian lausnum.**
  Pétur Ágústsson, hópstjóri, TM Software.
- 14:50-15:20 **Samstæðuuppgjör og áætlanagerð með SAP BPC.**
  Guðmundur Garðarsson, SAP ráðgjafi, Applicon.
- 15:20-15:40 **Kaffihlé.**
- 15:40-16:10 **Öruggari notkun snjalltækja.**
  Guðmundur A. Þórðarson, lausnaráðgjafi, Nýherji.
- 16:15-16:45 **Go Mobile with SAP.**
  Peter von Linstow, Solution Center Mobility Specialist, SAP.

### Sóknarfæri með nýrri tækni

- 14:15-14:45 **Með vefinn í vasanum.**
  Soffía Þórðardóttir, hópstjóri, TM Software.
- 14:50-15:20 **In-memory Computing**
  Thomas Madsen, Solution Advisor, SAP.
- 15:20-15:40 **Kaffihlé.**
- 15:40-16:10 **Tölvuský - hámörkun ávinnings, lágmörkun áhættu.**
  Helgi Björgvinsson, lausnaráðgjafi, Nýherji.
- 16:15-16:45 **PureSystems Announcement.**
  Torben Skov, NGP Platform Leader, IBM Denmark.

- 16:45 **Léttar veitingar í boði fyrir gesti.**
- 18:00 **Ráðstefnulok.**




Nýherji er 20 ára á árinu 2012. Af því tilefni blásum við til afmælisráðstefnu þar sem lögð er áhersla á lausnir sem skapa hagræðingu í rekstri og þau sóknarfæri sem felast í tilkomu nýrrar tækni. Þátttaka er án endurgjalds, en skráning fer fram á **nyherji.is**.

NÝHERJI
BETRI LAUSNIR

**Nýherji hf.  Sími 569 7700  Borgartúni 37  Akureyri  nyherji.is**

# Þorri afskrifta vegna kvótakaupa

**Landsbankinn segir að 98 prósent áætlaðra afskrifta hans vegna hækkunar á veiðigjaldi séu vegna lána sem veitt voru til að fjárfesta í kjarnastarfsemi. Að mestu vegna kaupa á aflaheimildum. Tæplega 500 milljónir króna af 31 milljarði króna er vegna fjárfestinga í óskyldum rekstri.**

SJÁVARÚTVEGUR

**Þórður Snær Júlíusson**
thordur@frettabladid.is

Landsbankinn fullyrðir að rúmlega 98% af skuldum sjávarútvegsfyrirtækja sem bankinn þarf að afskrifa vegna nýs frumvarps um veiðigjald sé vegna fjárfestinga í kjarnastarfsemi þeirra. Einungis 1,5% upphæðarinnar eru vegna fjárfestinga í óskyldum rekstri eða fjármálagerningum. Þetta kemur fram í svari Landsbankans við fyrirspurn Markaðarins.

Alls áætlar Landsbankinn að hann muni tapa 31 milljarði króna vegna áhrifa frumvarpsins. Tæplega 500 milljónir króna yrði vegna fjárfestinga í óskyldum rekstri en afgangurinn, rúmlega 30 milljarðar króna, vegna fjárfestinga í kjarnastarfsemi. Í svari bankans segir að af þessu leiði að „meginþorri þeirra 74 félaga sem ekki mun geta staðið við skuldbindingar sínar fjárfesti í aflaheimildum á árunum 2002-2007“. Lán til fyrirtækja í sjávarútvegi eru um 21,2% af öllum útlánum Landsbankans til viðskiptavina, samkvæmt ársreikningi bankans. Alls nema þau 136 milljörðum króna. Í umsögn Landsbankans kemur fram að eiginfjárhlutfall hans myndi lækka úr 21,4% í 19% ef frumvarpið um veiðigjöld yrði samþykkt.

Umfang útlána til sjávarútvegs er mun minna í Íslandsbanka (12%) og Arion banka (11% til sjávarútvegs og landbúnaðar). Íslandsbanki hefur ekki upplýst um hver bein áhrif á efnahag bankans yrðu ef frumvarpið yrði að lögum. Í umsögn Íslandsbanka um frumvörpin kemur þó fram að 70 milljarðar króna af útlánum bankans væri til sjávarútvegs í lok árs 2011. Um væri að ræða eina helstu stoðina í lánasafni bankans. Ljóst væri „að neikvæð áhrif á bankann verða tilfinnanleg og framtíðarhorfur í bankarekstri á Íslandi verða lakari, nái þessi frumvörp fram að ganga“. Áhætta Arion banka vegna lána til sjávarútvegs innan íslenskrar lögsögu er um 72 milljarðar króna. Bankinn reiknar með að um 37% af lánum hans til slíkra muni þurfa að fara í gegnum fjárhagslega endurskipulagningu ef frumvarpið verður að lögum.

Vilji er til þess hjá stjórnvöldum að taka umfram eigið fé út úr íslensku bönkunum í formi arðgreiðslna. Samkvæmt samantekt um málið sem unnin var innan stjórnsýslunnar, og Markaðurinn hefur undir höndum, snýst sú útgreiðsluhugmynd um að greiða út allt eigið fé umfram 20% eiginfjárhlutfall. Alls er reiknað með að hlutdeild ríkissjóðs í þessum útgreiðslum, vegna eignarhluta hans í bönkunum, nemi 12,1 milljarði króna. Stærstur hluti þeirra, 10,6 milljarðar króna, á að koma frá Landsbankanum vegna 81,3% eignarhlutar ríkisins í honum. Gangi umsögn Landsbankans eftir myndi allt það fé renna í afskriftir vegna afleiðinga veiðigjaldsfrumvarpsins.




**DEILUR** Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið telur að sjávarútvegsfyrirtæki muni halda eftir rúmum 70% af hagnaði sínum fyrir fjármagnsliði verði frumvarpið að lögum. Það myndi þýða 53,5 milljarða króna ef miðað er við hagnað þeirra í fyrra. Samt telja bankar að fjölmörg fyrirtæki myndu lenda í greiðsluvanda. FRÉTTABLAÐIÐ/EGILL

## SKULDUM EKKI BREYTT Í NÝTT HLUTAFÉ

**Í nýjustu skýrslu** eftirlitsnefndar efnahags- og viðskiptaráðherra um eftirgjöf skulda yfir einum milljarði króna kemur fram að fimm sjávarútvegsfyrirtæki, með upphaflegar heildarskuldir upp á 21 milljarð króna, hafi fengið skuldaeftirgjafir. Samkvæmt skýrslunni var 61% af skuldum þeirra, samtals 12,8 milljarðar króna, afskrifaðir en 39%, 8,2 milljarðar króna, látnir standa eftir. Lánardrottnar fyrirtækjanna fimm breyttu ekki einni krónu af skuldum þeirra í nýtt hlutafé. Fyrrverandi eigendur þeirra, sem stofnuðu til skuldanna, fengu því að halda þeim að fullu leyti.

# Skipti ekki á leið í endurskipulagningu

**Hvorki helstu kröfuhafar né eigendur Skipta eru að þrýsta á að félagið fari í fjárhagslega endurskipulagningu. Það er gríðarlega skuldsett og vaxtaberandi skuldir eru um 60 milljarðar króna. Félagið er þó í skilum með afborganir. Arion er stærsti eigandi og stærsti lánveitandi Skipta.**

FRÉTTASKÝRING

**Þórður Snær Júlíusson**
thordur@frettabladid.is

Lítill vilji er á meðal stærstu kröfuhafa og eigenda Skipta, móðurfélags Símans, Mílu og Skjá Miðlar, að ráðast í fjárhagslega endurskipulagningu félagsins á næstunni. Skipti er stærsta rekstrarfélag landsins í skuldavanda sem enn á eftir að endurskipuleggja eftir bankahrunið. Heimildir Markaðarins herma að endurskoðunarfyrirtækið KPMG hafi verið fengið til að vinna tillögur að fjárhagslegri endurskipulagningu Skipta á síðasta ári. Þeim tillögum var skilað í fyrrahaust en ákveðið var að nýta þær ekki. Síðan þá hefur hefur ekki verið unnið að því að grynnka á vaxtaberandi skuldum félagsins, sem nema um 60 milljörðum króna. Þær eru allar á gjalddaga á árunum 2013 og 2014. Allar skuldir Skipta eru þó í skilum og félagið greiðir vexti af þeim.

### Eigendur stýra og bíða

Eigandi Skipta er Klakki ehf., sem áður hét Exista. Stærstu eigendur þess félags eru Arion banki með 44,9% eignarhlut. Þrír erlendir vogunarsjóðir eiga auk þess samtals 17,5% hlut í Klakka.

Enginn áhugi er á meðal þeirra sem stýra félaginu að selja Skipti, enda stýra þeir félaginu þrátt fyrir að aðrir eigi veð í öllum eignum þess. Samkvæmt heimildum Markaðarins snýr vinna þeirra með félagið um að gera greiðslur og vaxtaafborganir viðráðanlegri. Engin áform eru þó uppi um að ráðast í stórtækar aðgerðir á næstunni.

### Sambankalán vegna einkavæðingar

Stærstur hluti skulda Skipta er vegna sambankaláns sem veitt var þegar Síminn, langstærsta eign Skipta, var einkavæddur árið 2005. Það er nú leitt af Arion banka en auk þess koma Íslandsbanki og erlendur bankar að því. Hópurinn á veð í öllum undirliggjandi eignum Skipta og er því tiltölulega öruggur með sína stöðu. Þess utan voru greiddir 17,2 milljarðar króna inn á lánið í apríl í fyrra. Samkvæmt heimildum Markaðarins var það gert vegna þess að ýmsir skilmálar lánsins höfðu verið brotnir og kröfuhafarnir hefðu getað gengið að veðum sínum ef ekki hefði samist um niðurstöðu. Við greiðsluna lækkaði sambankalánið niður í um 25 milljarða króna. Alls skuldar Skipti fjármálastofnunum um 40 milljarða króna.

### Lífeyrissjóðir eiga skuldabréf

Um 20 milljarðar króna af vaxtaberandi skuldum Skipta eru vegna skuldabréfaflokks sem er að gjalddaga í apríl 2014. Skipti greiðir vexti af þeim. Stærstu eigendur þeirra skuldabréfa eru Lífeyrissjóður Verslunarmanna (LV), Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins (LSR), Gildi lífeyrissjóður og Almenni lífeyrissjóðurinn. Auk þess eiga smærri fagfjárfestar bréf. Hluti af þessum hóp, sem er aftar í kröfuhafaröðinni aðrir lánveitendur, hafa rætt það í sínum hópi að breyta hluta af kröfum sínum í hlutafé og létta þannig á skuldabyrði Skipta. Af því varð þó ekki og hópurinn hefur ekki með neinum beinum hætti komið að samræðum um fjárhagslega endurskipulagningu Skipta. Heimildir Markaðarins herma að hann hafi viljað ráða Arctica Finance til að koma að slíkri vinnu en að það hafi ekki hlotið hljómgrunn. Í úttekt á lífeyrissjóðunum, sem kynnt var fyrr á þessu ári, kom fram að kerfið allt hafði einungis afskrifað 908 milljónir króna vegna skuldabréfa í Skiptum í árslok 2010. Tap þeirra gæti þó aukist umtalsvert ef ráðist yrði í fjárhagslega endurskipulagningu og kröfum þeirra yrði breytt í hlutafé. Því er ákveðin hvati fyrir sjóðina að fresta henni.




**SKIPTI** Helstu eignir félagsins eru Síminn, Míla og Skjá Miðlar. Rekstrarbati varð í fyrra, meðal annars vegna mikilla hagræðingaraðgerða. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## REKSTRARHAGNAÐUR JÓKST UM MILLJARÐ

Ein helsta ástæða þess að ekki hefur verið ráðist í endurskipulagningu Skipta er sú að rekstur félagsins er á batavegi. Hagnaður félagsins fyrir skatta, afskriftir og fjármagnsliði var um sex milljarðar króna í fyrra, sem er um 900 milljónum króna meira en árið áður. Þrátt fyrir það tapaði Skipti 10,9 milljörðum króna á árinu 2011. Tapið er aðallega tilkomið vegna hás fjármagnskostnaðar (fimm milljarðar króna) og afskrifta á afleiðusamningum (4,5 milljarðar króna).
Þetta hefur gerst samhliða því að velta félagsins hefur dregist saman. Hún var 27,6 milljarðar króna í fyrra en 33,6 milljarðar króna á árinu 2010. Ástæða þess er meðal annars sú að markaðshlutdeild Símans hefur dregist mikið saman vegna harðnandi samkeppni og kvaða frá eftirlitsstofnunum sem auðvelda áttu innkomu nýrra aðila á fjarskiptamarkað. Þau höft eru jafnt og þétt að afléttast. Skipti hafa líka sagt upp mikið af fólki og bara á síðasta ári fækkaði stöðugildum um 68.

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ



## Á FERÐ UM ÍSLAND

**Þeir sem ætla að ferðast um Ísland í sumar geta kynnt sér staðhætti, náttúrufar, gönguleiðir og margt fleira áhugavert á upplýsingavefnum ferdalag.is eða visiticeland.com. Á þessum síðum er margt áhugavert fyrir Íslendinga sem vilja ferðast um föðurlandið.**




**Hugsaðu vel um fæturna**

**Í hálfa öld hafa miljónir manna um allan heim notað BIRKENSTOCK sér til heilsubótar. Hvað um þig?**

Teg: „ Annapolis“ Fótlaga skór
úr leðri með vönduðu innleggi.
Stærðir: 36 - 42 Verð: 28.900.-

Misty skor
Laugavegi 178

Sími 551 2070
Opið mán.-fös. 10-18.
Lokað á laugard. 7. apríl

BIRKENSTOCK

Vertu vinur
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.mistyskor.is



White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki

Þvottavél 12 kg Þurrkari



Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.

<Þvottvélin tekur heitt og kalt vatn

Afkastamikill þurrkari >



Amerísk gæðavara

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS



**Skokkar og kjólar**



Grænn kjóll / skokkur á 6.900 kr. Margir litir. Str. 40 - 58

Túrkisblár kjóll á 5.900 kr. Tveir litir. Ein stærð: 48/50

Ríta

Við erum á Facebook

Bæjarlind 6
S. 554 7030

Eddufelli 2
S. 557 1730

www.rita.is


# ATLANTA SETUR UPP VEITINGAHÚS

**FLUGFÉLAGIÐ ATLANTA** *hefur sett upp veitingahús í Hlíðasmára þar sem 26 ára flugsaga félagsins fær að njóta sín.*

Ástæða þess að við settum upp veitingahús í þessu húsi í Hlíðasmára 3 er sú að skrifstofur Atlanta eru í sama húsi og við vildum að starfsmenn okkar gætu gengið að góðum mat í hádeginu. Hér var áður kaffihús en því var lokað,“ segir Stefán Eyjólfsson, einn af framkvæmdastjórum og eigendum félagsins.

Stefán segir að upphaflega hafi mötuneyti Atlanta verið í húsinu en síðan hafi félagið leigt út aðstöðuna fyrir kaffihús þar sem starfsmennirnir gátu borðað niðurgreiddan mat. „Þegar kaffihúsið lokaði ákváðum við að gera okkar eigin veitingastað sem gæti þá þjónað öllu hverfinu en hér eru margir stórir vinnustaðir,“ greinir Stefán frá.

Hann bætir því við að með þessari ákvörðun hafi félagið séð tækifæri til að bjóða upp á hollan og góðan mat í hádeginu. Bæði er hægt að borða á staðnum eða taka með sér. Einnig er veisluþjónusta í boði en fólk getur tekið staðinn á leigu fyrir afmæli, erfidrykkju, fermingu, brúðkaup eða aðrar uppákomur. „Þetta er fyrst og fremst hádegisstaður en við erum með opið til fjögur á daginn,“ segir Stefán. „Aðaltilgangurinn var að gera þetta almennilega fyrir okkar fólk og leyfa síðan öðrum að njóta þess.“

### INNRÉTTINGAR ÚR SEIFI

Það sem gerir staðinn skemmtilegan er að hann er skreyttur með flugtengdu efni úr sögu Atlanta. Áhugafólk um flug getur því komið og skoðað áhugaverða hluti á veitingahúsinu. „Við erum með myndir af öllum flugvélum sem hafa verið skráðar á flugfélagið Air Atlanta en það eru um 140 vélar. Heill veggur er því þakinn flugvélum. Þá höfum við sett upp í einu horni staðarins innréttingar úr flugvélinni Seifi sem flutti ólympíueldinn í kringum hnöttinn árið 2004 en hún var sérinnréttuð. Saga Atlanta kemur því sterk inn í innréttingu veitingastaðarins,“ bætir Stefán við.



**GOTT UMHVERFI** Stefán Eyjólfsson, Gaukur Eyjólfsson, Herdís Einarsdóttir og Margrét Grétarsdóttir í nýju veitingahúsi Atlanta. MYND/STEFÁN

### GAMALGRÓIÐ FYRIRTÆKI

Flugfélagið Atlanta er 26 ára gamalt fyrirtæki og á því orðið langa sögu. Þóra Guðmundsdóttir og Arngrímur Jóhannsson stofnuðu félagið árið 1986 en núverandi eigendur eru eingöngu með starfsemi erlendis. Margir hafa starfað hjá félaginu í gegnum tíðina. Rúmlega hundrað manns starfa hjá Atlanta í Hlíðasmára í dag fyrir utan starfsfólk úti um allan heim.

Stefán segir að veitingahús Atlanta sé opið fyrir alla og það er matreiðslumeistarinn Gaukur Eyjólfsson sem sér um matargerðina. „Við leggjum áherslu á fisk og létta rétti en hlaðborð í hádeginu kostar 1.590 krónur fyrir manninn sem ég tel vera mjög gott verð,“ segir Stefán.



**FLOTTIR BÚNINGAR** Í veitingahúsi Atlanta má sjá ýmsa muni úr flugflota félagsins.


**Við bjóðum frábært verð**



Umfelgun á fólksbíl 5490.-
Umfelgun á smájeppa 6490.-

**Til eldri borgara:**

Umfelgun á fólksbíl 4900.-
Umfelgun á smájeppa 5900.-

VDO Borgardekk

Borgartún 36 | 105 Reykjavík | Sími: 588-9747 | Fax: 588-9722 | verslun@vdo.is



**Gönguferðin þín er á utivist.is**



Skoðaðu ferðir á utivist.is

ÚTIVIST

# FÍNT AÐ BÚA Í GAUTABORG

**LAUFEY EYÞÓRSDÓTTIR** *býr í Gautaborg þar sem hún stundar mastersnám í alþjóðaviðskiptum við Viðskiptaháskólann. Hún var beðin um að lýsa borginni.*

*Hvernig er að búa í Gautaborg?* Það er yndislegt að búa í Gautaborg. Borgin er passlega stór með 500 þúsund íbúa en hefur samt þennan krúttlega smáborgarblæ yfir sér. Samgöngur eru frábærar en hér ganga bæði sporvagnar og strætisvagnar á nokkurra mínútna fresti um alla borg.

*Hvað kom þér mest á óvart í borginni?* Hversu þægileg hún er. Fólkið er vingjarnlegt, borgin mátulega stór og stutt í allar áttir.

*Hvaða staðir eru mest spennandi í þínum huga?* Það er svo margt spennandi hér í Gautaborg, má þar helst nefna; Slottskogen, sem er stór garður nálægt Linnéplatsen. Þar er að finna dýragarð, veitingastaði, blakvelli, markaði og fleira skemmtilegt.

Delsjön, mjög vinsælt útivistarsvæði í Gautaborg. Þar er stórt vatn með smá strönd sem er mikið notuð á sumrin. Einnig eru margar gönguleiðir allt í kring.

Haga Nygata, æðisleg gata nálægt Járntorginu, þar eru fullt af skemmtilegum kaffihúsum og litlum sérverslunum. Mikið líf í götunni, sérstaklega á sumrin.

Göngugöturnar í kringum Kungsportplatsen, þar er hægt að finna margs konar verslanir og litlar hönnunarbúðir.

Liseberg, það er alltaf gaman að kíkja í tívolíið enda stór og flottur skemmtigarður. Þar er jólamarkaður í desember.

Fiskikirkjan (Fiskekyrkan), skemmtilegur fiskmarkaður, þar sem er úrval af fisksölum og einnig rosalega vinsæll veitingastaður.

Saluhallen, Kungsportplatsen, stór markaður með fullt af kjöt- og ostakaupmönnum. Mikið úrval og gaman að skoða.

Marstrand er falleg eyja hér rétt utan Gautaborgar sem á sér langa sögu og er virkilega gaman að heimsækja á sumrin. Þar eru kaffihús, veitingastaðir, safn og listgallerí. Stórkostleg bátamenning er þar á sumrin en yfir í eyjuna er siglt með ferju, sem gengur á nokkurra mínútna fresti.



**MARGIR SPENNANDI STAÐIR**
Laufey segir að margt skemmtilegt sé hægt að gera í Gautaborg.

*Skemmtilegar gönguleiðir?* Svíar eru duglegir að hreyfa sig svo það eru margar gönguleiðir hér í Gautaborg. Má þar nefna göngu- og hlaupaleiðir í Skatas og í kringum Delsjön-vatnið. Í Slottskogen eru líkar margar gönguleiðir enda mjög stór og fallegur almenningsgarður. Hér eru sömuleiðis göngustígar og hjólreiðastígar út um alla borg auk golfvallanna.

*Er gott að versla í borginni?* Það er mjög gott að versla, mikið úrval verslana, allt frá stórum H&M verslunum, Gina tricot, Monki, Nordiska Companiet (með merkjavöru), Ahlens (verslunarmiðstöð) og fullt af flottum skóbúðum.

*Hefur þú ferðast út fyrir borgina?* Við fjölskyldan höfum ferðast hér í kring, uppáhalds sumarstaðurinn okkar er Marstrand sem er í rúmlega klukkutíma fjarlægð frá Gautaborg. Svo er auðvitað stutt í allar áttir frá Gautaborg. Kaupmannahöfn, Ósló og Stokkhólmur eru allar í 3–4 tíma fjarlægð.

*Hvernig eyðir þú frítíma þínum í borginni?* Við fjölskyldan eyðum miklum tíma í útivist, bæði göngum við mikið og hjólum út um alla borg og í skóginum sem er hérna fyrir ofan húsið okkar. Við búum á besta stað í bænum (Örgryte) og hér er allt til alls, mikil náttúra og stutt í bæinn. Leiksvæðið hérna í götunni er líka mjög vinsælt þegar maður á lítinn strák.

## VEITINGAHÚS Í GAUTABORG

**Gautaborg býður upp á ógrynni af veitingastöðum. Ég get mælt með eftirfarandi stöðum:**

- **Sushi Yama frábær sushistaður.**
- **Pasta+ mjög góður ítalskur staður nálægt Avenyn.**
- **Wasa Allé, fínn staður og góður sænskur matur.**
- **Norda bar & grill (Clarion Post hotel), góður hádegisverðarstaður.**
- **Fiskekyrkan, æðislegur sjávarréttastaður sem er staðsettur inni í fiskmarkaði og við síkið í Gautaborg. Skemmtilegt umhverfi og mjög góður matur. Mæli með humarsúpunni þar.**
- **Manana, góður tapas-staður. Moon thai kitchen, frábær staður og góður thai-matur.**

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar**
Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is** s 512 5473, **Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is,** s 512 5432
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**


NÝ SENDING AF KJÓLUM!
BASLER Parísar TÍZKAN
Skipholti 29b • S. 551 0770

BUXNASPRENGJA

20-30%
afsláttur af 50 tegundum af buxum og leggings.
Stærðir 34-46
Frábær snið!
TUZZI
KRINGLUNNI
SÍMI 5688777
Vertu vinur okkar á Facebook


Stórfengleg borg
Beint flug frá Keflavík
25.-28. október
Riga
Lettlandi
Gamli og nýi tíminn mætast í borg sem ekki á sinn líka. Miðstöð menningar og lista við Eystrasaltið.
Úrval veitingahúsa, verslana og kaffihúsa. Næturlíf eins og það gerist best.


Gamli bærinn er frá árinu 1201 og er verndaður af Unesco. Þar ber hæst kastalinn í Riga, kirkja Sankti Péturs og Dómkirkjan. Gamli bærinn í Riga er virkilegt augnayndi hvert sem litið er og setur borgina á stall með fallegri borgum Evrópu.
Verð í tveggja manna herbergi
kr. 95.900,-
Innifalið: Flug, skattar, hótel með morgunmat, íslensk fararstjórn og rúta til og frá flugvelli.
Trans Atlantic sérhæfir sig í ferðum til Eystrasaltslanda.
Upplýsingar í síma 588 8900
Trans-Atlantic
Sími 588 8900
www.transatlantic.is


Torino
Sófinn þinn útfærður eftir þínum óskum

Basel
Þú velur
• GERÐ (yfir 90 mismunandi útfærslur)
• STÆRÐ (engin takmörk)
• ÁKLÆÐI (yfir 2000 tegundir)
Íslensk framleiðsla
og draumasófinn þinn er klár
30% afsláttur af völdum sófum
Patti HÚSGÖGN
Verslun okkar er opin:
Virka daga kl. 9-18
Laugardaga kl.11-16
Sunnudaga lokað
Patti verslun | Dugguvogi 2, 104 Reykjavík | Sími: 557 9510 | Netfang: patti@patti.is | vefsíða: patti.is


KOURTNEY AND KIM TAKE NEW YORK
Skemmtilegir þættir á E!
FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT | 512 5100 | STOD2.IS

# HEITIR POTTAR

MIÐVIKUDAGUR 25. APRÍL 2012 | **Kynningarblað** Rafmagnspottar, myndskreyttir pottar, umhirða, nudd og hreinsiefni.


## Heildarlausnir í heitum pottum

**Laugin ehf. sérhæfir sig í öllu sem við kemur heitum pottum og sundlaugum. Nýlega yfirtók Laugin pottadeild Poulsen og jókst vöruúrvalið til muna. Þá býður Laugin upp á viðgerðarþjónustu á öllum gerðum potta.**

Við bjóðum upp á gott úrval af heitum pottum og landsins mesta úrval af síum, varahlutum og fylgihlutum," segir Steinar Þór Þórisson, framkvæmdastjóri Laugarinnar ehf.

Meðal vörumerkja Laugarinnar eru Portcril og Coast Spa en nýlega yfirtók Laugin pottadeild Poulsen og jók vöruúrvalið til muna. Þá býður Laugin mikið úrval hreinsiefna frá Aqua Finesse og Bayrol, síur og varahluti.



Steinar Þór Þórisson, framkvæmdastjóri Laugarinnar ehf. að Smiðjuvegi 4.

„Portcril-pottarnir eru hágæðapottar, framleiddir í Portúgal með búnað frá Balboa, en Balboa er einn af tveimur stærstu framleiðendum búnaðar fyrir heita potta í heiminum," segir Steinar Þór. Nýtískuleg hönnun einkennir pottana frá Portcril. Það er hægt að fá í öllum regnbogans litum og einnig myndskreytta eftir eigin óskum.

„Viðskiptavinurinn velur mynd sem er steypt í pottinn. Þú getur hannað þinn eigin pott, bara gefa ímyndunaraflinu lausan tauminn. Það hafa kanadísku pottarnir frá Coast Spa verið seldir á Íslandi í fjölda ára og reynst einstaklega vel. Þeir eru í hæsta gæðaflokki og hafa hlotið margvísleg verðlaun undanfarin ár."

Laugin ehf býður upp á viðgerðarþjónustu á öllum gerðum potta þar sem fagmenn vinna verkið en ekkert er eins leiðinlegt og að geta ekki notað pottinn vegna bilunar. „Þessu höfum við fullan skilning á og bregðumst fljótt við. Einnig eigum við varahlutina í flestum tilfellum sem flýtir afgreiðslu," segir Steinar. „Við veitum einnig ráðgjöf í notkun og meðferð potta en með því að halda lögnum og búnaði hreinum lengist líftíma pottanna til muna. Umhverfisvæna hreinsiefnið frá Aqua Finesse hefur verið notað í heita potta og sundlaugar á Íslandi með góðum árangri. Það sér um að jafnvægisstilla sýrustig, hreinsa burtu allt slí og kemur í veg fyrir þörungamyndun. Þá hafa hreinsiefnin frá Bayrol reynst mjög vel," segir Steinar.

Hjá Lauginni er að finna úrval fylgihluta fyrir heita potta svo sem hitamæla, háfa, klórskammtara og ryksugur og fleira.

„Við hugsum líka um börnin og eigum mikið úrval leikfanga fyrir pottormana til að sulla með í pottinum. Einnig eigum við sundgleraugu kúta og allt sem til þarf."



Laugin ehf. sérhæfir sig í öllu sem við kemur heitum pottum og sundlaugum.



Poprtcril framleiðir potta í öllum regnbogans litum.



Nýtískuleg hönnun einkennir pottana frá Portcril.



**MYNDSKREYTTIR POTTAR**

Nýtískuleg hönnun einkennir pottana frá Portcril. Hægt er að fá pottana í öllum regnbogans litum og einnig myndskreytta eftir eigin óskum.



**VERÐLAUNAPOTTAR**

Coast Spa eru kanadískir pottar sem seldir hafa verið á Íslandi í fjölda ára. Pottarnir hafa reynst einstaklega vel en Coast Spa hefur hlotið margvísleg verðlaun undanfarin ár fyrir heita potta og laugar í hæsta gæðaflokki. Coast Spa býður upp á mikið úrval potta.



**HREINSIEFNI OG VIÐHALD**

Með því að halda lögnum og búnaði hreinum lengist líftími pottanna til muna. Hjá Lauginni efh. fæst úrval hreinsiefna, meðal annars umhverfisvænt hreinsiefni frá Aqua Finesse.


**Allt sem viðkemur heitum pottum**

• Pottar • Hreinsiefni • Síur
• Varahlutir • Viðgerðarþjónusta

Laugin ehf

Smiðjuvegi 4 græn gata • s. 5783030
www.laugin.is • laugin@laugin.is



# Vandaðir pottar og alvöru nudd

**Ágúst Óskarsson, sem á og rekur fyrirtækið Á. Óskarsson ehf. í Mosfellsbæ, hóf sölu á heitum pottum fyrir meira en þrjátíu árum og var einn af þeim fyrstu til að bjóða Íslendingum upp á slíkan munað. Hann leggur aðaláherslu á potta sem eru tengdir við hitaveitu.**

### Vandaðir akrílpottar á góðu verði

„Við erum með eina gerð af pottum í þremur litum frá framleiðanda sem við höfum þekkt í áratugi,“ segir Ágúst Óskarsson, eigandi og stofnandi fyrirtækisins Á. Óskarsson ehf. sem sérhæfir sig meðal annars í búnaði og ýmsum vörum fyrir sundlaugar. „Við höfum mikla reynslu af flestu sem tengist sundi og baðmenningu og höfum sjálfir byggt þó nokkrar sundlaugar víða um landið. Það fer því afskaplega vel saman við reksturinn hjá okkur að bjóða upp á heita potta fyrir heimili og sumarbústaði líka.“ Pottarnir eru tveir sinnum tveir metrar á breidd og níutíu sentimetra háir þannig að það flæðir vel yfir axlirnar á fólki. „Svo er hægt að fá barnayfirfall sem lækkar vatnsyfirborðið þegar það hentar. Pottaskeljarnar eru þykkar og sterkbyggðar. Þær eru framleiddar úr trefja- og akrílplasti en akrílplastið er einmitt lykilatriði þegar kemur að því að kaupa pott og ekki mikið vit að mínu mati að velja annað efni. Akrílplastið heldur eiginleikum sínum svo árum skiptir. Það verður hvorki lint eða stamt með tímanum og upplitast hvorki né rispast auðveldlega. Það hrindir einnig mjög vel frá sér óhreinindum sem auðveldar þrif í alla staði,“ segir Ágúst.


Pottaskeljarnar eru sterkbyggðar úr trefja- og akrílplasti.

### Alvöru nudd

Á. Óskarsson ehf. býður upp á nudddælur sem fyrirtækið hefur um árabil selt til íslenskra sundstaða. Dælurnar eru talsvert öflugri og vandaðri heldur en gengur og gerist í nuddpottum sem eru seldir til heimabrúks. „Með því að velja góða dælu hjá okkur og réttan fjölda nuddstúta er hægt að fá kraftmeira nudd sem gerir almennilegt gagn,“ segir Ágúst „Lagnirnar hjá okkur eru mun sverari heldur en í mörgum öðrum pottum. Við höfum séð potta og þá sérstaklega rafmagnspotta sem eru með allt of mjóar lagnir fyrir íslenskar aðstæður. Þessar lagnir gefa sig fljótlega ef það frýs í þeim en hjá okkur er lítil sem engin hætta á skemmdum.“


„Með því að velja góða dælu hjá okkur og réttan fjölda nuddstúta er hægt að fá kraftmeira nudd sem gerir almennilegt gagn,“ segir Ágúst Óskarsson. MYND/PJETUR

### Sparnaður að velja hitaveitu sé þess kostur

Á. Óskarsson ehf. leggur aðaláherslu á potta sem eru tengdir við hitaveitu enda eru þeir töluvert ódýrari bæði í innkaupum og í rekstri heldur en rafmagnskyntir pottar. Á vef Orkuveitunnar má finna reiknivél sem sýnir að munur á rekstrarkostnaði getur hlaupið á tugum þúsunda á ári. „Það er svolítið merkilegt að geta setið í pottinum í kannski klukkutíma og drukkið eina öldós sem er síðan dýrari en allt vatnið sem maður notar. Það er líka stór kostur að geta alltaf notað ferskt og hreint vatn og þurfa ekki að vera að sulla í klór eða öðrum hreinsiefnum.“ Þeir sem búa á köldum svæðum þurfa eðli málsins samkvæmt að leita annarra lausna en Ágúst segir að þá sé lítið mál að tengja hitakút við pottinn.


Bláa lónið er sjálfsagt þekktasta náttúrulaug landsins. NORDICPHOTOS/GETTY


Ylströndin í Nauthólsvík laðar til sín fjölda gesta.


Í Landmannalaugum á Fjallabaksleið nyrðri er hægt að gera sér til góða með því að skella sér í laugina. MYND/VILHELM

# Unaðssemdir náttúrunnar

**„Heitir pottar“ leynast víða í náttúrunni. Hér á landi er fyrir hendi fjöldi heitra náttúrulauga þar sem aðdráttaraflið er tengt heilnæmi þeirra og fallegu umhverfi. Hér verða nokkrar þeirra nefndar sem tilvalið er að gera sér ferð í, safna þar kröftum og njóta lífsins í góðum félagsskap.**

Þekktasta náttúrulaug landsins er vafalaust **Bláa lónið** í Grindavík sem laðar að sér tugþúsundir ferðamanna hvaðanæva að úr heiminum allan ársins hring. Lónið hefur um langt skeið verið vinsælt umfjöllunarefni í fjölmiðlum og nýverið setti tímaritið National Geographic það á lista með 25 undrum veraldar sem flokkuð voru niður eftir því hvort þau tengjast vatni, himni eða landi. Lónið er sett í fyrsta flokkinn og því lýst af ritstjórn sem paradís í umhverfi sem líkist helst yfirborði tunglsins. Auk náttúrufegurðar og vandaðrar baðaðstöðu er þar þjónustumiðstöð sem er búin helstu nauðsynjum, veitingasala og margt fleira.

Ylströndin við **Nauthólsvík** flokkast sem náttúrulaug. Hún var tekin í notkun árið 2000 þegar ákveðið var að gera Nauthólsvík að útivistarsvæði með áherslu á útivist, sjósund, siglingar, sólböð og almenna afslöppun í fallegu umhverfi. Þar er nú að finna fallegt lón innan sjóvarnargarða sem voru reistir, uppstreymispott til hitunar á lóninu, þjónustumiðstöð með búnings- og sturtuaðstöðu fyrir baðgesti, heita setlaug fyrir framan miðstöðina og grill og leiktæki fyrir bæði börn og fullorðna.

Vatnsfjörður er vestastur þeirra smáfjarða sem ganga inn úr Breiðafirði. Þar er meðal annars að finna heita fallega náttúrulaug við **Brjánslæk** sem er vinsæll viðkomustaður ferðamanna. Einnig er eftirsótt að sigla með ferjunni frá Brjánslæk og út í Flatey þar sem hægt er að skoða fallega byggð og kirkju, fjölbreytt fuglalíf, gista og njóta veitinga og einstakrar náttúrufegurðar.

**Grettislaug** á Reykjaströnd í Skagafirði. Hún er kennd við Gretti Ásmundarson sem er sagður hafa „bakast þar lengi um nóttina, því honum var kalt orðið eftir (Drangeyjar)sundið nokkuð svo“. Fram á 20. öld voru þar tvær laugar en þær eyðilögðust í óveðri sem gekk yfir Skagafjörð árið 1934. Jón Eiríksson bóndi á Fagranesi stóð fyrir því að Grettislaug var endurgerð árið 1992.

Vinsælt er að gera sér ferð inn í **Landmannalaugar** á Fjallabaksleið nyrðri, austur af Heklu. Þar er náttúruleg laug (34-43 stiga heit) í göngufæri frá skála og er ágætt vatnsrennsli í gegnum laugina. Hreinlætisaðstaða, salerni, handlaugar og sturtur, er í húsi skammt frá. Mörgum þykir tilvalið að hvíla þar lúin bein og njóta einstaks útsýnis yfir falleg og litskrúðug fjöll.

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 | Umsjónarmenn auglýsinga: Sverrir Birgir Sverrisson sverrirb@365.is s. 512 5432. | Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal.

# Vellíðan í vönduðum pottum

**Mikil áhersla er lögð á góða umhirðu potta hjá Tengi. Viðskiptavinir fyrirtækisins njóta auk þess góðrar varahluta- og viðgerðarþjónustu.**

Tengi hefur um árabil selt vandaða nuddpotta frá bandaríska fyrirtækinu Sundance Spas. Þeir koma í þremur gerðum og eru tæknilega þróaðir og ríkulega búnir. Einar Guðjónsson, sölumaður í hreinlætistækjadeild Tengis, segir sölu potta hafa dregist þó nokkuð saman síðan 2008. „Við höfum selt potta frá Sundance Spas í mörg ár. Viðskiptavinir okkar treysta þessu merki vel og við bjóðum upp á mjög góða viðgerða- og varahlutaþjónustu sem skiptir miklu máli.“ Ódýrustu pottarnir eru með færri dælum og stútum. Miðstærð býr yfir hringrásardælu þannig að vatnið er alltaf á hreyfingu. Dýrustu pottarnir innihalda síðan vatns- og loftnudd. „Þetta er mjög kröftugt nudd þar sem dæla sér um að dæla lofti svo nuddið verður harðara. Dýrustu pottarnir hafa líka útvarp, Ipod-tengi, geislaspilara og fleira.“


Starfsmenn hreinlætisdeildar Tengis aðstoða viðskiptavini við val á pottum. Einar Guðjónsson er lengst til hægri. MYND/STEFÁN KARLSSON

## Góð umhirða skiptir öllu máli

Þegar fjárfest er í heitum potti skiptir umhirða mjög miklu máli til að fyrirbyggja bilanir og skemmdir að sögn Einars. „Nauðsynlegt er að fólk hugsi vel um pottana sína, regluleg þrif og umhirða gerir hlutina einfalda og þægilega. Þess vegna hefur Tengi lagt mikla áherslu á rétta notkun hreinsiefna til að koma til móts við þarfir viðskiptavina sinna.“ Hann segir sjaldnast við pottana að sakast þegar vatnið verður fúlt. Þegar leitað er ráða hjá honum sagði hann enga eina töfralausn vera til við að hreinsa rafmagnspotta. Þó sé auðvelt að halda vatninu hreinu með nokkrum samverkandi þáttum og eftirfylgni. „Allir pottar þurfa hreinsiefni því með mönnunum berast sápuleifar, fita, sviti og húðflögur í pottinn. Mörgum verður á að gleyma því að fara í sturtu áður en farið er í pottinn. Það er aldrei of oft brýnt fyrir fólki að þrífa sig vel áður en farið er ofan í.“ Hann segir mælingar hafa sýnt fram á 200 sinnum meiri mengun af völdum þeirra sem ekki þrífa sig áður en farið er í pottinn en hjá þeim sem fara í sturtu á undan og þrífi sig vel.

## Hreinsiefni fyrir ólíka notkun

Einar segir Tengi bjóða upp á þrenns konar hreinsiefni fyrir pottana: klórtöflur, Bromin og silfurhylki. Klórtöflurnar segir Einar vera notaðar þar sem potturinn er í stöðugri notkun. Þær eru settar í pottinn fyrir og eftir notkun. „Ég brýni fyrir fólki að muna ætíð að setja klórtöflu í pottinn eftir notkun til að hreinsa hann, en ef pottur er mikið notaður yfir daginn er ekki þörf á því að láta töflu út í eftir hverja notkun.“

Bromin er fjölvirkt tvíþátta klórfrítt efni og er lyktin daufari en af klórnum. Bromin-töflurnar eru settar í hólf eða skammtara og svo er efni, sem Einar nefnir Spachock, sett í vatnið eftir notkun. „Bromintöflurnar eru lengi að leysast upp, eða um tvær til þrjár vikur. Þær henta því vel þar sem potturinn er ekki í notkun í lengri tíma, til dæmis í sumarbústöðum. Einnig eru þær hentugar fyrir þá sem hafa klórofnæmi.“

Þriðja leiðin til sótthreinsunar Sundance-potta er notkun silfurhylkja. Einar segir silfur vera náttúrulega leið til sótthreinsunar og minnki um leið þörfina fyrir klór. „Silfurhylkin henta vel þeim sem eru með klórofnæmi og þar sem hylkið dugar í fjóra mánuði hentar það vel þeim sem skilja við pottinn án eftirlits í lengri tíma. Eftir hverja notkun skal setja Díklór til frekari hreinsunar.“ Einar segir þróunina vera í þá átt að nota náttúrulegri hreinsiefni og minnka klórnotkun.

Heilsunuddpottar
í úrvali

TENGI




Gæði, þjónusta og ábyrgð- það er TENGI
Opið virka daga frá 8-18 laugardaga frá 10-15 • www.tengi.is • tengi@tengi.is
Smiðjuvegi 76 • Kópavogi • Sími 414 1000 • Baldursnesi 6 • Akureyri • Sími 414 1050

## BÍLAR & FARATÆKI


BÍLAHÖLLIN HF BÍLASALA BÍLDSHÖFÐA 5
www.bilahollin.is



M.Benz ML 320 Bluetec Diesel, 2009 Ekinn 43þús. Ssk, Leður ofl. Vel búinn og fallegur bíll. Ásett Verð 9.900.000.-



Peugeot 206 SW Station, 07/2005 Ekinn 64þús. Bsk 5gíra, Dráttarkrókur, Ný tímareim, loftkæling ofl. Ásett Verð 1.080.000.-



Toyota Yaris Sol VVTi, 02/2008 Ekinn 45þús. Ssk, Bakkskynjarar. Ásett Verð 1.790.000.-



M.Benz B 200 CDI Diesel, 04/2007 Ekinn 121þús. Ssk, Álfelgur ofl. Ásett Verð 2.690.000.- Möguleiki á allt að 90% láni !



VORTEX Heithúðun á allar gerðir pallbíla og fleira. Upplýsingar hjá Bílaryðvörn í síma : 587-1390.

**Bílahöllin**
**Bíldshöfða 5, 112 Rvk**
**Sími: 567 4949**
**Mikið úrval bíla með möguleika á allt að 90% láni.**
**www.bilahollin.is**

100 bílar.is bílasala



NÝTT COLEMAN SEDONA 8 fet, Markísa og Decor pakki innifalið, Truma miðstöð, 220V, ísskápur ofl, 2 ára ábyrgð, Síðustu húsin á þessu frábæra verði aðeins 1.789.800kr, Komdu og skoðaðu,

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16.**
**www.100bilar.is**

Bílalíf



**FLOTTUR SPORTBÁTUR.**
Til sölu 2007 árg af sportbát með 90.hö Suzuki mótor,siglingatæki,4 til 6 manna,vagn fylgir.Verð 3.900.000.-Rnr.124522. S.562-1717 og 866-9633.



**14 MANNA**
FORD TRANSIT T350 BUS 14 SÆTA. Árgerð 2008, ekinn aðeins 83.þ km, dísel, 5 gírar. Verð 4.980.000. Rnr.311641.

**Bílalíf**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**Opið virka daga 10-18**
**www.bilalif.is**

bilfang.is S.567 2000



Honda Accord Elegance 2.0 L 02/2009 ek 38 þ.km sjálfskiptur fallegur bíll verð 3490 þús (Er á staðnum)



GLÆSILEGUR Audi NEW A6 3.2 Quattro 4X4 09/2006 Heklubíll ek 62 þ.km leður, lúga ofl meiriháttar græja sem vert er að skoða ! verð 3.990 þús

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**www.bilfang.is**

HÖFÐABÍLAR ... þar sem bílar seljast



PONTIAC FIREBIRD TRANS-AM WS6. Árg 2000, eki 58 Þ.KM, sjálfskiptur t-TOPPUR 19"og 20"felgur Nitro kerfi - coilovers - Rándýrar og flottar græjur - Sér saumað hvítt leður - Verð 3.390þ Rnr.155024. ATH (ekki tjónabíll) Algjör moli!!

**Höfðabílar**
**Fossháls 27, 110 Reykjavík**
**Sími: 577 4747**
**Óskum eftir bílum á söluskrá og á staðinn**
**www.hofdabilar.is**

TOYOTA Baldursnes 1 Akureyri
Sími 460 4300
www.toyotaakureyri.is



TOYOTA Land Cruiser 200 VX 7 manna. 1/2008, 82 þ.km, dísel, sjálfskiptur, NAVI, topplúga, húddhlíf, 7 manna. Verð 10.900.000. Ath skipti á ód.Rnr.116426.



TOYOTA Land Cruiser 150. 12/2010, 34 þ.km, dísel, sjálfskiptur, húddhlíf, filmur, hraðastillir. Verð 8.390.000. Ath skipti á ód. Rnr.121649.



TOYOTA Land Cruiser 100 VX 7 manna 35". 10/2006, 72 þ.km, bensín, sjálfskiptur, NAVI, bakkmyndavél, lækkuð hlutföll, loftlæsing að aftan, topplúga. Verð 6.700.000. Ath skipti á ód. Rnr.116518.



TOYOTA Land Cruiser 100 VX. 10/2004, 157 þ.km, bensín, sjálfskiptur,7 manna, dráttarkrókur, filmur. Verð 3.980.000. Ath skipti á ód. Rnr.121708.



TOYOTA Land Cruiser 120 GX. 6/2008, 82 þ.km, dísel, sjálfskiptur, dráttarkrókur, filmur, húddhlíf, gluggavindhlífar. Verð 6.390.000. Ath skipti á ód.Rnr.121366.



TOYOTA Land Cruiser 120 GX 33". 3/2007, 108 þ.km, dísel, sjálfskiptur, dráttarkrókur, vindskeið, filmur, húddhlíf, DVD í toppi. Verð 5.490.000. Ath skipti á ód. Rnr.116677.



TOYOTA Land Cruiser 120 GX. 9/2005, 121 þ.km, dísel, sjálfskiptur, vindskeið, krókur, húddhlíf, húddmerki, sóllúga. Verð 4.290.000. Ath skipti á ód. Rnr.240615.



TOYOTA Land Cruiser 120 GX. 5/2004, 222 þ.km, dísel, sjálfskiptur, dráttarkrókur. Verð 3.290.000. Ath skipti á ód. Rnr.132228.

**Toyota Akureyri**
**Baldursnes 1, 600 Akureyri**
**Sími: 460 4300**
**Opið virka daga 9-18 og Laugardaga 11-14**

HEIMS BÍLAR



MMC L200 double cab gls 4wd. Árgerð 2005, ekinn 110 Þ.KM, dísel, 5 gírar. Verð 1.490.000. Rnr.320050.

**Heimsbílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5674000**
**http://heimsbilar.is**

BÍLA KAUP S:577.1111 bilakaup.com



TOYOTA Land cruiser 80 vx (38"). Árgerð 1996, ekinn 310 Þ.KM, dísel, 5 gírar. Verð 3.290.000. Rnr.204999.

**Bílakaup**
**Korputorgi, 112 Reykjavík**
**Sími: 577 1111**
**http://www.bilakaup.com**

KRÓKUR



**KRÓKUR**
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

**Krókur**
**Sími: 522 4600**
**http://www.krokur.net**

NETBÍLAR
www.netbilar.is
Við stórlækkum sölukostnað!
Skráðu bílinn hjá okkur frítt!
NETBÍLAR www.netbilar.is

Netbílar, Hlíðasmára 2 Er nú þegar orðin ein vinsælasta bílasalan í bænum. Beinið viðskiptunum til okkar það mun reynast yður happa drjúgt. Símakall til bílasala yðar útvegar yður fullar Upplýsingar. Sími 588-5300.

**Netbílar.is**
**Hlíðasmára 2, 201 Kópavogur**
**Sími: 588 5300**
**http://www.netbilar.is**

NÝLEGIR GÆÐABÍLAR Á GÓÐU VERÐI



MM Pajero 3,2 GLX
Árgerð 2005, dísel
Ekinn 155.000 km, sjálfsk.
3.290.000,-



Toyota Land Cruiser GX
Árgerð 2006, dísel
Ekinn 116.000 km, beinsk.
4.550.000,-



Ssangyong Kyron
Árg. 2008, dísel
Ekinn 72.000 km, sjálfsk.
3.590.000,-

HEKLA NOTAÐIR BÍLAR
Laugavegi 174 · S. 590 5040
heklanotadirbilar.is

Fullkomnara metan kerfi
Betra METAN
Breyttu þínum bíl
Sjá sparnað á islandus.is
islandusMetan
www.islandus.is - Sími 552 2000


50% ódýrara eldsneyti og 80% lægri bifreiðagjöld með metan breytingu. Engin útborgun. Breytingin greiðist að fullu með sparnaði og þú færð hundruð þúsunda beint í vasann! Reiknaðu út þinn bíl á www.islandus.is. Bjóðum einnig ódýrari nýja og notaða bíla frá helstu bílaframleiðendum. Hundruð ánægðra viðskiptavina. Islandus.is - S.5522000.



Chevrolet spark LS. 2010. Ný heilsársdekk á álfelgum. Sparibaukur, ek. 57 þ. 7 ára ábyrgð, Ásett verð. 1490 þ. s. 899-9096.

## Bílar til sölu



Toyota Previa 5/2006 ek. 98þ. Dráttarbeisli, dökkar rúður, álfelgur, sumar og vetrard. Verð 2.9 mkr Uppl. í s. 895 6555 eða á bjornasb@gmail.com

## 0-250 þús.



**Sjálfskiptur!**
**Tilboð 230 þús!**
Subaru Impreza 2000 4x4 árg'98 sjálfskiptur,heilsársdekk ásett verð 390 þús TILBOÐ 230 ÞÚS s.841 8955

til solu Opel Astra arg. 1998, 1.6 bensin, 4 sumardekk og 4 vetrardekk med felgur, nyja timarein, verd: 170.000 , simi: 8436705

## 250-499 þús.

Einn góður í veiði og fl .MUSSO WAGON Dísel 98, Sjálfskipting, Dráttarkúla og Topplúga. V.550þús. 300stg. uppl. S: 8998191.

VW Passat árg. 1999 Ek. 198þ, sumar og nelgd vetrardekk, skoðaður 2013. Góður bíll. Uppl. 8921844.

## 500-999 þús.



Focus 1,6 '03 5 gír. ný tímar., nýjar brems. ný dekk ek.128 þús. Verð 790 þús. fæst á 695 þús. skoða skipti s. 847 7663.



Huyndai Getz GLS. Árgerð 2005 ekinn 89.000. Sumar- og vetrardekk. Ásett verð 990.000, tilboð 790.000 stgr. Upplýsingar í síma 695 7547.

## 1-2 milljónir



Til sölu Ford Focus C-max árgerð 2006 ekinn 52.000km. Vel með farinn og góður bíll. Uppl. 694 7038

## Bílar óskast

**Bíll óskast á 25-250þús.**
Má þarfnast lagfæringa. Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

**Óska eftir bíl fyrir allt að 150 þús. í peningum strax!!!!**
Fólksbíl smábíll eða jeppi allt kemur til greina! Má vera bilaður tjónaður óskoðaður eða bara orðin sjúskaður! eða bara í lagi! og þer vantar að losna við hann strax! fyrir allt að 150 þús. staðgreitt! s. 691 9374.

**!!! VANTAR ÓDÝRAN BÍL !!!**
Fyrir allt að 200þ. staðgreitt, árgerð '98-'03 má alveg þarfnast smá lagfæringa uppl. s. 777 3077.

## Sendibílar


568 5000 NS NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

KEYRSLA.IS Sími 820-3880

Ódýr sendibílaþjónusta www.keyrsla.is S:820-3880 Heimsendingar frá 2900kr

## Húsbílar



Sólstóla álbox fyrir húsbíla. WWW. Álbox.is KE Málmsmíði Axarhöfða 18. Sími 696 3522 og 587 0626.

## Mótorhjól



Harley Davidson Night-rod. Árg.'06 ek.3000 km. Ásett 2.500.000 Tilboð 1990 þ. Uppl. í s. 893 6614.

## Kerrur



**Vorútsala á kerrum**
Samanbrjótanlegu kerrurnar eru nú á vorútsölu. Aðeins 167.000 kr. VISA/ EURO raðgreiðslur Orkuver ehf. s. 5343435 www.orkuver.is

## Hjólhýsi



LMC 500 hjólhýsi árg '06. Hlaðið aukabúnaði. Verð 2.850 þ. uppl í s. 893-9926

## Fellihýsi

Til Sölu Palomino yearling Fortjald + CD + Svefntjöld+Sjónvarpsloftn+Ný dekk 2 falt geymasett Verð kr. 1,500,000 Get sent myndir S.6995625.

## Pallhýsi



Til sölu nokkrar tegundir pallhýsa. Til sýnis hjá P. Karlsson Ögurhvarfi 2, Kóp, milli kl. 10-18. Nánari uppl. í síma 849 2220.

## Vinnuvélar



Til sölu FH Faresin 11.35 árg. 2008. Notkun 180 klst. skófla og gafflar fylgja. Verð 7.5m.+ vsk. Uppl. s. 892-0566 eða bygg@internet.is



Til sölu JCB 3CX árg 2006 notkun 3.400. klst verð 6,3+ vsk vél í topp standi. Uppl. s. 892-0566 eða bygg@ internet.is



Til sölu JCB 3CX árg. 2008 ónotuð verð, 9.7 + vsk Uppl. s. 892-0566 eða bygg@ internet.is



Til sölu JCB 527-55 árg. 2008 notuð 10 klst verð, 6.7 +vsk skófla+gaflar fylgja. Uppl.s. 892-0566 eða bygg@internet.is



Til sölu JCB 541-70 árg. 2008 notuð 40 klst. skófla + gaflar verð 8.7 + vsk. Uppl. s. 892-0566 eða bygg@internet.is



Til sölu Komatsu WH 609 árg. 2007 notuð 1000 klst skófla + gaflar verð: 6.5 + vsk uppl. 892-0566 bygg@internet.is

## Lyftarar




**Körfubílaleigan.**
Ódýr og góð þjónusta. Vinnuhæð 32 metrar. S. 893 3573.

## Bátar

SAFIR

SAFIR SKIPASALA. MIKIL SALA - HAFÐU SAMBAND - www.safir.is - s: 580 8700.

Allt fyrir vökvakerfin. Dælur, mótorar, slöngur og fleira. vokvataeki.is,5612209

## Flug

**Flugvél óskast.**
**Atlantsflug leitar eftir góðri 4-6 sæta nefhjóls flugvél, ef þú hefur flugvél sem þú vilt selja eða leigja biðjum við þig að hafa samband með upplýsingar um verð, heildarflugtíma, gangtíma mótors og loftskrúfu með upplýsingum um hvenær síðasta yfirhal fór fram, ásamt upplýsingum um lofthæfi og almennt ástand.**
**Upplýsingar sendist á info@ atf.is einnig er hægt að hafa samband í síma 899-2532.**

## Bílaþjónusta



PETRONAS 15/40W HÁGÆÐA SMUROLÍA AÐEINS KR 495.-Ltr. EINNIG FROSTLÖGUR, GLUSSI, RÚÐUVÖKVI OG GÍROLÍA Á HEILDSÖLUVERÐI. DS-LAUSNIR EHF 561-8373 www. dslausnir.is

## Hjólbarðar

4 stk dekk 165/70 13" á felgum á 20þ. 4 stk 175/70 13" á 15þ. 4stk 195/65 15" á 20þ. 2stk 215/55 16" á 10þ. 2 stk 185/80 14" á felgum á 10þ. 2stk 165/60 14" á 10þ. 2 stk 195/75 16" á 10þ. 2 stk 4.80.12" á 6þ. s.8968568.

Góð sumardekk Yoko hama 265/60r18. Verð alls 48 þús. Uppl. s. 695 1918.

## Varahlutir




Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Skoda Oktavia árg. '03, og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

Varahlutir, dekk og felgur á ýmsa bíla. Dráttarbeisli í Primera '98, Elantra '98, Almera '98 Legacy '98, carisma'98. S. 896 8568.

**Japanskar vélar**
**Bílapartasala**
Eigum úrval varahluta í Japanska og Kóranska bíla og fleiri teg. Kaupum bíla. S. 565 3400 & 893 2284. www. japanskarvelar.is / www.carparts.is japvel@carparts.is

**Varahlutavaktin**
**Sími 555 6666**
Erum með varahluti fyrir Benz, VW, Skoda, MMC, Hyundai, Peugeot, Renult, Fiat, Suzuki, Dodge, Ford, Land Rover og fl. Kaupum bíla niðurrifs og uppgerðar. Ísetningar á varahlutum. Eldshöfða 6, 110 RVK. Opið 09-18 og lau. 12-16.

**VW - Skoda - Varahlutir**
Eigum varahluti í VW, Skoda og Audi og Pajero frá '02 Kaupum bíla til niðurrifs og uppgerðar. Bílabúið, Kaplahrauni 11 220 hfj. S. 534 1045.

Partatorg.is Notaðir varahlutir í ýmsar gerðir nýlegra bíla. partatorg@ partatorg.is 565-6020.

## Viðgerðir

**AB Pústþjónusta**
Pústviðgerðir og sérsmíði. Fljót og góð þjónusta. S. 555 6020.

# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**Faglærðir Píparar**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

## Hreingerningar

Hreingerningaþjónustan
Þvegillinn
5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**Vy-þrif ehf.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. Sími 512-4010 www.vy.is

**Pawel ræsting**
Öll almenn alþrif BESTA VERÐ fyrir teppi, steinteppi og bón á gólf. S. 842 6522.

**A-Ö Þrif&Hreinlæti**
**S. 662 0662**
Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

## Garðyrkja

**Vinnan Göfgar**
**Alhliða Garðaþjónusta.**
**Gæði framar öllu vinnangofgar.is**
**sími 778-0100.**

**Er öspin til ama ?**
Fellum og fjarlægum tré. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 773 0317.

**Garðklippingar og garðsláttur**
fyrir húsfélög og einstaklinga. Fáðu verðtilboð. ENGI ehf. Sími 615-1605.

**Er mosinn að eyðileggja garðinn þinn !!??**
Erum með góðar lausnir við því. Eiríkur Garðyrkjumaður S. 867 4555.










**Garðaþjónusta Reykjavíkur**
**20% afsláttur fyrir eldri borgara.**
Öll almenn garðvinna! Trjáklippingar Beðahreinsanir, Trjáfellingar, garðaúðanir, þökulagnir,sláttur, hellulagnir ofl. Fagleg vinnubrögð og sanngjarnt verð. Eiríkur, S. 774 5775. Þórhallur S. 772 0864.







## Bókhald

Accountant - bókhald og skattaráðgjöf ehf. Ársreikningar og skattframtöl. S.4900095 www.accountant.is

**Skattframtöl 2012**
Framtalsþjónusta fyrir einstaklinga og rekstraraðila. Mikil reynsla - hagstætt verð. Uppl. í síma 517-3977 897-1877. www.fob.is.

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**Bjössi málari kemur húsinu í stand!**
Geri tilboð í málningarvinnu utan húss sem innan. Einnig múr- og þakrennuviðgerðir. Hagstætt verð. S: 896 4824 malarameistarar@simnet.is malarameistarar.is

**Málarameistari**
Öll almenn málningarvinna. Egill s. 868 5171.

## Til sölu

# Ertu í leit að notuðum bíl á góðu verði?
# Kíktu á heimasíðu okkar - www.benni.is




Opið alla virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga frá kl. 12-16.
Bílabúð Benna - Notaðir bílar - Bíldshöfða 10 - 587 1000 - benni.is
Bílabúð Benna - Njarðarbraut 9 - Reykjanesbæ - 420 3330

## Málarar

**Málarameistari**
Jón Ingvar Garðarsson málarameistari tilboð - tímavinna s. 896 6148.

**Vinnan Göfgar**
**Alhliða Málningarþjónusta. Gæði framar öllu. vinnangofgar.is sími 778-0100.**

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is. flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

HLAÐBÆR COLAS

**MALBIKSVIÐGERÐIR**
Gerum tilboð ykkur að kostnaðarlausu. Skiptið við gæðavottað fyrirtæki. Sími: 565-2030 www.colas.is colas@colas.is ISO 9001 vottun







ERU RENNURNAR FARNAR AÐ LEKA OG KOMINN TÍMI Á AÐ LAGA ÞÆR. Tek að mér Lagfæringar, Upppsetningar, Þakviðgerðir, Viðgerðar á Bárjárnsklæðningu og alla aðra Blikksmíðavinnu. Uppl. s. 694 8448 Ólafur.




Hreinsa þakrennur, laga ryðbletti, garð og glugga, tek að mér ýmis smærri verkefni. Uppl. í s. 847 8704 eða manninn@hotmail.com

## Tölvur




Tölvuviðgerðir, vírushreinsun, gagnabjörgun, kem/sæki/sendi afsl. FEB&ÖBÍ Stefán 821 6839.

## Nudd

NUDD NUDD NUDD Slökunarnudd 101 RVK. S. 857 0740. Irena Kontulová.

## Spádómar

**Spásíminn 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Árrspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Önnur þjónusta

ÍSLENSKA GÁMAFÉLAGIÐ

**Þarfnast bílaplanið þrifa eða viðhalds?**

**Við bjóðum upp á eftirfarandi:**

**Götusópun**

**Gangstéttarsópun**

**Þvott á götum, bílastæðum og gangstéttum Málun og merkingar á bílastæðum**

**Malbiks- og kantsteinaviðgerðir**

**Grasslátt og umhverfishreinsun**

**Allar nánari upplýsingar veita ráðgjafar Íslenska Gámafélagsins. www.gamur.is S: 577 5757 eða gamur@gamur.is**

B.S.VERKTAKAR

Bílastæðamálun malbiksviðgerðir, vélsópun, hellulagnir, jarðvinna, háþrýstiþvottur veggjakrotsþrif og vörn S 551 4000 www.verktak.is

# KEYPT & SELT

## Til sölu



**2 fyrir 1 tilboð af öllum saltkristals-kertastjökum.**
Ditto, Smiðjuvegi 4 (græn gata) Opið mán-fös 12-18, lau 12-15 Sími 517-8060. ditto.is



**Lok á heita potta og hitaveituskeljar.**
Eigum á lager stærðir, 200x200cm, 217x217cm og 235x235cm. Lokin eru 4 tommu þykk og þola 1000 kg jafnaðarþunga af snjó. Sterkustu lokin á markaðinum í dag. Sími 777 2000 www.heitirpottar.is




## Óskast keypt

**Kaupi gull !**
**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.**
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ),**
**Verið velkomin**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.**
**Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

**KAUPUM GULL**

**og aðra eðalmálma gegn framvísun persónuskilríkja. Sigga & Timo Linnetsstíg 2, 220 Hafnarfjörður S. 565 4854 www.siggaogtimo.is**

## Til bygginga



**Harðviður til húsabyggingga.**
**Sjá nánar á www.vidur.is**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## Verslun



**EVOLUTION-FÖT**
Höfum opnað tískufataverslun í núpalindi 1 (sama stað og kópavogs blóm) flott föt á virkilega góðu verði! opið frá 11-19 alla virka daga og laug 11-20 sun 12-18

# HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í yfir 30 ár. Hringdu og fáðu fríán prufupakka. S. 896 4662 www.lifsstill.is/eddaborg

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd



**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

Nudd tilboð í dag, tímapantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofan Svæði 105 Holtin.

**NUDD OG HEILSA**
FÓTAAÐGERÐIR + SOGÆÐANUDD upp fyrir hné. Vönduð vinna, líkþorn fjarlægð, sveppagreining og hreinsun. Opið frá 12-18 alla virka daga nema sun. S. 823 8280. www.nuddogheilsa.is

## Þjónusta



**Reykstopp með árangri s:694 5494**
Viðar Aðalsteinsson dáleiðslufræðingur og sérfræðingur í EFT www.theta.is



VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR. 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2011, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

# HEIMILIÐ

## Heimilistæki



# Hlutafé aukið um 300 milljónir í desember

Hlutafé ÍAV ehf. var aukið um 300 milljónir króna um miðjan desember síðastliðinn. Í tilkynningu til fyrirtækjaskráar kemur fram að kaupendur hins nýja hlutafjár sé Íslenskir aðalverktakar ehf., sem áttu allt hlutafé í verktakafyrirtækinu áður. Um er að ræða 37,5% aukningu á hlutafénu.

ÍAV hagnaðist um 11 milljónir króna á árinu 2010, samkvæmt ársreikningi sem fyrirtækið skilaði inn 30. mars síðastliðinn. Alls metur ÍAV-samstæðan, en móðurfélagið á ellefu dótturfélög, eignir sínar á 3,6 milljarða króna og eigið fé hennar var 454 milljónir króna í lok árs 2010. Skuldir hennar voru 3,2 milljarðar króna á sama tíma.

Eigendur ÍAV eru svissneski verktakarisinn Marti Holdings AG, og félög í eigu Gunnars Sverrissonar og Karls Þráinssonar, forstjóra ÍAV. Marti keypti verktakahluta ÍAV í mars 2010. Fasteignahluti félagsins, og þorri skulda þess, varð eftir hjá Arion banka. Drög ehf., fyrrum móðurfélag ÍAV, skuldaði 28,1 milljarð króna í lok árs 2009. Eigið fé þess félags var neikvætt um 20,3 milljarða króna á sama tíma. Marti lánaði síðan þeim Gunnari og Karli til að kaupa 25% eignarhlut hvor í ágúst 2010. - þsj

# Töpuðu hálfum milljarði króna

Skjá miðlar ehf., sem meðal annars eiga og reka sjónvarpsstöðina Skjá einn, töpuðu 458 milljónum króna á árinu 2010. Eigið fé félagsins var neikvætt um 154 milljónir króna í lok þess árs. Þetta kemur fram í ársreikningi sem skilað var inn til ársreikningaskrár 14. mars síðastliðinn.



FRIÐRIK FRIÐRIKSSON

Sala samstæðunnar jókst á milli ára og fór úr 2,2 milljörðum króna í 2,5 milljarða króna. Rekstrartap fyrir afskriftir, skatta og fjármagnsliði jókst hins vegar lítillega og var 196 milljónir króna. Framkvæmdastjóri Skjá Miðla er Friðrik Friðriksson. - þsj

# Vörusala Össurar jókst um 5%

Össur hagnaðist um 10 milljónir Bandaríkjadala, jafngildi 1,3 milljarða íslenskra króna, á fyrsta ársfjórðungi þessa árs. Til samanburðar nam hagnaður 8 milljónum dala á fyrsta ársfjórðungi 2011.

Í afkomutilkynningu kemur fram að vörusala fyrirtækisins hafi aukist um 5% á fjórðungnum, mælt í staðbundinni mynt.

„Söluvöxtur á fyrsta ársfjórðungi var góður og í takt við áætlanir okkar fyrir árið í heild. Eins og á undanförnum ársfjórðungum þá uxu öll landsvæði og vörumarkaði, þar sem Evrópa sýndi sérstaklega góðan árangur," er haft eftir Jóni Sigurðssyni, forstjóri Össurar, í fréttatilkynningu vegna þessa.

Heildarsala Össurar nam 100 milljónum dala en var 97 milljónir á fyrsta ársfjórðungi í fyrra. Þá nam EBITDA 18 milljónum dala og stóð í stað á milli ára. - mþl

Kröfuhafar fá sjö prósent af kröfum sínum greiddar:

# Nauðasamningur gömlu Sjóvár orðinn endanlegur

Nauðasamningsumleitunum SJ Eignarhaldsfélags, sem áður hét Sjóvá, lauk 3. apríl síðastliðinn. Því er nauðasamningur félagsins orðinn endanlegur. Í honum felst að kröfuhafar fá 7% af 12 milljarða króna kröfum sínum, eða rúmlega 800 milljónir króna.

Kröfuhafarnir, sem eru þrotabú Glitnis, Landsbankinn, Eignasafn Seðlabanka Íslands (ESÍ) og Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins (LSR) höfðu áhyggjur af því að há tekjufærsla, sem myndi myndast við gerð nauðasamningsins gæti haft í för með sér skattskuldbindingu sem félagið myndi ekki ráða við að greiða. Því gæti gerð hans kallað gjaldþrot yfir gömlu Sjóvá með tilheyrandi skiptakostnaði. Á því höfðu kröfuhafarnir ekki áhuga. Því var ákveðið að fara þá leið í ferlinu að afskrifa öll hlutabréf og víkjandi lán en gefa síðan út ný hlutabréf sem nema 0,1% af samningskröfum til kröfuhafa. Þeir veittu síðan ný lán fyrir þeim 99,9% krafna sem eftir standa. Lánin bera enga vexti og gjalddagi þeirra er 31. mars 2015. Hann má framlengja um allt að fjögur ár. Með þessum hætti geta kröfuhafarnir tæmt félagið hægt og rólega eftir því sem eignir þess breytast í verðmæti. - þsj



**SJÓVÁ** Tryggingarekstur félagsins var seldur til nýrra eigenda.





# Arion banki kynnir Startup Reykjavík

**Arion banki auglýsir eftir umsækjendum í verkefnið Startup Reykjavík sem er byggt á fyrirmynd TechStars í Bandaríkjunum.**

Umsækjendur geta verið allt frá því að vera með hugmynd á byrjunarstigi upp í að reka sprotafyrirtæki sem komið er lengra. Tíu viðskiptateymi verða valin til að vinna sínar hugmyndir eins langt og mögulegt er á 10 vikum. Verkefnið stendur yfir frá 10. júní – 22. ágúst 2012.

**Viðskiptateymin tíu fá:**

- 2 milljónir króna í hlutafé frá Arion banka gegn 6% hlutdeild í fyrirtækinu
- 10 vikna þjálfun frá sérfræðingum Innovits og Klaks
- Tengingar og handleiðslu frá yfir 40 sérfræðingum úr íslensku atvinnulífi
- Aðgang að sameiginlegri vinnuaðstöðu
- Aðgang að víðtæku tengslaneti um heim allan
- Að kynna á fjárfestaþingi undir lok verkefnisins

**Umsóknarfrestur er til 7. maí 2012.** Umsóknareyðublað og nánari upplýsingar má nálgast á startupreykjavik.com.
Verkefnið er samstarf Arion banka, Innovits og Klaks.

**Virkjum nýsköpunarkraftinn.**

innovit klak Arion banki

# Afleiður gagnlegar við áhættuvarnir

**Kannoo Ravindran, gestaprófessor við Háskólann í Reykjavík, er þekktur sérfræðingur í afleiðum. Hann segir óheppilegt að þessi fjármálaafurð hafi á síðustu árum fengið á sig slæmt orðspor þar sem um gagnlegt verkfæri sé að ræða. Ravindran er þó að ýmsu leyti gagnrýninn á uppbyggingu fjármálakerfisins en hann rekur eigin fjárfestingarsjóð þar sem sjóðsfélagar eru einungis rukkaðir gangi vel að ávaxta sjóðinn.**

Kannoo Ravindran, eða Ravi eins og hann er kallaður, er kanadískur sérfræðingur í fjármálaafurðum sem nefnast afleiður og hafa verið nokkuð í deiglunni í kjölfar alþjóðlegu fjármálakrísunnar sem skall á árið 2008. Ravi hefur unnið með afleiður í rúma tvo áratugi, bæði við áhættustjórnun hjá fyrirtækjum og fjármálastofnunum auk þess sem hann hefur stjórnað fjárfestingarsjóðum með fjárfestingarstefnu sem byggir á viðskiptum með afleiður. Hann er frumkvöðull í notkun ákveðinnar tegundar afleiða sem tryggingafélög víða um heim nota. Þá hefur hann síðustu ár verið gestaprófessor við Háskólann í Reykjavík þar sem hann hefur kennt kúrsa um afleiður og stærðfræði fjármála.

Ravi segir að afleiður hafi í vissum hópum fengið á sig slæmt orðspor í kjölfar alþjóðlegu fjármálakrísunnar. Hann segist skilja af hverju en leggur þó áherslu á að orðsporið sé ekki verðskuldað.

„Ég held að þetta skýrist af því að það eina sem margir heyra um afleiður er í tengslum við einhver vandræði í fjármálakerfinu. Fæstir heyra hins vegar af því hvernig afleiður eru daglega notaðar til dæmis við áhættustjórnun af gríðarlegum fjölda aðila. Þessu má kannski líkja við flugferðir. Það er skrifað um hvert einasta flugslys en það er aldrei skrifað um flugin sem ganga fullkomlega þótt þau séu margfalt fleiri,“ segir Ravi og bætir við: „Það er vissulega til dæmi um að afleiður hafi komið að vandamálum, til dæmis í tengslum við húsnæðisbóluna í Bandaríkjunum um miðjan síðasta áratug. Ég myndi þó fremur kenna um þáttum á borð við græðgi og skökkum hvötum í fjármálakerfinu.“

**AFLEIÐUR OFT GAGNLEGAR**

Nokkur fjöldi íslenskra fyrirtækja notar afleiður í sinni starfsemi, þeirra á meðal Landsvirkjun og Orkuveita Reykjavíkur en í raforkusölusamningum fyrirtækjanna sveiflast umsamið raforkuverð eftir álverði. Aðspurður um skynsemi slíkrar tengingar svarar Ravi: „Afleiður sem þessar geta klárlega verið gagnlegar. Spurningin sem fyrirtækin standa frammi fyrir er sú hvað álframleiðandinn eigi að greiða fyrir rafmagnið. Ættu þeir að greiða fasta peningaupphæð eða ættu þeir greiða í tonnum af áli. Síðari valkosturinn hefur það fram yfir þann fyrri að þá eru hagsmunir beggja aðila nákvæmlega þeir sömu sem er yfirleitt skynsamlegt í viðskiptum sem þessum. En auðvitað ætti orkuframleiðandinn að fá smávegis álag á raforkusöluverðið fyrir að taka á sig þá aukna áhættu sem felst í því að raunverð rafmagnsins sveiflist.“

Ravi segir notkun afleiðna mjög oft snúast um varnir gagnvart áhættu. Bóndi sem hafi greitt hátt verð fyrir aðföng sín og óttast að afurðaverð verði lægra þegar uppskeran loks verður til geti þannig keypt afleiður sem vernda hann fyrir áhættunni en fyrir það þarf hann vitaskuld að greiða verð. Þá segir hann áhættustjórnun vera hluta af daglegu lífi hvers og eins þótt fólk leiði sjaldan hugann að því. „Í hvert sinn sem einhver lofar einhverju stendur sá í raun frammi fyrir áhættustjórnunarvandamáli. Þarf sá að standa við loforðið og hvernig gerir hann það með sem minnstum tilkostnaði fyrir sjálfan sig. Þetta er áhættustjórnun og í rekstri fyrirtækja geta afleiður auðveldað verkefnið verulega.“

Ravi segir þó ekki þar með sagt að allir ættu að nota afleiður.

**HVAÐ ERU AFLEIÐUR?**

Afleiður (eða derivatives) í viðskiptum eru fjármálafurðir hvers verðmæti byggir á verðþróun annarrar eignar eða eigna. Nafnið vísar til þess að verðmæti þeirra leiðir af verðþróun þessara undirliggjandi eigna.

„Fólk þarf í fyrsta lagi að skilja hvað um er að ræða og til þess þarf oft menntun, sérstaklega í tilfelli flóknari áhættustjórnunarvandamála. Þá fylgir áhættustjórnun með afleiðum kostnaður sem getur verið meiri en ábatinn fyrir minni aðila ef vel á að vera,“ segir Ravi en leggur þó áherslu á að allir geti tileinkað sér vissan hugsunarhátt sem komi að gagni við áhættustjórnun.

„Margir og það sama gildir meira að segja um sum fyrirtæki, eru alltof latir við að velta fyrir sér hvað gerist ef hlutir fara úrskeiðis. Þegar fólk til dæmis lánar bílinn sinn huga fæstir að því hvernig þeir myndu bregðast við ef sá sem fær hann að láni myndi svo lenda í árekstri,“ segir Ravi og heldur áfram: „Ég þess vegna mæli alltaf með því að til dæmis þegar fólk er að kaupa eitthvað þá fær það einungis að heyra kostina frá sölumanninum eða þeim sem fólk talar við. Við þær kringumstæður mæli ég með að fólk biðji um að fá að heyra eða velti sjálft fyrir sér hverjir gallarnir eru.“

**RÉTTIR HVATAR LYKILATRIÐI**

Eins og áður sagði hefur Ravi byggt upp fjárfestingarsjóð sem leggur áherslu á afleiðuviðskipti en fjárfestir auk þess í nýsköpunarfyrirtækjum og fasteignum. Ravi er gagnrýninn á viðskiptalíkan flestra fjárfestingasjóða. Þá segir hann bónus-menninguna í fjármálakerfinu þannig upp byggða að miðlarar séu verðlaunaðir fyrir að taka heimskulega áhættu og ekki refsað fyrir mistök sem kosti aðra mikla peninga.



**KANNOO RAVINDRAN** Ravi hefur unnið með afleiður í tvo áratugi. Hann hefur unnið fyrir fjármála- og tryggingafyrirtæki en auk þess stundað fjárfestingar. Þá hefur hann verið gestaprófessor við Háskólann í Reykjavík um árabil og mun bráðlega gefa út alþjóðlega kennslubók um afleiður. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Hugmyndin að mínum fjárfestingarsjóði kviknaði í kjölfar vangaveltna minna um viðskiptalíkan vogunarsjóða. Slíkir sjóðir rukka sjóðsfélaga sína vanalega um fast umsýslugjald en taka auk þess fimmtung af hagnaði sjóðsins. Ég hef aftur á móti sterka sannfæringu fyrir því að sjóðir eigi ekki að rukka viðskiptavini sína séu þeir ekki að ná neinum árangri í sínum fjárfestingum. Í mínum sjóði rukka ég því engin umsýslugjöld heldur tek einungis hluta af hagnaði ef einhver verður, segir Ravi og heldur áfram: „Ég tel enn fremur mjög mikilvægt að hagsmunir sjóðsins og sjóðsfélaganna séu nákvæmlega hinir sömu. Það er því miður of algengt að sjóðsstjórar og miðlarar fari óvarlega með peninga í sinni umsýslu einfaldlega vegna þess að þetta eru ekki þeirra peningar. Í mínum sjóði sé ég þess vegna til þess að helmingur þeirra peninga sem eru í sjóðnum á hverjum tíma séu mínir eigin peningar.“

Ravi byrjaði með fjárfestingarsjóðinn árið 2010 og hefur að eigin sögn náð mjög góðri ávöxtun fyrir sjóðsfélaga sína frá þeim tíma. Aldrei hafi þó gengið jafn vel og á þessu ári þegar hann segir að eignir sjóðsins hafi þrefaldast úr 5 milljónum Bandaríkjadala í 15 á fyrstu mánuðum ársins. Því hafi hann tekið því rólega í fjárfestingum upp á síðkastið þar sem markmiðum ársins hafi verið náð og vel það.

Að lokum segist Ravi stunda fjárfestingar af þeirri einföldu ástæðu að sér finnist það skemmtilegt. Hann ítrekar þó að sér finnist víða pottur brotinn í fjármálakerfinu og telur þörf á snjallar regluverki utan um það. „Það regluverk á þó fremur að snúast um að hafa hvata starfsfólks í geiranum rétta en að reisa alls konar veggi og nota boð og bönn,“ segir Ravi.




Vænt kaupverð lægra en skuld við Deutsche Bank:

## Búist við sölu Actavis í dag eða á morgun

Gengið verður frá sölu á Actavis til bandaríska samheitalyfjafyrirtækisins Watson í dag eða á morgun ef marka má frétt Financial Times um málið frá því í gær. Samkvæmt heimildum blaðsins verður kaupverðið um 4,5 milljarðar evra, jafngildi 750 milljarða íslenskra króna.

Gera má ráð fyrir að megnið og jafnvel allt kaupverðið renni til Deutsche Bank sem fjármagnaði að langstærstum hluta yfirtöku félaga sem tengdust Björgólfi Thor Björgólfssyni á Actavis árið 2007.

Í frétt Bloomberg um viðskiptin frá því á mánudag kemur fram að vænt kaupverð sé lægra en sem nemur virði skuldarinnar hjá Deutsche Bank. Muni bankinn í kjölfar viðskiptanna afskrifa 300 til 400 milljónir evra úr bókhaldi sínu en hann hefur þegar þurft að afskrifa skuldina um 500 milljónir evra á síðustu misserum.

Ragnhildur Sverrisdóttir, upplýsingafulltrúi Björgólfs Thors, vildi ekki tjá sig um málið að svo stöddu.

Deutsche Bank mun kynna afkomu bankans á fyrsta ársfjórðungi 2012 á morgun og er þess vænst að tilkynnt verði um söluna á Actavis áður en ársfjórðungsuppgjörið birtist.

Sameinað fyrirtæki Actavis og Watson verður einn stærsti framleiðandi samheitalyfja í heiminum en Actavis er með umfangsmikla starfsemi í Hafnarfirði þótt höfuðstöðvar fyrirtækisins hafi verið færðar til Sviss.



**ACTAVIS** Sameinað fyrirtæki Actavis og Watson verður einn stærsti framleiðandi samheitalyfja í heimi. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



# Velkomin á vorráðstefnu Advania á Akureyri

**Hin árlega vorráðstefna Advania verður haldin í Menningarhúsinu Hofi á Akureyri föstudaginn 27. apríl og er öllum opin á meðan húsrúm leyfir.**

Á dagskrá eru 10 áhugaverðir fyrirlestrar þar sem áhersla er lögð á gagnlegan fróðleik um nýjustu strauma og stefnur í upplýsingatækni fyrir atvinnulífið. Ráðstefnunni lýkur með léttum veitingum, ljúfum tónum og notalegum félagsskap.

**Dagskrá:**

**13.00** **Opnun**
Gestur G. Gestsson, forstjóri Advania

**13.10** **Viðskiptagreind: Fimm þrepa nálgun við stefnumótun**
Hinrik Jósafat Atlason, Advania

**13.25** **Öryggi: Stafræn óværa, blekkingar og öryggisstefna**
Sigurður Másson, Advania

**13.45** **Öryggi: Upplýsingaleki er ógn**
Tryggvi R. Jónsson, Deloitte

**14.05** **Kaffipása**

**14.25** **Samfélagsmiðlar: Hagnýt ráð fyrir fyrirtæki og stofnanir**
Bárður Örn Gunnarsson, Hvíta húsið

**14.40** **Snjallsímar: App og farsímavefir sem markaðstæki**
Helgi Pjetur Jóhannsson, Stokkur (leggja.is)

**15.00** **Viðskiptalausnir: Microsoft SharePoint fyrir skjöl og samvinnu**
Sigvaldi Óskar Jónsson, Advania

**15.15** **Viðskiptalausnir: Hámörkun árangurs með viðskiptalausn - Reynslusaga**
Reynir Eiríksson, Norðlenska

**15.35** **Verslun og viðskipti: Framtíðarsýn í afgreiðslukerfum**
Hjalti G. Hjartarson, Advania

**15.50** **Kaffipása**

**16.10** **Veflausnir: Nýjungar í netverslun og rafrænum viðskiptum**
Sigrún Eva Ármannsdóttir, Advania

**16.30** **Veflausnir: Spennandi stefnur og straumar í hönnun og viðmóti**
Jónatan Gerlach, Skapalón

**16.50** **Lokaorð**
Garðar Már Birgisson, Advania

**17.00** **Léttar veitingar**

Þátttaka er gestum að kostnaðarlausu.
Skráning og nánari upplýsingar á **www.advania.is**.

advania
Welcome to IT

Sætún 10 | 105 Reykjavík | Sími 440 9000 | advania@advania.is | www.advania.is

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA 12-0915

BANKAHÓLFIÐ



Magnús Þorlákur Lúðvíksson

## Gleymum ekki grunnatriðunum

Erindi Harðar Arnarsonar, forstjóra Landsvirkjunar, á ársfundi fyrirtækisins nýverið vakti verðskuldaða athygli. Hörður fjallaði um að Íslendingar hefðu aðgang að miklu magni endurnýjanlegrar orku á sama tíma og eftirspurn eftir grænni raforku væri að stóraukast í Evrópu, ekki síst vegna lögbundinna markmiða margra ríkja um að auka hlutfall slíkrar orku í orkubúskap sínum. Fyrir vikið bæri að skoða þá hugmynd alvarlega að selja íslenska raforku til Evrópu um sæstreng og tók Hörður svo til orða að lagning sæstrengs, samhliða iðnaðaruppbyggingu, væri líklega eitt stærsta viðskiptatækifæri sem Íslendingar hefðu staðið frammi fyrir. Hörður rak að vísu þann varnagla að frekari rannsókna væri þörf áður en hægt væri að kveða endanlega upp úr um hagkvæmni verkefnisins en kallaði á sama tíma eftir því að lagst yrði í þær rannsóknir sem fyrst.

Aðra áminningu var að finna í máli Harðar sem er allrar athygli verð. Þegar hann hafði lokið við að fjalla um það tækifæri sem Landsvirkjun telur felast í lagningu sæstrengs bætti hann við að mikilvægt væri að hafa í huga að sú sérstaða Íslands að geta selt græna raforku til Evrópu væri hugsanlega tímabundin. Það væri með öðrum orðum ekki víst að tíminn ynni með þessu verkefni meðal annars vegna þess að notkun annarra orkugjafa, svo sem sólarorku, vindorku og jafnvel kjarnorku, gæti orðið nægilega ódýr til að geta uppfyllt eftirspurn Evrópu eftir endurnýjanlegri orku.

Áminningin er markverð í þessu tilviki. Tækniframfarir í tengslum við endurnýjanlega orkugjafa hafa verið hraðar síðustu ár en til að mynda hefur kostnaður við nýtingu sólarorku lækkað um að meðaltali 7 prósent á ári síðustu ár. Það er ekki þar með sagt að þróunin haldi áfram á sama hraða en það bendir þó mögulega til þess að samkeppnisforskot Íslands kunni að minnka eða jafnvel hverfa á næstu árum eða áratugum. Þann möguleika þarf að hafa í huga við stefnumótun um raforkumál og sæstreng.

Áminningin er hins vegar einnig markverð í víðara samhengi, en hún byggir í raun á þeirri einföldu athugun að það er rosalega erfitt að sjá framtíðina fyrir. Það mun alltaf ríkja nokkur óvissa í tengslum við hvert það stóra verkefni sem teygir sig út fyrir fyrirsjáanlega framtíð. Vitanlega gæti verkefni í líkingu við sæstreng til Evrópu skilað þjóðarbúinu miklum arði og þess vegna er mikilvægt að grípa til þeirra ráðstafana sem þarf til að svo megi verða. Umræða um atvinnu- og efnahagsmál hér á Íslandi hefur hins vegar í of miklum mæli snúist um að keyra í gang risaverkefni fremur en hitt sem er einfaldlega að tryggja hér gott og stöðugt rekstrarumhverfi fyrirtækja og skapa jarðveg fyrir nýsköpun. Risaverkefni geta reynst mikil blessun en við þurfum einnig að hlúa að grunninum.




VIÐ BYGGJUM
Á GÖMLUM GRUNNI

Fagfélagið verður BYGGIÐN

**Trésmiðafélag Reykjavíkur** og **Félag byggingamanna Eyjafirði**, sem rekja upphaf sitt til ársins 1899, sameinuðust árið 2008 undir nafninu Fagfélagið.

Frá **25. apríl 2012** heitir félagið **BYGGIÐN – félag byggingamanna**. Innan félagsins eru allar iðngreinar byggingamanna. Heiti félagsins er lýsandi fyrir byggingaiðnaðinn og menntun félagsmanna. Félagið mun áfram leggja áherslu á að standa vörð um kjör, starfsréttindi og iðnmenntun félagsmanna. Byggiðn er aðili að Samiðn, ASÍ og Iðunni fræðslusetri.

**BYGGIÐN er félag byggingamanna.**

BYGGIÐN
Félag byggingamanna

VERT

Borgartúni 30 / 105 Reykjavík / Skipagötu 14 / 600 Akureyri / sími 535 6000 / www.byggidn.is

SHARP



SHARP SJÓÐVÉL
XE-A207B
99 vöruflokkar
Allt að 2000 PLU númer
Rafrænn innri strimill 9000 línur
Stór LCD skjár
SD kortarauf
– hægt að flytja gögn yfir á PC
Sjálfvirk dagsetning og tími
Hitaprentun
Íslenskur strimill
Kr. 69.900,-



SHARP SJÓÐVÉL
XE-A113B
32 vöruflokkar
Allt að 200 PLU númer
Sjálfvirk dagsetning og tími
Hitaprentun
Íslenskur strimill
Rafrænn innri strimill
Mjög auðveld í forritun
Kr. 54.900,-



SHARP SJÓÐVÉL
XE-A213
Allt að 99 vöruflokkar
Allt að 1200 PLU númer
Sjálfvirk dagsetning og tími
Hitaprentun
Íslenskur strimill
Rafrænn innri strimill
Mjög auðveld í forritun
Kr. 79.900,-

ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800
www.ormsson.is
SHARP EÐALVÉL

## Dýrahald



Strýhærðir Þýskir bendar (Vorsteh), þessir fjórir strákar eru til sölu. Foreldrar eru Kragborg Mads og Yrja. Frábærir fjölskyldu og veiðihundar. Henta mjög vel til rjúpna-anda og gæsaveiða. Einnig öflugir í mink. Ættbókarfærðir frá HRFI Uppl. Í síma 861-4502

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**Gistiheimili - Guesthouse**

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.og stúdíó Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person and studio. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Falleg 2ja herb. íbúð til leigu í Borgarhverfi í Grafarvogi frá og með 01. maí n.k. S. 899 7012

## Húsnæði óskast

2-3 herbergja íbúð óskast í Kópavogi, helst vesturbæ, Er einstæð með einn dreng, s:8684557-Inga

Kleppsvegur 56 4herb. 80fm íbúð á annarri hæð, laus strax. Leiga er 155þús. s. 8943110.

## Fasteignir



**TÆKIFÆRI!**
120 m² ferðþjónustuhús til sölu , áður Kaffi Grindavík, gæti einnig hentað sem sumarh.,verslun, aðstöðuh. eða m.fl.. 300 m² sólp.. Hús sem er auðvelt að flytja og breyta. Gott verð. Uppl. í s: 8976302 eða stjornufiskur@gmail.com

## Sumarbústaðir



Sumarhús, gestahús, fokhelt, efni fylgir til að klára, 15 fm. til sölu. Staðsett á Suðurl. V. 1,2 m. S. 898 2735.

Til sölu lóðir í Grímsnesi / Kerhrauni verð er aðeins kr.375 pr fm. sími 896 0587.

## Atvinnuhúsnæði

**Dalvegur, Kópavogi**
Til leigu 75fm jarðhæð á góðum stað við Dalveg í Kópavogi. Uppl. í s. 696 8054.

Til Leigu skrifstofu herbergi lítil og stór við Ármúla góð bílastæði og hagstætt verð uppl. 899 3760.

## Geymsluhúsnæði

**Geymslur.com**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500.

## Gisting

**ÍBÚÐ Í KÖBEN.is**
12 GLÆSILEGAR ÍBÚÐIR Á BESTA STAÐ Í KÖBEN TIL LEIGU ALLT ÁRIÐ UM KRING
Verð frá 1050 dkr/nóttin
f. 3ja herb.íb. Nánari uppl. í síma
891 8612 | +45 271 11038
apartments.cph@gmail.com
www.ibudikoben.is

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Rizzo Pizzeria - Grensásvegi**
**Want to hire pepole for cleeaning and dishwashing. Full job.**
**More informmation: Solla í S. 663 2502 & rizzo@rizzo.is**




**Rótgróið verktakafyrirtæki leitar eftir málara sem getur unnið sjálfstætt og er með reynslu. Uppl. í s.7780100.**

Kokkur eða matráður og afgreiðsla í verslun, Laugarvatn, sumarvinna. S. 696 9696.

Sérferðir ehf, hvalaskoðun óskar eftir skipstjóra á farþegabát í sumarstarf. Nánari uppl í síma 892 0099.

Dyravörður óskast. Umsókn og nánari uppl. sendist á: job@strawberries.is

Kebab-Center - Framtíðarstarf. Nýr staður í Kópovogi óskar eftir þjónustuliprum starfsmanni í fullt starf. Aðeins 20 ára og eldri eingöngu um framtíðarstarf er að ræða,sækja um á castello@simnet.is eða 6923051.

Lærður smiður óskar eftir vinnu. Er flest öllu vanur og vandvirkur. Get unnið sjálfstætt. S:690 1883.

Gott tækifæri til sölu fyrir laghentan og duglegan mann. Afsýring og viðgerðir á húsgögnum og fl. s. 8975484 og 8973327.

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**Rauða Torgið**
Sönn tilbreyting • Heit ævintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt frítt í s. 555-4321
Karlar auglýsa frítt, 535-9922
Heitar kynlífssögur
905-2002 • 535-9930
Símadömur • live spjall
908-6000 • 535-9999

## Atvinna

Stykkishólmsbær

**Leikskólinn í Stykkishólmi auglýsir eftir leikskólakennurum til starfa**

**Um er að ræða þrjár 100% stöður, þar af ein staða deildarstjóra yngstu deildar.**
Vakin er athygli á því að ef ekki fást leikskólakennarar til starfa, munu aðrar umsóknir koma til greina. Við minnum á að starfið henta bæði körlum og konum.

Nánari upplýsingar gefur Sigrún Þórsteinsdóttir leikskólastjóri í símum 4338128/8664535
Umsóknareyðublöð liggja frammi á skrifstofu Stykkishólmsbæjar og á vef bæjarins www.stykkisholmur.is

**Umsóknarfrestur er til 30. apríl 2012**




## Til sölu

# Öll tæki Vesturmjólkur ehf. til sölu

**Helstu tæki:**
- **Sendibifreið**
- **Tankbifreið**
- **Mjólkurtankar 1000–10.000 ltr.**
- **Öll tæki til mjólkurvinnslu**
- **Pökkunarvélar**
  - **Elopak**
  - **Bikarapökkunarvél**
- **Þvottasamstæða**

**sjá nánar á www.vesturmjolk.is**

Vesturmjólk ehf. framleiddi jógúrt, AB mjólk, sýrðan rjóma og minimjólk á neytendamarkað á árinu 2011. Sundurliðaður tækjalisti er listaður á vefsíðunni www.vesturmjolk.is. Einnig er hægt að senda beiðni um að haft verði samband á tölvupóstfangið: gylfi@vesturmjolk.is

Hægt er að nýta þennan búnað í margháttaða framleiðslu s.s fyrir mjólkurvinnslu, safaframleiðslu, sultugerð o.fl.

## Atvinna

# Sérverk ehf.

**Óskum eftir smiðum við úti og innivinnu og vönum mönnum á verkstæði.**

**Tekið er á móti umsóknum á serverk@serverk.is**

**Nánari upplýsingar gefur Elías S. 893 3959**

## Fasteignir



**Til sölu Búðavað 18/20**
Ný glæsileg parhús í bygginu á frábærum stað innst í botnlanga í Norðlingarholtinu, stendur við gróið svæði. Hvort húsið er 188,3m2 auk 30,7m2 bílskúrs eða alls 219m2. Eignin er með uppsteyptu burðarvirki, lóð er grófjöfnuð. **Verð kr. 59 milljónir**

FASTEIGNAFÉLAGIÐ Hlíð
Leiga: 540 5060
Sala: 540 5070
Lágmúli 6, 108 Reykjavík
www.hlid.is

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**
**ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.**
**Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is**
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

**Glæsibær 11 - Fallegt einbýlishús við Elliðaárdalinn**

**OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 17-18**




Fallegt 167,2 fm. einbýlishús að meðtöldum 31,2 fm. bílskúr á þessum frábæra stað við Elliðaárdalinn. Samliggjandi stofur með arni. Hol með útgangi á verönd til suðurs. Eldhús með góðri borðaðstöðu. Þrjú herbergi (fjögur á teikningu). Nýlega endurnýjuð gestasnyrting . Húsið er nýmálað og viðgert að utan. Falleg lóð með um 50 fm. viðarverönd með skjólveggjum auk hellulagðrar verandar aftan við húsið. **Verð 54,9 millj. Eignin verður til sýnis í dag. Verið velkomin.**

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**
**ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.**
**Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is**
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

**Jakasel 32 - Einbýlishús á útsýnisstað**

**OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 17-18**




Vandað og vel skipulagt 331,4 fm. einbýlishús á fallegum og grónum útsýnisstað. Eldhús með stórri eyju og vönduðum innréttingum. Stórar samliggjandi stofur með arni og útgangi á svalir. Sex svefnherbergi. Þrjú baðherbergi. Tvöfaldur bílskúr. Tvennar svalir. Glæsileg verðlaunalóð með stórum viðarveröndum, skjólveggjum og hitalögnum í hellulagðri innkeyrslu. **Verð 79,0 millj**
**Eignin verður til sýnis í dag. Verið velkomin.**

## krossgáta




**LÁRÉTT**
**2.** bauti, **6.** kusk, **8.** mjöl, **9.** bókstafur, **11.** aðgæta, **12.** orðtak, **14.** urga, **16.** pípa, **17.** bókstafur, **18.** fát, **20.** tveir eins, **21.** handa.

**LÓÐRÉTT**
**1.** munnvatn, **3.** kringum, **4.** gróðrahyggja, **5.** hamfletta, **7.** ljótur, **10.** viðmót, **13.** gerast, **15.** sál, **16.** þjálfa, **19.** tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** buff, **6.** ló, **8.** mél, **9.** eff, **11.** gá, **12.** frasi, **14.** iskra, **16.** æð, **17.** enn, **18.** fum, **20.** dd, **21.** arma.

**LÓÐRÉTT: 1.** slef, **3.** um, **4.** fégirnd, **5.** flá, **7.** ófríður, **10.** fas, **13.** ske, **15.** andi, **16.** æfa, **19.** mm.






# Þessi kvennastörf

**BAKÞANKAR**
**Ragnheiðar Tryggvadóttur**

Næsti forseti Íslands gæti orðið kona og næsti biskup Íslands gæti orðið kona, á sama tíma og forsætisráðherra landsins er kona og forseti Alþingis er kona. Það er svo sem ekki víst, enn á eftir að kjósa um embættin og stólaskipti geta víst orðið innan veggja Alþingis eins og hendi sé veifað, en kannski! Ég hefði gaman af því, remban sem ég er.



**ÉG** hefði mjög gaman af því að mín börn ælust upp við konur í öllum æðstu stöðum þjóðfélagsins. Að þau ælust upp við að ekkert væri sjálfsagðara en kona stjórnaði landinu, konur stjórnuðu ýmiss konar fyrirtækjum og bönkum, háskólum og flugvélum og sjúkrahúsum og kirkjum. Það væri hreint ekki neitt tiltökumál og alls ekki tilefni til umræðu af nokkru tagi, pistlaskrifa, reiðilestra eða skítkasts á netinu. Svona væri þetta bara.

**SJÁLF** ólst ég upp við konu við æðstu völd og leit mikið upp til hennar. Fannst svo frábært að við ættum fyrsta lýðræðislega kosna þjóðhöfðingjann í heiminum. Mér fannst þetta svo merkilegt, af því að þetta var mjög merkilegt. Heil þjóð hafði sjálfviljug kosið sér konu til forseta, árið 1980! Ég leit upp til Vigdísar vegna þess að hún er kona og vegna þess að að öllu öðru leyti ólst ég upp við karla við stjórnvölinn, í fyrirtækjum og bönkum, háskólum og flugvélum og sjúkrahúsum og kirkjum. Það var normið, hitt var frávik.

**ÞETTA** er samt öfugsnúið. Ég veit fullvel að konur geta allt og hef alltaf vitað. Ég freistast meira að segja stundum til að segja að þær geti allt betur en karlar! En það er bara þegar þannig liggur á mér. Auðvitað á kynferðið ekki að vera neitt tiltökumál sama hvaða starfi viðkomandi sinnir. Það er það þó einhverra hluta vegna og ég mun aldrei skilja af hverju. Hvernig í ósköpunum það æxlaðist svo að karlar eru ráðandi kynið í heiminum – bara skil það ekki!

**ÉG** vil ekki að dóttir mín kjósi konur í embætti bara af því að þær eru konur eða að sonur minn kjósi aldrei konur, bara af því að þær eru konur. En til þess að það verði þarf það einhvern veginn að verða „ekkert merkilegt“ að kona sinni lykilhlutverki. Öll störf verða að vera „kvennastörf“!

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Barnalán** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





# Starfsemi á árinu 2011

**Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins**
**Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga**

## Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2011

| | A-deild LSR | B-deild LSR | Séreign LSR | LSR samtals | Lsj. hjúkr.- fræðinga | LSR & LH samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Iðgjöld | 15.734 | 2.667 | 791 | 19.191 | 263 | 19.455 |
| Lífeyrishækkanir | 0 | 7.782 | 0 | 7.782 | 729 | 8.511 |
| Uppgreiðslur og innb. v/skuldbindinga | 0 | 1.610 | 0 | 1.610 | 113 | 1.723 |
| Lífeyrir | -1.477 | -21.737 | -728 | -23.942 | -1.911 | -25.854 |
| Fjárfestingartekjur | 11.206 | 14.176 | 617 | 25.999 | 1.580 | 27.579 |
| Breytingar á niðurfærslu | -287 | -87 | 0 | -374 | -51 | -424 |
| Fjárfestingargjöld og rekstrarkostnaður | -218 | -363 | -8 | -588 | -52 | -640 |
| Tímabundinn skattur í ríkissjóð | -126 | -152 | 0 | -278 | -18 | -296 |
| **Hækkun á hreinni eign á árinu** | **24.832** | **3.895** | **673** | **29.399** | **655** | **30.054** |
| **Hrein eign frá fyrra ári** | **154.510** | **186.979** | **8.617** | **350.106** | **21.654** | **371.761** |
| **Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris** | **179.342** | **190.874** | **9.289** | **379.506** | **22.309** | **401.814** |

Fjárhæðir í milljónum króna

Hrein eign til greiðslu lífeyris




## Efnahagsreikningur 31.12.2011

| | A-deild LSR | B-deild LSR | Séreign LSR | LSR samtals | Lsj. hjúkr.- fræðinga | LSR & LH samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Verðbréf með breytilegum tekjum | 52.884 | 73.394 | 4.534 | 130.811 | 9.129 | 139.940 |
| Verðbréf með föstum tekjum | 92.382 | 93.732 | 367 | 186.481 | 11.295 | 197.775 |
| Veðlán | 26.032 | 33.587 | 0 | 59.619 | 2.672 | 62.292 |
| Aðrar fjárfestingar | 460 | 187 | 4.002 | 4.650 | 13 | 4.663 |
| Bankainnistæður | 11.980 | 550 | 577 | 13.107 | 667 | 13.775 |
| Kröfur og aðrar eignir | 1.362 | 989 | 8 | 2.359 | 30 | 2.389 |
| Skuldir | -5.758 | -11.564 | -199 | -17.522 | -1.497 | -19.019 |
| **Hrein eign til greiðslu lífeyris** | **179.342** | **190.874** | **9.289** | **379.506** | **22.309** | **401.814** |
| **Eignir utan efnahagsreiknings** | | | | | | |
| Krafa á launagreiðendur vegna lífeyrishækkana | | 230.743 | | 230.743 | 32.237 | 262.980 |

Fjárhæðir í milljónum króna

## Kennitölur 2011

| | A-deild LSR | B-deild LSR | Séreign leið I | Séreign leið II | Séreign leið III | LSR samtals | Lsj. hjúkr.- fræðinga |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Nafnávöxtun | 6,7% | 7,7% | 6,7% | 7,8% | 8,1% | 7,2% | 7,1% |
| Hrein raunávöxtun | 1,3% | 2,1% | 1,4% | 2,4% | 2,6% | 1,8% | 1,6% |
| 5 ára meðaltal hreinnar raunávöxtunar | -4,5% | -4,7% | -2,9% | -0,3% | 5,1% | -4,5% | -5,2% |
| 10 ára meðaltal hreinnar raunávöxtunar | 1,6% | 1,8% | 1,5% | 3,2% | 5,3% | 1,8% | 1,4% |
| Verðbréfaeign í íslenskum krónum | 74,5% | 66,7% | 64,7% | 70,8% | 100,0% | 70,5% | 64,2% |
| Verðbréfaeign í erlendum gjaldmiðlum | 25,5% | 33,3% | 35,3% | 29,2% | 0,00% | 29,5% | 35,8% |
| Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga | 22.730 | 4.796 | 1.293 | 286 | 1.246 | 27.527 | 479 |
| Meðalfjöldi lífeyrisþega | 2.243 | 11.657 | 119 | 20 | 123 | 14.162 | 792 |
| Rekstrarkostnaður í hlutfalli af eignum | 0,04% | 0,10% | 0,06% | 0,05% | 0,06% | 0,07% | 0,12% |
| Fjárfestingargjöld í hlutfalli af eignum | 0,09% | 0,09% | 0,04% | 0,04% | 0,01% | 0,09% | 0,12% |

## Lífeyrisskuldbindingar skv. tryggingafræðilegri úttekt 31.12.2011

| | A-deild LSR |
|---|---|
| Eignir umfram áfallnar skuldbindingar | -10.220 |
| Í hlutfalli af áföllnum skuldbindingum | -5,2% |
| Eignir umfram heildarskuldbindingar | -57.397 |
| Í hlutfalli af heildarskuldbindingum | -13,1% |

Fjárhæðir í milljónum króna

### Stjórn LSR

Maríanna Jónasdóttir, stjórnarformaður
Árni Stefán Jónsson
Eiríkur Jónsson
Guðlaug Kristjánsdóttir
Guðrún Ágústsdóttir
Gunnar Björnsson
Viðar Helgason
Þorveig Þormóðsdóttir

### Stjórn LH

Herdís Gunnarsdóttir, stjórnarformaður
Ásta Lára Leósdóttir
Oddur Gunnarsson
Ragnheiður Gunnarsdóttir

**Framkvæmdastjóri**
Haukur Hafsteinsson

### Ársfundur 2012

Ársfundur LSR og LH verður haldinn þriðjudaginn 22. maí n.k. á Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2, kl. 15:00. Fundurinn er opinn öllum sjóðfélögum og launagreiðendum.

LSR
LÍFEYRISSJÓÐUR STARFSMANNA RÍKISINS

LSR • Bankastræti 7 • 101 Reykjavík • Sími: 510 6100 • Fax: 510 6150 • lsr@lsr.is • www.lsr.is




**AUTHOR®**
**í fremstu röð**

Author er einn af leiðandi framleiðendum reiðhjóla og fylgihluta fyrir reiðhjól í Evrópu.
Author framleiðir gæða reiðhjól á frábæru verði fyrir hinn almenna hjólreiðamann og atvinnumenn.
Keppendur á reiðhjólum frá Author hafa verið í fremstu röð í keppnum í Evrópu í mörg ár.
Author reiðhjólin hafa slegið rækilega í gegn hjá Húsasmiðjunni undanfarin ár og nú bjóðum við upp á meira úrval en nokkru sinni fyrr.
Komdu og kynntu þér Author gæðahjól á hreint út sagt frábæru verði.



**29.900**
VERÐ VERND

**Author Vectra 26"**
Bremsur: V- brake
Gírar: 18
Gírskipting: Shimano Revoshift
3899998

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR



**29.900**
VERÐ VERND

**Author Trophy 26"**
Bremsur: V- brake
Gírar: 18
Gírskipting: Shimano Revoshift
3899987

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR



**Author Traction 29"**
Bremsur: Tektro Draco WH
Gírar: 27
Gírskipting: Shimano Deore
Þyngd: 13.4 kg
3899956

**154.900**

TAKMARKAÐ MAGN AÐEINS Í SKÚTUVOGI



**Author Revolt 29"**
Bremsur: Shimano M575
Gírar: 30
Gírskipting: Shimano SLX
Þyngd: 11.2 kg
3899957

**389.900**

TAKMARKAÐ MAGN AÐEINS Í SKÚTUVOGI



**Author Dexter 29"**
Bremsur: Tektro Draco
Gírar: 27
Gírskipting: Shimano Alivio
Þyngd: 14.8 kg
3899955

**105.900**

TAKMARKAÐ MAGN AÐEINS Í SKÚTUVOGI



**Author Matrix 24"**
Bremsur: Tektro 55AL
Gírar: 18
Gírskipting: Shimano Revoshift
3899972

**32.900**



**Author Matrix 24"**
Bremsur: Tektro 55AL
Gírar: 18
Gírskipting: Shimano Revoshift
3899972

**32.900**



**Author Outset 26"**
Stell: 19" og 21"
Bremsur: Tektro 55AL
Gírar: 21
Gírskipting: Shimano Revoshift
3899985/86

NÝ SENDING VÆNTANLEG

**39.900**



**Author Thema 26"**
Bremsur: Tektro 855 AL
Gírar: 21
Gírskipting: Shimano Revoshift
Þyngd: 12.2 kg
3899952

**45.900**



**Author Compact 26"**
Stell: 20" og 22"
Bremsur: Tektro 855 AL
Gírar: 21
Gírskipting: Shimano Revoshift
Þyngd: 12.2 kg
3899953-4

**45.900**



**Author Unica 26"**
Bremsur: Tektro 837AL
Gírar: 21
Gírskipting: Shimano Revoshift
3899951

**39.900**



**Author Triumph 28"**
Bremsur: Tektro 55 AL
Gírar: 24
Gírskipting: Shimano Acera
Þyngd: 16.3 kg
3899950

**84.900**



**Author Majesty 26"**
Bremsur: Tektro 55 AL
Gírar: 21
Gírskipting: Shimano Revoshift
Þyngd: 14.8 kg
3899949

**74.900**



**Author Energy 20"**
Bremsur: Tektro 45AL
Gírar: 6
Gírskipting: Shimano Revoshift
3899951

**39.900**



**Author Orbit 16"**
Bremsur: Tektro 855 AL
Fótbremsur
Þyngd: 9.1 kg
3899943

NÝ SENDING VÆNTANLEG



**Author Jet 12"**
Bremsur: Fótbremsur
Þyngd: 8.3 kg
3899945

**23.900**

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

**ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI SÍÐAN 1956**

# menning

menning@frettabladid.is

HÁDEGISTÓNLEIKAR
ÍSLENSKU ÓPERUNNAR
NORÐURLJÓSUM, HÖRPU
FIMMTUDAGINN 26. APRÍL KL. 12.15



TÆLINGARSÖNGVAR
SERENÖÐUR OG MANSÖNGVAR
ÁGÚST ÓLAFSSON, BARÍTÓN
ANTONÍA HEVESI, PÍANÓ

AÐGANGUR ÓKEYPIS

WWW.OPERA.IS

ÍSLENSKA ÓPERAN

# Síðasta sýning Nemendale

Leikhús ★★★

**Óraland**

**Höfundar:** Hópurinn og Jón Atli Jónasson. **Leikarar:** Hjörtur Jóhann Jónsson, Kolbeinn Arnbjörnsson, Olga Sonja Thorarensen, Ólöf Haraldsdóttir, Pétur Ármannsson, Saga Garðarsdóttir, Sara Margrét Nordahl, Sigurður Þór Óskarsson, Snorri Engilbertsson, Tinna Sverrisdóttir. **Tónlist:** Björn Pálmi Pálmason, Oddur S. Báruson. **Leikstjóri:** Una Þorleifsdóttir.

**Smiðjan, Sölvhólsgötu**



Frumsýning í Nemendaleikhúsinu, Óraland eftir nýja íslenska leikara og samferðarmenn. Að útskrifast eftir fjögurra ára nám sem einkennist af algerri samveru, er stórt, erfitt og merkilegt skref. Nú á þessi skóli að breytast og var þessi sýning hér sú síðasta í Nemendaleikhúsinu. Það er leiðinlegt að hugsa til þess, vegna þess að sýningar einmitt þessa leikhúss hafa alltaf einkennst af leikgleði, von og framtíðartrú. Margir óska þess heitast að fá að leika Tsjekof eða stórbrotin hlutverk meistara Shakespeares á slíkri stundu en þessir nemendur fóru þá leið að kynna og leika sig sjálfa.

Það er alltaf flókið að búa til einmitt þessa síðustu sýningu. Nú velja nemendur í samvinnu við sína nestora að kynna sína eigin persónur, án þess að vera endilega að leika auglýsingu. Þeir höfundar sem unnu með hópnum hentu inn til þeirra hugmyndum og saman hafa þau útbúið dagskrá sem byggist að mörgu leyti á því sem þau sjálf eru hluti af.

Óraland er þeirra eigið land og víða komið við. Sýningin var samsett úr röðum atriða, sum voru í samhengi en önnur eins og innskot; ekki ósvipað og dagskrárefni Kastljóssins oft vill verða. Nokkur hópatriði eins og grínið um söngleikinn Hárið og fantagott atriði um síðustu mínúturnar í hafinu fyrir utan sökkvandi skipið Titanic voru einkar smart og skemmtilega unnin.

Saga Garðarsdóttir átti marga góða spretti þar sem hún ítrekað sagði okkur að hún ætti svo sannarlega heima í fjölmiðlum, og eins heillaði Hjörtur Jóhann Jónsson með túlkun sinni á gamla fulla pabbanum sem alltaf var að sníkja pening af dóttur sinni. Dótturina leikur hin heillandi Olga Sonja Thorarensen sem hefur mjög svo



# ikhússins

hrífandi nærveru. Tinna Sverrisdóttir kann listina að kveikja á háu ljósunum og heilla áhorfendur, hvort heldur hún er beinlínis að biðla til fólks eða bara að tjá einhverjar óskir og vonir. Snorri Engilbertsson leikur föður sem er miður sín vegna þess að sonur hans hefur verið ákærður fyrir nauðgun og hyggst hann fá leikhóp til að sviðsetja atburðina nákvæmlega eins og þeir áttu að hafa gerst. Sú sviðsetning fer aftur á móti á annan veg þar sem aðalleikkonan fær léttasótt í miðju nauðgunaratriðinu. Þeir feðgar sýndu skemmtilegan samleik, en það var Kolbeinn Arnbjörnsson sem fór með hlutverk sonarins.

Það hefði kannski mátt fylgja þessari sögu betur eftir en aðrar þurftu að komast að því einkenni hvers og eins varð að fá sitt rými. Ólöf Haraldsdóttir lék stúlkuna, sem einhvern veginn verður útundan og einkenndist túlkun hennar af sársauka og viðkvæmni. Sara Margrét Nordahl ljær sorgmæddri móður líf, móður sem orðið hefur fyrir því að missa bæði eiginmann og barn. Hún er hefur í þessu verki eins og í Jarðskjálftum í London fantagóða nærveru. Pétur Ármannsson leikur náungann sem er að koma út úr skápnum en vill ekki gera það á neinn venjulegan máta, þannig að í hvert sinn sem hann bryddar upp á þessu bresta á hópatriði sem svo sannarlega lyfta sýningunni í hæðir. Sigurður Þór Óskarsson sýnir einnig að hann kann að kitla hláturtaugar. **Elísabet Brekkan**

**Niðurstaða:** Sýningin var öll mjög vel unnin og leikaraefnin sýndu vel hvað í þeim býr, en hún var helst til löng.



**BRAGI ÓLAFSSON** Rómantískt andrúmsloft er hans fyrsta ljóðabók í langan tíma. FRÉTTABLAÐIÐ/XXX

# Rómantískt andrúmsloft Braga Ólafs

**Bragi Ólafsson hefur sent frá sér nýja ljóðabók sem nefnist Rómantískt andrúmsloft.**

**Í Rómantísku andrúmslofti laðar Bragi, „ögrar og hrífur í nýjum ljóðum með auðþekkjanlegum brag og húmor“ segir á heimasíðu Forlagsins. „Ljóðum sem hylla skáldskapinn og tónlistina og fagna hverju nýju andartaki – en þar sem dauðinn er þó sínálægur, lævís og snöggur upp á lagið.“**

**Þetta er fimmta ljóðabók Braga, sem hóf höfundarferil sinn með ljóðabókinni Dragsúg árið 1986 en síðasta ljóðabók hans, Klink, kom út 1995. Undanfarin ár hefur hann einbeitt sér að skáldsagnagerð og leikritun en síðasta skáldsaga hans, Handritið að kvikmynd Arnar Featherby og Jóns Magnússonar um uppnámið á veitingahúsinu eftir Jenný Alexson, var tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna 2010.**

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Miðvikudagur 25. apríl 2012**

### → Söngskemmtun

**14.00** Söngvaka verður hjá Félagi eldri borgara í Reykjavík, Stangarhyl 4. Stjórnendur eru Helgi Seljan og Sigurður Jónsson. Aðgangseyrir er kr. 600.

### → Listahátíð

**10.00** Sameiginleg listadagahátíð verður haldin á Garðatorgi fyrir nemendur í leik- og grunnskólum í tilefni Listadaga barna og ungmenna í Garðabæ.

### → Dans

**20.30** Gömlu dansarnir verða dansaðir hjá Þjóðdansafélagi Reykjavíkur, Álfabakka 14a. Allir velkomnir og aðgangseyrir er kr. 800.

### → Fyrirlestrar

**12.00** Zhang Boyu prófessor talar á fyrirlestri með yfirskriftinni Modernity and Identity í Sölvhóli, Listaháskóla Íslands. Fyrirlesturinn fer fram á ensku og aðgangur er ókeypis.

**12.15** Jóhannes M. Gunnarsson læknir og Gyða Baldursdóttir hjúkrunarfræðingur halda kynningu um nýjan spítala og þýðingu hans fyrir fólk sem greinist með krabbamein. Fyrirlesturinn er undir yfirskriftinni Landspítali fyrir framtíðina og er haldinn í Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélags Íslands á fyrstu hæð húss Krabbameinsfélags Íslands, Skógarhlíð 8. Allir velkomnir.

**20.00** Rósa Þorsteinsdóttir heldur fyrirlestur um ævintýri, erlend og íslensk, prentuð og sögð, í ReykjavíkurAkademíunni, Hringbraut 121. Allir velkomnir.



**20.00** Bjarni Guðmundsson á Hvanneyri segir gestum frá því hvernig dráttarvélarnar Ferguson og Farmall breyttu lífinu í sveitunum á bókakaffi í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi.

### → Umræður

**17.00** Ferðamálasamtök Hafnarfjarðar standa fyrir hraðstefnumóti í Gaflaraleikhúsinu þar sem boðið verður upp á kynni meðal þeirra sem hafa áhuga á ferðaþjónustu og tengdri starfsemi í Hafnarfirði. Hagsmunaaðilar, leikmenn og fagaðilar hvattir til að mæta og styrkja tengslanetið. Veitingar verða seldar á staðnum.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.**



# Segir betra að vera mjór en feitur

Fyrirsætan Natalia Vodianova vandaði ekki orðaval sitt þegar hún sagði í pallborðsumræðum að það væri augljóslega betra að vera mjór en feitur.

Vodianova tók þátt í pallborðsumræðunum ásamt samstarfskonum sínum, Evu Herzigova, Lily Cole og Jourdan Dunn, en þemað var heilsa og líkamsþyngd. Málþingið var haldið í tengslum við Vogue-hátíðina í London þar sem hönnuðir og fyrirsætur deila reynslu sinni af tískuheiminum með áhugasömum.

„Ég held að flestir geti verið sammála um að það er betra að vera mjór en feitur. Ef ég borða eins og svín, þá líður mér eins og svíni,“ sagði Vodianova og reyndi að leiðrétta sig í kjölfarið með því að segjast vera að vísa í offitusjúklinga.

Fjölmiðlar vestanhafs hafa gagnrýnt ofurfyrirsætuna og blaðið Huffington Post segir Vodianovu vera óheppna með orðaval og vona að hún haldi áfram að standa fyrir heilbrigðan lífsstíl, eins og hún hefur gert hingað til.



**ÓVANDAÐ ORÐAVAL** Fyrirsætan Natalia Vodianova sagði að betra væri að vera mjór en feitur á málþingi um líkamsþyngd og heilsu. NORDICPHOTOS/GETTY



**GIFT KONA** Carey Mulligan og tónlistarmaðurinn Marcus Mumford giftu sig í Bretlandi um helgina. NORDICPHOTOS/GETTY

# Giftu sig í leyni

**Leikkonan Carey Mulligan og tónlistarmaðurinn Marcus Mumford gengu í það heilaga við leynilega athöfn í Bretlandi um helgina.**

**Mumford er söngvari sveitarinnar Mumford and Sons en parið trúlofaðist síðastliðið haust. Athöfnin var haldin í sumarhúsi í Somerset og var fámennt en góðmennt. Góðvinkona Mulligan, Sienna Miller, og leikararnir Jake Gyllenhall og Colin Firth voru meðal gesta.**





| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| 21 JUMP STREET | 5.45, 8, 10.20 |
| MIRROR MIRROR | 5 |
| BATTLESHIP | 7, 10 |
| HUNGER GAMES | 7, 10 |
| LORAX 3D ISL TAL | 5 |




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | | |
|---|---|---|---|
| CABIN IN THE WOODS | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 2D | 16 |
| CABIN IN THE WOODS VIP | KL. 8 | 2D | VIP |
| BATTLESHIP | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| BATTLESHIP VIP | KL. 5:20 - 10:10 | 2D | VIP |
| COLD LIGHT OF DAY | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 2D | 14 |
| AMERICAN PIE | KL. 5:50 - 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| WRATH OF THE TITANS | KL. 8 - 10:10 | 3D | 12 |
| FJÖRFISKARNIR M/ ÍSL TALI | KL. 5:50 | 2D | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | | |
|---|---|---|---|
| THE CABIN IN THE WOODS | KL. 10:10 | 2D | 16 |
| THE COLD LIGHT OF DAY | KL. 8 | 2D | 14 |
| GONE | KL. 8 | 2D | 12 |
| WRATH OF THE TITANS | KL. 10:10 | 2D | 12 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | | |
|---|---|---|---|
| BATTLESHIP | KL. 5:10 - 8 - 10:10 - 10:50 | 2D | L |
| THE COLD LIGHT OF DAY | KL. 5:50 - 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| WRATH OF THE TITANS | KL. 5:40 - 8 | 3D | 12 |
| PROJECT X | KL. 5:50 | 2D | 16 |
| TITANIC | KL. 8 | 3D | 7 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| CABIN IN THE WOODS | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 2D | 16 |
| COLD LIGHT OF DAY | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 2D | 14 |
| GONE | KL. 5:50 - 8 | 2D | 12 |
| WRATH OF THE TITANS | KL. 10:10 | 3D | 12 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | | |
|---|---|---|---|
| CABIN IN THE WOODS | KL. 10:20 | 2D | 16 |
| 21 JUMP STREET | KL. 8 | 2D | 12 |
| GONE | KL. 8 | 2D | 12 |
| SVARTUR Á LEIK | KL. 10 | 2D | 16 |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is




SMÁRABÍÓ — GLERAUGU SELD SÉR — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| 21 JUMP STREET | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 14 |
| 21 JUMP STREET LÚXUS | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 14 |
| MIRROR MIRROR | KL. 3.20 - 5.40 - 8 | L |
| BATTLESHIP | KL. 5.15 | 12 |
| AMERICAN PIE: REUNION | KL. 8 - 10.30 | 12 |
| LORAX – ÍSLENSKT TAL 2D | KL. 3.15 | L |
| LORAX – ÍSLENSKT TAL 3D | KL. 3.30 | L |
| HUNGER GAMES | KL. 5 - 8 | 12 |
| SVARTUR Á LEIK | KL. 10.20 | 16 |

HÁSKÓLABÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| 21 JUMP STREET | KL. 8 - 10.30 | 14 |
| MIRROR MIRROR | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | L |
| IRON SKY | KL. 5.45 - 10.30 | 12 |
| TITANIC 3D ÓTEXTUÐ | KL. 5.15 | 10 |
| HUNGER GAMES | KL. 9 | 12 |
| SVARTUR Á LEIK | KL. 5.30 - 8 | 16 |

BORGARBÍÓ — ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ GILDA EKKI Í BORGARBÍÓI — NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| 21 JUMP STREET | KL. 5.50 - 8 - 10.10 | 14 |
| BATTLESHIP | KL. 10.10 | 12 |
| AMERICAN PIE: REUNION | KL. 5.50 - 8 | 12 |

facebook/smarabio • facebook/haskolabio




BÍÓ ★ PARADÍS

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
CAFÉ/BAR, opið 17-23 / www.bioparadis.is / midi.is ■ Hluti af Europa Cinemas

**MIÐVIKUDAGUR:** **THE WOMAN IN THE FIFTH** 18:00, 20:00, 22:00 ■ **LAXNESS HÁTÍÐ: SILFURUNGLIÐ/LILJA** 17:30 ■ **LAXNESS HÁTÍÐ: PARADÍSARHEIMT** 21:00 ■ IRON SKY 18:00, 20:00, 22:00 ■ CARNAGE 20:00, 22:00 ■ *SVARTUR Á LEIK (ENGL. SUBS)* 17:40
ÍSL. TEXTI *ENG. SUBS*

**SKÓLANEMAR:** 25% afsláttur gegn framvísun skírteinis!
Sami afsláttur fyrir öryrkja og eldri borgara.





BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
íslenskir tómatar
298 KR. 250 GR
SFG KIRSUBERJA TÓMATAR
298 KR. 250 GR
SFG KONFEKT TÓMATAR
479 KR. 1 KG.
SFG TÓMATAR I KG.
98 KR. KG
STÓR LAUKUR
129 KR. KG
FRANSKAR HVÍTAR KARTÖFLUR
íslensk gúrka
139 KR. STK
SFG AGÚRKA 350G
BÓNUS FERSKT SPÍNAT
359 KR. 200G
SPÍNAT 200G
129 KR. KG
HOLLENSKT HVÍTKÁL
195 KR. KG
GUL MELÓNA
195 KR. KG
RAUÐ VATNSMELÓNA
BÓNUS KLETTASALAT
298 KR. 75G
KLETTASALAT 75G
195 KR. KG
PERUR Í LAUSU
195 KR. KG
APPELSÍNUR Í LAUSU
279 KR. KG
SÆTAR KARTÖFLUR
Graslaukur
Mynta
Basilika
Koriander
498 KR. 50 G
FERSKAR KRYDDJURTIR 50G
298 KR. 1 KG.
VALDAR DANSKAR GULRÆTUR
BERRY MIX
498 KR. 1 KG
EUROSHOPPER FROSIN BERJABLANDA I KG.
NÚ ER SVO AUÐVELT AÐ GERA GÓÐA HEILSU-DRYKKI HEIMA
jordbær
STRAWBERRRIES JORDGUBBAR
1200 g
498 KR. 1,2 KG
FROSIN JARÐARBER 1.2 KG.
Mango
498 KR. 1 KG
FROSNIR MANGÓBITAR I KG.
Ananas
498 KR. 1 KG
FROSNIR ANANASBITAR I KG.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# sport

sport@frettabladid.is



**FH** getur í kvöld tryggt sér sæti í lokaúrslitum N1-deildar karla með sigri á Akureyri norðan heiða í kvöld. Leikurinn hefst klukkan 19.00.



**ÓSVIKINN FÖGNUÐUR** Frank Lampard fagnar jöfnunarmarki Fernando Torres á Nou Camp í gær. NORDICPHOTOS/GETTY

# Kraftaverkið á Nývangi

**Chelsea tryggði sér í gær sæti í úrslitaleik Meistaradeildar Evrópu eftir ótrúlegan leik í Barcelona í gær. Chelsea vann samanlagðan 3-2 sigur þrátt fyrir að hafa verið um tíma tveimur mörkum undir og manni færri á heimavelli Barcelona.**

**FÓTBOLTI** Þegar Barcelona komst 2-0 yfir gegn Chelsea í lok fyrri hálfleiks í síðari viðureign liðanna í undanúrslitum Meistaradeildarinnar í gær reiknuðu sjálfsagt flestir með því að það væri borin von fyrir þá ensku að koma sér aftur inn í leikinn, hvað þá að gera nóg til að tryggja sér sæti í úrslitaleik keppninnar. Ekki síst þar sem þeir voru manni færri eftir að hafa misst fyrirliðann John Terry af velli með rautt spjald.

En kraftaverkin gerast enn og eitt slíkt átti sér svo sannarlega stað á Nývangi, hinum gríðarsterka heimavelli Barcelona í gær. Þegar dómari leiksins flautaði leikinn af var staðan 2-2 og leikmenn Chelsea fögnuðu sem óðir væru.

Sergio Busquets og Andrés Iniesta komu Barcelona yfir í fyrri hálfleik en á milli markanna fékk Terry beint rautt spjald fyrir að reka hnéð í Alexis Sanchez, leikmann Barcelona. Þá virtist öllu lokið.

En þá gerðu leikmenn Barcelona sig seka um skelfileg mistök. Þeir sváfu á verðinum á meðan Chelsea brunaði í skyndisókn sem lauk með því að Brasilíumaðurinn Ramires komst einn gegn Victor Valdes í markinu. Hann skoraði með glæsilegri vippu og gaf stuðningsmönnum Chelsea vonarglætu rétt áður en leikmenn gengu til búningsklefa.

Seinni hálfleikur hófst svo á því að Barcelona fékk vítaspyrnu. Lionel Messi, einum mesta markahróki sögunnar, hefur þrátt fyrir öll sín afrek aldrei tekist að skora gegn Chelsea og það breyttist ekki í gær. Hann steig á vítapunktinn og þrumaði knettinum í slána.

Eftir þetta sóttu Börsungar nánast látlaust gegn tíu mönnum Chelsea sem stilltu þéttum varnarmúr í kringum eigin vítateig. Heimamenn röðuðu sér utan við varnarlínuna og reyndu hvað þeir gátu að troða boltanum í gegn. Minnti seinni hálfleikurinn helst á eina afar langa handboltasókn.

Alexis Sanchez kom þó boltanum í markið en það var dæmt af vegna rangstöðu. Messi átti líka skot í stöng. En ekkert gekk og þegar varamaðurinn Fernando Torres skoraði í uppbótartíma var endanlega búið að máta heimamenn.

„Við trúðum á þetta,“ sagði Ashley Cole eftir leikinn. „Ekki margir höfðu trú á okkur en við gerðum það. Það jafnast ekkert á við þann baráttuvilja sem við sýndum í kvöld.“

Fórnarkostnaðurinn fyrir Chelsea er þó að fjórir leikmenn, John Terry, Branislav Ivanovic, Raul Meireles og Ramires, verða allir í banni í úrslitaleiknum 19. maí í München í Þýskalandi.

eirikur@frettabladid.is


12th European Clubhouse Conference
28 April – 1 May 2012 Reykjavik, Iceland

Klúbburinn Geysir er gestgjafi á 12. Evrópuráðstefnu Klúbbhúsa. Klúbburinn Geysir er rekinn samkvæmt hugmyndafræði Fountain House (www.iccd.org) þar sem fólki með geðraskanir býðst uppbygging til að taka þátt í samfélaginu að nýju.

Ráðstefnan á erindi við alla sem láta sig geðheilbrigði varða.

Dagskrá

**Sunnudagur 29. apríl**

9:00 – 10:30 Opnunarathöfn

11:00 – 12:30 Vinnustofur

A1: Áskoranir fyrir ný klúbbhús
A2: Ungt fólk í klúbbhúsum
A3: Þróun þýðingarmikilla starfa - mikilvægi vinnumiðaðs dags
A4: Til hvers eru klúbbhús?
A5: Heimsókn í Geysi

14:00 – 15:00 Framsöguræður: Samfélagsgeðlækningar

15:30 – 17:00 Vinnustofur

B1 - B2: Aðalfundur Evrópusamtaka klúbbhúsa
B3: Bati í klúbbhúsum – félagar segja frá
B4: Sköpun, heilsa og vellíðan

**Mánudagur 30. apríl**

09:00 - 10:30 Framsöguræður: Bati í ýmsum formum

11:00 - 12:30 Vinnustofur

C1: Tengslanet klúbbhúsa og bestu vinnuaðferðir
C2: Hvatning starfsfólks
C3: Klúbbhúsaþjálfun í Evrópu
C4: Klúbbhús sem virtir þátttakendur í samfélaginu og góðir grannar

14:00 - 15:00 Framsöguræður: Atvinnutækifæri

15:30 - 17:00 Vinnustofur

D1: Hlutverk félaga og starfsmanna í klúbbhúsum
D2: RTR störf (Ráðning til Reynslu)
D3: Samstarf milli klúbbhúsa og vinnumarkaðarins
D4: Fjáröflun klúbbhúsa

20:00 - 24:00 Galakvöldverður og dansleikur

**Þriðjudagur 1. maí**

09:00 - 10:30 Framsöguræður: Í brennidepli

11:00 - 12:00 Kveðjustund

Skráning á ráðstefnuna er á conference@kgeysir.is
Síðasti skráningardagur er fimmtudagur 26. apríl
Fullt verð (án gistingar): 42.000
Einn dagur: 17.600
Hálfur dagur: 9.900

Klúbburinn GEYSIR
www.kgeysir.is



Landsins mesta úrval af lífrænum vörum



Afsláttardagur
10% afsláttur af öllum vörum

Rauðarárstígur 10
105 Reykjavík
Sími: 562 4082
www.yggdrasill.is

Verslunin er staðsett við hliðina á Hlemm. Það er tilvalið að gera stórinnkaupin á afsláttardeginum.

Yggdrasill



**ÞORGERÐUR ANNA** Skoraði ellefu mörk fyrir Val í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Valur mætir Fram í úrslitum:

# Sextán marka sigur Vals

**HANDBOLTI Valur tryggði sér auðveldlega sæti í úrslitum N1 deildar kvenna þegar liðið gjörsigraði Stjörnuna 39-23 í þriðja leik liðanna. Valur vann einvígið 3-0.**

Það var ljóst hvert stefndi strax á upphafsmínútum leiksins. Valur skoraði sex fyrstu mörk leiksins á tíu fyrstu mínútum leiksins og jók forskotið jafnt og þétt en alls munaði fjórtán mörkum á liðunum í hálfleik, 20-6.

Þorgerður Anna Atladóttir fór mikinn og skoraði níu mörk í fyrri hálfleik og ellefu mörk alls og viðurkenndi að mótstaðan í leiknum hefði verið í lágmarki.

„Þetta var eiginlega bara létt. Þjálfarinn þeirra var búinn að gefa það út að þær ættu ekki séns og ég verð að segja að það eru mjög óvideigandi skilaboð til þeirra leikmanna. Þær koma með hálfum huga inn í þennan leik og þetta kveikti enn frekar í okkur. Við ætluðum að klára þetta með stæl eins og við gerðum," sagði Þorgerður Anna. - gmi

## ÚRSLIT

### *N1-deild kvenna*

**UNDANÚRSLIT, 3. LEIKUR**

**Valur - Stjarnan 39-23 (20-6)**

**Mörk Vals (skot)**: Þorgerður Anna Atladóttir 11 (14), Anna Úrsúla Guðmundsdóttir 10/4 (10/4), Dagný Skúladóttir 3 (3), Þórunn Friðriksdóttir 3 (3), Ragnhildur Rósa Guðmundsdóttir 3/1 (8/1), Hildur M. Andrésdóttir 2 (2), Aðalheiður Hreinsdóttir 2 (3), Hrafnhildur Ósk Skúladóttir 2 (3/1), Rebekka Skúladóttir 1 (2), Ágústa E. Björnsdóttir 1 (3), Kristín Guðmundsdóttir 1 (4/1),
**Varin skot**: G. Jenný Ásmundsdóttir 16/1 (30/2, 53%), Sigríður A. Ólafsdóttir 7/1 (16/2, 44%),
**Hraðaupphlaup**: 9 (Þórunn 3, Þorgerður 2, Anna Úrsúla 1, Dagný 1, Hildur 1, Hrafnhildur 1)
**Fiskuð víti**: 7 (Anna 3, Hildur 1, Aðalheiður 1, Rebekka 1, Kristín 1)
**Utan vallar**: 0 mínútur.
**Mörk Stjörnunnar (skot)**: Jóna M. Ragnarsdóttir 10/1 (19/2), Alina Tamasan 3 (5), Sandra Sif Sigurjónsdóttir 2 (4), Esther Viktoría Ragnarsdóttir 2/1 (4/1), Hanna Guðrún Stefánsdóttir 2 (6/1), Helena Rut Örvarsdóttir 1 (2), Arna Dýrfjörð 1 (2), Hildur Harðardóttir 1 (5), Rut Steinsen 1 (8), Brynja Rut Blöndal (1), Þórhildur Gunnarsdóttir (1), Guðrún Hrefna Guðjónsdóttir (2),
**Varin skot**: Helga Dóra Magnúsdóttir 12/1 (48/6, 25%), Kristín Ósk Sævarsdóttir 2 (5, 40%),
**Hraðaupphlaup**: 4 (Tamasan 1, Hanna Guðrún 2, Helena Rut 1)
**Fiskuð víti**: 4 (Sandra 2, Esther 1, Guðrún 1,)
**Utan vallar**: 4 mínútur.
**Dómarar**: Anton Gylfi Pálsson og Hlynur Leifsson.
*Valur vann einvígið, 3-0.*

### *Meistaradeild Evrópu*

**UNDANÚRSLIT, SEINNI LEIKUR**

**Barcelona - Chelsea 2-2**

1-0 Sergio Busquets (34.), 2-0 Andrés Iniesta (42.), 2-1 Ramires (45.), 2-2 Fernando Torres (90.).
*Chelsea vann samanlagt, 3-2.*

### *Enska úrvalsdeildin*

**Aston Villa - Bolton 1-2**

1-0 Stephen Warnock (60.), 1-1 Martin Petrov, víti (61.), 1-2 David Ngog (62.). Grétar Rafn Steinsson spilaði allan leikinn í liði Bolton sem er í átjánda sæti deildarinnar, einu stigi frá öruggu sæti. Aston villa er í fjórtánda sæti.


Opnir málfundir...
...um vísinda- og nýsköpunarkerfið

Efnt er til tveggja funda um tillögur að einföldun á vísinda- og nýsköpunarkerfinu í Norræna húsinu fimmtudagana 26. apríl og 3. maí



Fimmtudaginn 26. apríl kl. 15-17
í Norræna húsinu. Kaffiveitingar frá kl. 14:30

Tillögur um einföldun stofnana og háskóla

Inngangserindi:
Guðrún Nordal, formaður vísindanefndar Vísinda- og tækniráðs
Árni Snorrason, forstjóri Veðurstofu Íslands
Sigríður Ólafsdóttir, SÓL ráðgjöf
Jón Hilmar Jónsson, rannsóknaprófessor Stofnun Árna Magnússonar
Sólveig Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri ReykjavíkurAkademíunnar
Áslaug Helgadóttir, prófessor Landbúnaðarháskóla Íslands

Umræður

Fundarstjóri: Pétur Reimarsson, varaformaður tækninefndar Vísinda- og tækniráðs

VÍSINDA- OG TÆKNIRÁÐ
www.vt.is

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun



víb

Einhliða upptaka – raunhæf lausn á gjaldmiðlakreppunni?

Fylgstu með fundi VÍB föstudaginn 27. apríl kl. 8.15-10.00 á vib.is.



Manuel Hinds hagfræðingur og fyrrverandi fjármálaráðherra El Salvador fjallar um kosti og galla einhliða upptöku gjaldmiðils.

Á fundinum mun Manuel Hinds fjalla um kosti og galla einhliða upptöku gjaldmiðils og hvort hún gæti verið lausnin á gjaldmiðlakreppu Íslendinga. Manuel Hinds var helsti ráðgjafi forseta El Salvador þegar landið tók dollar upp einhliða 2000-2001. Að loknu erindi Hinds verða umræður og í pallborði verða:

- Þórarinn G. Pétursson
  aðalhagfræðingur Seðlabanka Íslands
- Heiðar Guðjónsson
  hagfræðingur og fjárfestir
- Ingólfur Hreiðar Bender
  forstöðumaður Greiningar Íslandsbanka

Fundarstjóri verður Hrafn Árnason, forstöðumaður Stýringar eigna hjá VÍB.

Nánari upplýsingar í síma 440 4900

Á vib.is má fylgjast með fundinum í beinni útsendingu eða horfa á upptöku af honum síðar.

Víb er eignastýringarþjónusta Íslandsbanka

Íslandsbanki | Kirkjusandi | 155 Reykjavík | Sími 440 4900 | vib@vib.is | www.vib.is

> **Stöð 2 kl. 20.35**

**Hannað fyrir Ísland**

***Nú er virkilega farið að gæta spennu meðal keppenda, enda eru bara fjórir hönnuðir eftir. Verkefni helgarinnar er útivistarfatnaður, skel, sem tekur venjulega hönnuði vanalega marga mánuði að hanna. Hönnuðirnir fara í ísklifur og útilegu, enda mikilvægt að finna hvað skiptir máli í slíkum aðstæðum.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ ÁLFRÚN PÁLSDÓTTIR EYÐILEGGUR MEÐ OFSPILUN

# *Martröð plötusnúðsins*

Litla systir mín hefur ítrekað bent mér á að ég eyðileggi öll góð lög með ofspilun. Finnist mér eitthvert lag gott, spila ég það endurtekið þangað til ég fæ ógeð.

Ég á stóran þátt í góðum spilunartölum laganna Reykjavík með Sykri, Myth með Beach House og Qween með Retro Stefson á YouTube. Nú hef ég hins vegar fengið nóg af þeim, í bili, og leita að nýjum fórnarlömbum. Tenderloin með íslensku sveitinni Tilbury og Lazuli með Beach House eru líklegir kandídatar.

Þessi ofspilun hefur greinilega líka áhrif á mína nánustu. Ég er til dæmis martröð plötusnúðsins, bið alltaf um sama lagið. Já, stundum oftar en einu sinni. Ég á það til að einoka græjurnar í partýum líka, allt til að spila uppáhaldslagið þá stundina aftur og aftur.

Ég kenni myndbandasíðunni Youtube um ávanann. Í vinnunni stilli ég gjarna á Youtube. Já, ég hef hlustað á sama lagið heilan vinnudag. Án þess að blikna. Eftir að ég uppgötvaði íslensku tónlistarsíðuna Gogoyoko hafa málin hins vegar breyst til batnaðar. Þar get ég fundið mér plötu, án þess að þurfa að hlaða niður, kaupa eða eitthvað álíka vesen sem er mér ofviða, og hlustað. Nú hef ég hlustað á alla plötuna með Sykri (hún er góð) og Ep-plötuna með Samaris (líka góð). Ofspilun mín á einu lagi er því á undanhaldi og mér verður vonandi boðið aftur í partý í bráð.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Tríó **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Á upplýsingaöld **14.00** Fréttir **14.03** Gullfiskurinn **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Draumar á jörðu **15.25** Skorningar **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **17.00** Fréttir **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Skáld í útlegð **21.10** Út um græna grundu **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Bak við stjörnurnar **23.05** Flakk **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**15.25 Sterkasta kona Íslands** (e) Samantekt frá keppninni um sterkustu konu Íslands sem fram fór í Hörpu 5. nóvember síðastliðinn.
**15.55 Djöflaeyjan** (e)
**16.40 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.25 Í mat hjá mömmu** (6:6) (Friday Night Dinner) (e)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Disneystundin**
**18.01 Finnbogi og Felix**
**18.23 Sígildar teiknimyndir**
**18.30 Gló magnaða**
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Úrslitakeppnin í handbolta** BEINT frá seinni hálfleik fjórða leiks karlaliða Akureyrar og FH.
**20:35 AK Extreme** Stutt heimildarmynd um snjóbrettamótið AK Extreme sem fór fram á Akureyri helgina eftir páska.
**21.05 Kiljan** Bókaþáttur í umsjón Egils Helgasonar.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Friður eða réttlæti** (Peace vs. Justice) Hollensk heimildarmynd um Joseph Kony leiðtoga Andspyrnuhers drottins, LRA, í Úganda og Stríðsglæpadómstólinn.
**23.15 Landinn** (e)
**23.45 Fréttir**
**23.55 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 Full of It**
**10.00 Run Fatboy Run**
**12.00 Gosi**
**14.00 Full of It**
**16.00 Run Fatboy Run**
**18.00 Gosi**
**20.00 Ripley Under Ground**
**22.00 Inglourious Basterds**
**00.30 Severance**
**02.05 Bug**
**04.00 Inglourious Basterds**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors** (133:175)
**10.15 60 mínútur**
**11.00 Perfect Couples** (1:13)
**11.25 Til Death** (8:18)
**11.50 Pretty Little Liars** (17:22)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Mike & Molly** (4:24)
**13.25 The F Word** (2:9)
**14.15 Ghost Whisperer** (15:22)
**15.05 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 The Simpsons**
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Malcolm In the Middle** (19:22)
**19.45 Better With You** (15:22)
**20.10 New Girl** (11:24)
**20.35 Hannað fyrir Ísland** (6:7)
**21.20 Grey's Anatomy** (19:24) Áttunda sería þessa vinsæla dramaþáttar sem gerist á skurðstofu á Grace-spítalanum í Seattle-borg þar sem starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar.
**22.05 Gossip Girl** (12:24)
**22.50 Pushing Daisies** (10:13) Önnur sería þessara stórskemmtilegu og frumlegu þátta. Við höldum áfram að fylgjast með Ned og hans yfirnáttúrulegu hæfileikum, en hann er smám saman að læra á þennan meðfædda eiginleika, að geta lífgað við látnar manneskjur.
**23.35 Mið-Ísland** (5:8)
**00.05 Alcatraz** (11:13)
**00.50 NCIS: Los Angeles** (17:24)
**01.35 Rescue Me** (9:22)
**02.20 Journey to the End of the Night**
**03.45 Chase** (2:18)
**04.30 Grey's Anatomy** (19:24)
**05.15 New Girl** (11:24)
**05.40 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Þorsteinn J. og gestir**
**15.55 Meistaradeild Evrópu: Barcelona - Chelsea**
**17.40 Þorsteinn J. og gestir: meistaramörk**
**18.00 Þorsteinn J. og gestir: upphitun**
**18.30 Meistaradeild Evrópu: Real Madrid - Bayern München** BEINT
**20.45 Þorsteinn J. og gestir: meistaramörk**
**21.05 Evrópudeildarmörkin**
**21.35 Meistaradeild Evrópu: Real Madrid - Bayern München**
**23.25 Þorsteinn J. og gestir**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Aston Villa - Bolton**
**14.40 Wolves - Man. City**
**16.30 Fulham - Wigan**
**18.20 Blackburn - Norwich**
**20.10 Premier League Review 2011/12**
**21.05 Sunnudagsmessan**
**22.25 Football League Show**
**22.55 Arsenal - Chelsea**

## EXTRA

**06.15 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**
**19.00 The Doctors** (99:175)
**19.40 American Dad** (15:18)
**20.05 The Cleveland Show** (8:21)
**20.30 Mið-Ísland** (5:8)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 How I Met Your Mother** (3:24)
**22.15 Two and a Half Men** (9:24)
**22.40 White Collar** (8:16)
**23.25 Burn Notice** (15:20)
**00.10 The Daily Show: Global Edition**
**00.35 Malcolm In the Middle** (19:22)
**01.00 Better With You** (15:22)
**01.25 American Dad** (15:18)
**01.50 The Cleveland Show** (8:21)
**02.15 The Doctors** (99:175)
**02.55 Fréttir Stöðvar 2**
**03.45 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Dynasty** (20:22) (e)
**09.30 Pepsi MAX tónlist**
**12.00 The Jonathan Ross Show** (e)
**12.50 Pepsi MAX tónlist**
**15.50 Girlfriends** (5:13) (e)
**16.10 Solsidan** (1:10) (e)
**16.35 Hæfileikakeppni Íslands**(4:6)(e)
**17.25 Dr. Phil**
**18.10 Mobbed** (4:11) (e)
**19.00 America's Funniest Home Videos** (e)
**19.25 Rules of Engagement** (12:26) (e)
**19.45 Will & Grace** (19:24) (e)
**20.10 Britain's Next Top Model** (7:14) Stúlkurnar fá að spreyta sig á leiklistinni þegar þær fá að taka þátt í upptökum á sjónvarpsþáttunum Hollyoaks og ein þeirra djammar full stíft með leikurum þáttanna.
**20.55 The Firm** (9:22) Mitch er ráðinn af háttsettum hermanni til að hafa uppi á syni hans, hvort sem hann er lífs eða liðinn.
**21.45 Law & Order UK** (8:13) Knattspyrnumaður er myrtur úti á götu og í fyrstu er talið að sökudólgurinn hafi ekki verið kunnugur fórnarlambinu en síðar kemur hið sanna í ljós.
**22.30 Jimmy Kimmel** Húmoristinn Jimmy Kimmel hefur staðið vaktina í spjallþættinum Jimmy Kimmel Live! frá árinu 2003.
**23.15 Hawaii Five-0** (12:22) (e)
**00.05 Californication** (6:12) (e)
**00.35 The Walking Dead** (12:13) (e)
**01.25 The Firm** (9:22) (e)
**02.15 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **08.10** Valero Texas Open 2012 (3:4) **11.10** Golfing World **12.00** Golfing World **12.50** Valero Texas Open 2012 (3:4) **15.45** Ryder Cup Official Film 1997 **18.00** Golfing World **18.50** Inside the PGA Tour (16:45) **19.20** LPGA Highlights (7:20) **20.40** Champions Tour - Highlights (7:25) **21.35** Inside the PGA Tour (17:45) **22.00** Golfing World **22.50** PGA Tour - Highlights (15:45) **23.45** ESPN America

## N4

**18.00** Að norðan **18.30** Áttavitinn Suðurland

## BBC entertainment

**06.15** Come Dine With Me **06.55** My Family **08.25** The Inspector Lynley Mysteries **09.55** Deal or No Deal **10.30** EastEnders **11.00** Come Dine With Me **11.50** My Family **14.45** QI Children in Need Special **15.15** QI **15.45** Top Gear **16.40** The Graham Norton Show **17.20** Come Dine With Me **18.15** QI Children in Need Special **18.45** QI **19.15** The Graham Norton Show **20.00** QI **20.30** Shooting Stars **21.00** Peep Show **21.30** Live at the Apollo **22.15** My Family **23.15** The Graham Norton Show **00.00** Shooting Stars

## DR 1

**12.30** Bonderøven **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Lægerne **14.00** Kasper & Lise **14.10** Timmy-tid **14.20** Hvem lagde lorten? **14.25** Skæg med bogstaver **14.45** Sprutte-Patruljen **15.00** Himmelblå **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Annemad **16.30** TV Avisen med Sport **17.05** Aftenshowet **18.00** Kender du typen **18.30** Restaurant bag tremmer **19.00** TV Avisen **19.25** Penge **19.50** SportNyt **20.00** Kidnappet **20.40** Pacific Paradise Police **21.25** Onsdags Lotto **21.30** Nye hvide verden **22.00** Lægerne

## NRK1

**06.30** 22. juli-rettssaken **07.30** Morgennytt **08.00** 22. juli-rettssaken **15.00** NRK nyheter **15.15** Ut i naturen **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Tegnspråknytt **16.00** Førkveld **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.45** Dronningens palasser **18.35** Glimt av Norge **18.45** Vikinglotto **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.40** Lov og orden. London **20.30** Migrapolis **21.00** Kveldsnytt **21.15** Kalde føtter **22.05** Borgen **23.00** Dronningens palasser **23.50** Lov og orden; London

## svt1

**12.15** Skinnskatteberg **12.45** Cimarron Strip **14.00** Rapport **14.30** Från Lark Rise till Candleford **15.30** Sverige idag **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport **18.00** Uppdrag Granskning **19.00** Svenska dialektmysterier **19.30** Kobra **20.00** Game of Thrones **20.50** Tv-cirkeln. Game of thrones **21.05** Rapport **21.10** Kulturnyheterna **21.15** Malmöpolisen **22.15** Dox **23.10** Jag är hellre i skolan än hemma **23.15** Rapport

## ÍNN

**20.00** Björn Bjarnason **20.30** Tölvur tækni og vísindi **21.00** Fiskikóngurinn **21.30** Bubbi og Lobbi

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 95,7 FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 100,5 Kaninn | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |


ENNEMM / SÍA / NM51843

Stöð2 Frelsi á 0 krónur í Sjónvarpi Símans

Yttu á VOD takkann á fjarstýringunni og horfðu á Game of Thrones, Mið-Ísland, American Idol og fleiri frábæra þætti án endurgjalds á Stöð2 Frelsi í Sjónvarpi Símans.

Magnaðir miðvikudagar með Símanum.




Síminn



Í
Hörpu
17. júní
2012
HELGI BJÖRNS
SYNGUR
ÍSLENSKAR
DÆGURPERLUR
EIVÖR
RAGNHILDUR GÍSLA
SIGRÍÐUR THORLACIUS
KK
JÓN JÓNSSON
JOHN GRANT
VALDIMAR
Útsetningar: Samúel J. Samúelsson + Kynnir: Ragnar Kjartansson
Miðasala hefst miðvikudaginn 25. apríl á harpa.is

## GOTT Á GRILLIÐ



*„Ég er frekar mikill nautakjötsmaður og fæ mér oft Rib eye eða Entrecote. Góð steik, bökuð kartafla og hrásalat er helvíti góður pakki. Að sjálfsögðu er algjört möst að fá sér gott rauðvín með.“*

Ásgeir Kolbeinsson athafnamaður.

# Sigur Rós tilbúin með aðra plötu

Hljómsveitin Sigur Rós er með aðra plötu í undirbúningi sem mun fylgja eftir Valtara sem kemur út 28. maí.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er þessi óvænta plata þegar tilbúin og lítur hún dagsins ljós á næsta ári. Hún mun vera gjörólík hinni rólegu og innhverfu Valtara. Svo virðist því sem tíminn sem hefur liðið síðan Með suð í eyrunum við spilum endalaust kom út 2008 hafi haft sérlega góð áhrif á sköpunargáfu Sigur Rósar.

Hljómsveitin er þessa dagana stödd í Bretlandi þar sem hún kynnir Valtara fyrir þarlendum fjölmiðlum. Sveitin spilar á fjölda tónlistarhátíða víða um heim í sumar. Þar fyrir utan spilar hún á níu tónleikum ein á báti og er uppselt á alla nema eina.

Sigur Rós byrjar tónleikaferðalag sitt í Fíladelfíu í Bandaríkjunum 30. júlí. Eftir tveggja vikna spilamennsku vestanhafs er förinni heitið á japönsku hátíðina Summer Sonic. Að henni lokinni tekur við ferðalag um Evrópu. Ekkert hefur verið ákveðið um tónleika hér landi. **- fb**



**SIGUR RÓS** Hljómsveitin er, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins, þegar tilbúin með aðra plötu.

*Ný vitneskja:* Foredrag: Christof Leuze

Andlát og handanheimar - Hvers vegna sálin á sér framhaldslíf

26 apríl 2012 – kl 20:00

Radisson Blu Saga Hotel v/Hagatorg, 107 Reykjavík

*Erindið verður flutt á ensku.*

Aðgangseyrir 500 kr. | Skipuleggjandi: Christof.Leuze@leuze.de



**DANSINN Í FORGRUNNI** Katrín Hall segir þættina Dans Dans Dans hafa haft mjög jákvæð áhrif á dansíþróttina í heild sinni en verið er að undirbúa aðra þáttaröð af dansþættinum í haust. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

SIGRÚN STEFÁNSDÓTTIR: DANS DANS DANS AFTUR Í LOFTIÐ Í HAUST

# Dansæðið heldur áfram

„Það er fullur vilji í okkar herbúðum að setja Dans Dans Dans aftur í loftið með haustinu,“ segir Sigrún Stefánsdóttir, dagskrárstjóri Ríkissjónvarpsins, sem er þessa dagana að ganga frá samningum við framleiðslufyrirtækið Saga Film um aðra seríu af raunveruleikaþættinum Dans Dans Dans.

Að þessu sinni segir Sigrún að stefnan sé tekin á að gera fleiri þætti en síðast og leyfa áhorfendum að kynnast keppendum betur. Hún á von á því að Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir verði kynnir á nýjan leik. „Hún stóð sig mjög vel í þáttunum og svo er mikill áhugi okkar megin á að hafa sömu dómara og síðast,“ segir Sigrún en auk Katrínar skipuðu þau Gunnar Helgason og Karen Björk Björgvinsdóttir dómnefnd þáttana.

Áhorfendur tóku dansþáttunum vel síðastliðið haust og óhætt er að

> Núna er búið að prófa þetta einu sinni og ég trúi ekki öðru en að margir bíði spenntir eftir að taka þátt og að áhuginn fari vaxandi með árunum.

segja að ákveðið dansæði hafi gripið þjóðina. Forsvarsmenn þeirra dansskóla sem Fréttablaðið hafði samband við voru sammála um að áhuginn á dansíþróttinni hafi aukist til muna í kjölfar þáttanna. Einkum virðast strákarnir vera að taka við sér og sækja þeir þá helst í breikdansinn.

Katrín Hall, listrænn stjórnandi Íslenska dansflokksins og einn af dómurum þáttana, tekur undir það. „Þættirnir eru gríðarleg lyftistöng fyrir danssamfélagið í heild sinni og það má segja að þeir hafi svipt hulunni af því listformi sem dansinn er og hvað við eigum mikið af flottum dönsurum,“ segir Katrín og bætir við að hún skynji aukinn áhuga á dansi í kjölfar þáttanna. „Við eigum líklega eftir að sjá þessi markvissu áhrif þegar til lengri tíma er litið en það er mín tilfinning að fleiri áhorfendur fari nú á sýningar dansflokksins.“

Sigrún á von á því að þættirnir fari í loftið í september og hefjast þá áheyrendaprufur nokkru fyrir þann tíma. Katrín Hall á von á því að mikil fjölgun verði á umsækjendum í ár. „Núna er búið að prófa þetta einu sinni og ég trúi ekki öðru en að margir bíði spenntir eftir að taka þátt og að áhuginn fari vaxandi með árunum.“

Sigurvegari síðasta þáttar var Berglind Ýr Karlsdóttir en danshópurinn Area of Stylez lenti í öðru sæti. **alfrun@frettabladid.is**




# Ætlar ekki að brýna hnífana

„Ég þarf ekki að taka mig mjög hátíðlega því ég held að ég sé meira hugsaður sem skrautfjöður að þessu sinni,“ segir tónlistarmaðurinn Bubbi Morthens, sem sest í dómarasætið á nýjan leik á úrslitakvöldi Hæfileikakeppni Íslands í maí.

Bubbi er alls ekki ókunnur dómarastarfinu og fór mikinn, bæði sem dómari í íslensku Idol-keppninni og í raunveruleikaþættinum Bandinu hans Bubba. Bubbi kveðst vera aðdáandi sjónvarpsefnis á borð við þetta, en úrslitakvöldið verður í beinni útsendingu á Skjá einum 4. maí. „Þetta er skemmtilegt form og svona fjölskylduefni. Það er gaman að því,“ segir Bubbi sem hefur aðeins verið að horfa á undanfarna þætti til að búa sig undir hlutverkið. Hann ætlar að fara mjúkum höndum um keppendur, en þó vera hreinskilinn eins og honum einum er lagið.

„Það er engin ástæða til að brýna hnífana enda er þetta úrslitaþátturinn og þessir krakkar búnir að sýna sig og sanna. Dómarnefndin er líka extra jákvæð í þessum þætti að mínu mati.“

Þegar Fréttablaðið náði tali af Bubba var hann að fagna útgáfu plötunnar Þorpið, en hún kom út í gær. Platan er 27. sólóplata hans, en Bubbi stefnir á halda útgáfutónleika í júní. „Þetta er lífræn plata, tekin upp í beinni með öllum hljóðfærum. Hún kallast á við plöturnar Lífið er ljúft og Sögur af landi en ég hef ekki gert plötu á borð við þessa í langan tíma,“ segir Bubbi, en ásamt honum á plötunni er sveitin Sólskuggarnir með Kristjönu Stefánsdóttur. **- áp**



**NÝ PLATA KOMIN ÚT** Bubbi Morthens er gestadómari á úrslitakvöldi Hæfileikakeppni Íslands en hann gaf út sína 27. sólóplötu í gær, Þorpið. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



General Mills
Cheerios
Morgunkorn úr heilum próteinríkum höfrum
397g (14oz)
Cheerios – 2 skálar
Djús – 1 glas
Banani – 1/2
Vatn – 3 glös

